



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**Hlutverk og völd,
almennar siðferðisreglur**

*Þáttur íslenskra fjölmiðla í hruni bankanna haustið 2008
og siðferðileg ábyrgð þeirra*

Ritgerð til M.A.-prófs

Grétar Júníus Guðmundsson

Júní 2011

Háskóli Íslands
Sagnfræði- og heimspekideild

Hagnýt siðfræði

Hlutverk og völd, almennar siðferðisreglur

*Þáttur íslenskra fjölmiðla í hruni bankanna haustið 2008
og siðferðileg ábyrgð þeirra*

Ritgerð til M.A.-prófs

Grétar Júníus Guðmundsson

Kt.: 250453-7440

Leiðbeinandi: dr. Róbert H. Haraldsson

Maí 2011

Any writer or journalist who wants to retain his integrity finds himself thwarted by the general drift of society rather than by active persecution.

George Orwell
1946

Ágrip

Fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í nútímaþjóðfélögum. Þeirra hlutverk er að veita borgurunum áreiðanlegar og vandaðar upplýsingar, að vernda þá með gagnrýnu aðhaldi að stjórnvöldum og öðrum, og að skapa forsendur fyrir upplýsta almenna umræðu. Gjarnan er talað um fjölmiðlana sem fjórða valdið í lýðræðisríki, en þó búa þeir ekki yfir formlega skilgreindu valdi. Fjölmiðlunum er þannig ætlað að stuðla að því að treysta lýðræðislega innviði samfélagsins. Ábyrgð og skyldur þeirra eru því miklar og þess vegna eru fjölmiðlar mikilvægir.

Íslenskir fjölmiðlar hafa verið gagnrýndir fyrir að hafa ekki gegnt hlutverki sínu í aðdraganda bankahrunsins í október 2008. Þetta kemur til að mynda fram í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði, sem gerð var opinber í apríl 2010. Í skýrslunni segir að fjölmiðlarnir hafi rækt hlutverk sitt illa í aðdraganda bankahrunsins og jafnframt átt stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs.

Í þessari ritgerð er leitast við að svara spurningunni hver sé siðferðileg ábyrgð fjölmiðlanna í aðdragandanum að hruni bankanna. Skýrsla vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis er útgagnspunktur umfjöllunarinnar um þessi mál, en í henni er bæði vönduð og yfirgripsmikil úttekt á stöðu fjölmiðlanna í aðdraganda bankahrunsins.

Vandaðir og viðurkenndir starfshættir mynda viðmið fyrir siðferðilega greiningu á vinnubrögðum og starfsháttum á fjölmiðlunum. Auk þess verður að taka mið af meginþáttum siðferðisins og þeim grundvallaratriðum sem ávallt mynda kjarna mannlegs siðferðis. Þetta eru þau atriði sem lögð eru til grundvallar í þessari ritgerð. Þau leiða í ljós að ýmislegt var ábótavant í vinnubrögðum og starfsháttum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Helsta niðurstaða mín er því sú að staðfesta meginniðurstöður vinnuhóps um starfshætti og siðferði þótt ég setji spurningar við ýmsar ályktanir hópsins.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
I. Skýrsla vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis	8
1.1 Umgjörð skýrslu vinnuhópsins	8
1.2 Efnistöð í skýrslu vinnuhópsins	9
1.2.1 Rannsóknaraðferð vinnuhópsins varðandi fjölmiðla	10
1.2.2 Rannsóknaraðferð Rannsóknarseturs	11
1.3 Siðferðið	12
1.4 Kenningar í félagslegri sálfræði – Álitsgerð Huldu Þórisdóttur	14
1.5 Niðurstöður og ályktanir vinnuhópsins	16
1.5.1 Hlutverk fjölmiðla	18
1.5.2 Vinnubrögð og aðstæður á fjölmiðlamarkaði	20
1.5.3 Fjölmiðlagreining Rannsóknarseturs	24
1.5.4 Samantekt	26
II. Athugasemdir við skýrslu vinnuhópsins	28
2.1 Athugasemdir við meginniðurstöður vinnuhópsins	29
2.1.1 Upplýsingahlutverk fjölmiðla	29
2.1.2 Gagnrýnið aðhald	36
2.1.3 Mótun og viðhald orðræðu	39
2.2 Athugasemdir við skýringar vinnuhópsins	41
2.2.1 Vinskapur og ósjálfstæði	42
2.2.2 Sjálfsritskoðun fjölmiðlamanna	44
2.2.3 Vanbúnir fjölmiðlar	47
2.2.4 Fréttir, auglýsingar og skemmtiefni	49
2.2.5 Óviljugir embættismenn og sérfræðingar	50
2.2.6 Ófrjór jarðvegur fyrir gagnrýni	51
2.2.7 Sannleikurinn og afstaðan til tungumálsins	52
2.3 Athugasemdir við greinargerð Rannsóknarseturs	57
2.4 Samantekt	60
III. Aðferðir siðfræðinnar	62
3.1 Fræðileg eða verkleg siðfræði	62
3.2 Fræðileg siðfræði – Útlistun kenninga	64
3.3 Verkleg siðfræði - Aðferð vinnuhópsins	65
3.4 Skyldur og ábyrgð starfsstétta	66
IV. Vinnubrögð á fjölmiðlunum	68
4.1 Viðskiptafylgirit dagblaðanna	69

4.1.1	Athugun á viðskiptafylgiritum.....	70
4.2	Ábyrgð á vinnubrögðum á fjölmiðlunum.....	73
4.2.1	Hugtakið ábyrgð.....	74
4.2.2	Ábyrgð einstakra hópa starfsmanna.....	76
4.3	Samantekt.....	77
V.	Þáttur fjölmiðlanna í hruni bankanna.....	79
5.1	Ófullnægjandi vinnubrögð.....	79
5.2	Skýringar á ófullnægjandi vinnubrögðum.....	82
	Lokaorð.....	88
	Heimildaskrá.....	90

Inngangur

Að morgni mánudagsins 29. september 2008 hóf ég vinnudag minn sem blaðamaður á viðskiptaritstjórn *Morgunblaðsins* á því að mæta á fréttamannafund í Seðlabanka Íslands sem hófst klukkan 9:40. Ég var jafn grunlaus og aðrir sem þar voru um hve afdrifaríkur þessi fundur átti eftir að verða. Bankastjórn Seðlabankans ásamt forstjóra Glitnis banka, greindu frá samkomulagi milli ríkisstjórnar Íslands og eigenda Glitnis, að höfðu samráði við Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Samkvæmt því ætlaði ríkissjóður að leggja bankanum til nýtt hlutafé að fjárhæð 600 milljónir evra, sem jafngilti þá um 84 milljörðum íslenskra króna, og eignast þar með 75% hlut í bankanum. Ástæðan var sögð vera þröng lausafjárstaða Glitnis, sem átti ekki fyrir afborgunum af lánum sínum, og miklir erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Hálfum mánuði áður, eða 15. september, höfðu þeir erfiðleikar komið upp á yfirborðið þegar bandaríska fjármálafyrirtækið Lehman Brothers sótti um greiðslustöðvun.

Viku eftir fundinn í Seðlabankanum, mánudaginn 6. október, voru viðskipti með hlutabréf í stærstu bönkum landsins og stærsta sparisjóðnum stöðvuð, og klukkan 16:00 þann dag flutti þáverandi forsætisráðherra fræga ræðu í sjónvarpi þar sem hann bað Guð að blessa Ísland.

Þessi atburðarás var eðlilega mikið reiðarslag fyrir Íslendinga og varð kveikjan að þessari ritgerð. Enda verður að teljast líklegt að flestir ef ekki allir viðskiptafjölmiðlamenn hafi tekið hana sérstaklega nærri sér. Fjölmiðlar höfðu sofið á verðinum og það hlaut að skrifast að minnsta kosti að hluta til á þá sem störfuðu á viðskiptaritstjórnnum þeirra. Samkvæmt netkönnun sem haldið var úti á vef Blaðamannafélags Íslands taldi mikill meirihluti fjölmiðlamanna, sem tóku þátt í henni, að fjölmiðlarnir hefðu ekki staðið sig sem skyldi í aðdraganda bankahrunsins.¹ Líklegt er þó að ýmsir þeirra telji að þeir eigi sér ákveðnar málsbætur, því yfirvofandi hrun bankanna hefði einnig farið framhjá eftirlitsstofnunum og endurskoðendum, sem hefðu átt að þekkja vel til, og einnig flestum öðrum sérfræðingum.

Þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var gerð opinber þann 12. apríl 2010 reið annað reiðarslag yfir suma fjölmiðlamenn að minnsta kosti. Afsakanir á

¹ Blaðamannafélag Íslands, „Allar kannanir.“ <http://www.press.is/konnun/>

slægum vinnubrögðum fjölmiðlamanna vógu ekki þungt í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar, sem falið var að leggja mat á hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði.

Í ritgerðinni er fjallað um þátt fjölmiðlanna í hruni bankanna. Leitast er við að svara þeirri spurningu hver sé siðferðileg ábyrgð fjölmiðlanna og fjölmiðlamanna í aðdragandanum að hruni bankanna. Auk þess sem ég nýti mína eigin reynslu sem viðskiptablaðamaður í tæpan áratug þá vegur skýrsla vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis þungt í ritgerðinni. Eðlilegt er að nýta þá miklu vinnu sem lögð var í skýrslu vinnuhópsins, og því er hún eins konar útgangspunktur sem miðað er við að stórum hluta.

Ritgerðin skiptist í fimm meginkafla. Fyrsti kaflinn er helgaður þeim hluta skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði sem varðar þátt fjölmiðlanna. Gert er grein fyrir umgjörð skýrslunnar og efnistöfum. Þar á meðal eru einnig efnistöf Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti, sem rannsakaði umfjöllun fjölmiðla um íslensk fjármálafyrirtæki á árunum 2006-2008 fyrir vinnuhópinn. Þá er fjallað um siðferðilega nálgun vinnuhópsins á verkefninu og um álitgerð Huldu Þórisdóttur um aðdraganda og orsakir efnahagshrunsins frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði.

Í öðrum kafla eru gagnrýnar athugasemdir mínar við niðurstöður og ályktanir vinnuhópsins og þær skýringar sem hann gefur á niðurstöðum og ályktunum sínum. Jafnframt er í kaflanum gagnrýnin umfjöllun um greinargerð Rannsóknarsetursins.

Aðferðir siðfræðinnar eru teknar fyrir í þriðja kafla ritgerðarinnar. Þar er greint á milli svonefndrar fræðilegrar og verklegrar siðfræði. Siðferðileg greining vinnuhópsins tekur mið af þeirri síðarnefndu. Skyldur og ábyrgð starfsstétta eru henni tengdar og er fjallað um þær í síðasta hluta kaflans.

Yfirskrift fjórða kafla er vinnubrögð á fjölmiðlum. Þar er umfjöllun um viðskiptafylgirit tveggja dagblaða, en um þau er ekkert fjallað í greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti. Markmiðið er að varpa ljósi á umfang og efnistöf viðskiptafylgiritanna. Í annan stað er í þessum kafla fjallað um ábyrgð á vinnubrögðum á fjölmiðlunum og þar á meðal um hugsanlega mismunandi ábyrgð einstakra hópa starfsmanna þeirra.

Í fimmta kafla eru niðurstöður mínar varðandi spurninguna um þátt fjölmiðlanna í hruni bankanna dregnar saman og listað upp hvað hugsanlega fór úrskeiðis og hvaða málsbætur fjölmiðlarnir geta átt.

Í lok ritgerðarinnar er stuttlega farið yfir meginniðurstöður hennar.

I. Skýrsla vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis

1.1 Umgjörð skýrslu vinnuhópsins

Alþingi samþykkti þann 12. desember 2008 frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna í október 2008 og tengdra atburða. Þriggja manna rannsóknarnefnd var skipuð í kjölfarið í samræmi við ákvæði í lögum þar um. Niðurstöður nefndarinnar voru gerðar opinberar þann 12. apríl 2010 og þá lagði hún fram skýrslu í 9 bindum. Markmið skýrslunnar var „að draga upp sem heildstæðasta mynd af aðdragandanum að falli bankanna og leita svara við þeirri spurningu hverjar hafi verið orsakir þess.“² Í lögum um skipan rannsóknarnefndarinnar var jafnframt kveðið á um skipan þriggja manna vinnuhóps „til að leggja mat á hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði.“³

Í bindum 1 til 7 í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er fjallað um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008. Þar eru jafnframt ályktanir nefndarinnar um einstök afmörkuð viðfangsefni sem fjallað er um í einstökum köflum hennar. Skýrsla vinnuhóps um starfshætti og siðferði er í 8. bindi rannsóknarskýrslunnar. Valdir viðaukar eru í 9. bindi skýrslunnar.

Umfjöllun um fjölmiðla í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er í þeim hluta hennar sem unnin var af vinnuhópi um starfshætti og siðferði, þ.e. í 8. bindi skýrslunnar. Önnur umfjöllun er ekki um fjölmiðla í rannsóknarskýrslunni, að öðru leyti en því að í 2. bindi er greint frá lánafyrirgreiðslu til fjölmiðlamanna (bls. 201). Fjölmiðla er ekkert getið í ágrípi af meginniðurstöðum rannsóknarskýrslunnar, sem er í 2. kafla 1. bindis.

Vinnuhópur um starfshætti og siðferði lýsir því með eftirfarandi hætti hvers vegna hópurinn taldi brýnt að kanna sérstaklega þátt fjölmiðla í aðdraganda falls bankanna:

Vinnuhópnum er ætlað að svara þeirri spurningu hvort efnahagshrunið megi að einhverju leyti skýra með starfsháttum og siðferði. Hópurinn telur að þótt siðferði og starfshættir bankamanna hljóti að vera í brennidepli í slíkri rannsókn, sé

² Rannsóknarnefnd Alþingis, „Bindi 1,“ *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010), 29.

³ Sama rit, 21.

óhjákvæmilegt að skýra þá í tengslum við starfshætti í stjórnýslu og hjá eftirlitsstofnunum sem og vinnubrögð og siðferði stjórnmalamanna. Jafnframt taldi hópurinn gagnlegt að setja starfshætti á þessum sviðum í samhengi við hugsunarhátt, orðræðu og verðmætamat í samfélaginu og við aðra þætti þjóðfélagsins, *einkum fjölmiðla* og háskólasamfélagið, sem skipta máli til skýringar á því sem gerðist.⁴ (leturbreyting mín)

Framangreind tilvitnun í skýrslu vinnuhópsins varpar ljósi á að fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu, og því full ástæða til að kanna þátt þeirra í aðdraganda bankahrunsins.

1.2 Efnistöð í skýrslu vinnuhópsins

Skýrsla vinnuhóps um starfshætti og siðferði, þ.e. 8. bindi skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, skiptist í þrjá meginhluta. Auk þess eru tveir viðaukar í skýrslunni sem vinnuhópurinn lét vinna.

Fyrsti hluti skýrslu vinnuhópsins fjallar um fyrirtækjameninguna á Íslandi fyrir fall bankanna, þ.e. viðskiptasiðferði og starfshætti innan bankanna og í samskiptum bankamanna við viðskiptavinina sína og eigendur. Í þessari ritgerð er ekkert fjallað um þessi mál. Í öðrum hlutanum er fjallað um starfshætti hjá eftirlitsstofnunum, í stjórnýslunni og í stjórnmalum og er þar hugað að tengslum stjórnmalá og fjármálastarfsins. Ekki er heldur fjallað um þennan þátt hér. Í þriðja hluta skýrslunnar er leitast við að skýra þá samfélagssýn sem var ríkjandi meðal áhrifamanna í viðskiptalífi og stjórnmalum í aðdraganda bankahrunsins. Hugað er að tengslum fjármálastarfsins við háskóla og fjölmiðla og hvort þau hafi haft áhrif á samfélagslega umræðu.⁵ Í þessum hluta er því umfjöllun vinnuhópsins um þátt fjölmiðla í aðdraganda hruns bankanna, og þar með umfjöllunarefni þessarar ritgerðar.

Vinnuhópurinn leitaði víða fanga til að nálgast verkefni sitt. Farið var yfir fjölmiðlaefni um bankamenn og fjármálastarfsemi, einkum á tveggja ára tímabili fyrir bankahrunið, og margvíslegar skýrslur skoðaðar. Mikið var byggt á gögnum sem rannsóknarnefndin hafði aflað, þar á meðal á skýrslutökum af því fólki sem helst kom við sögu í atburðarásinni, en einnig var kallað eftir upplýsingum. Þá hafði vinnuhópurinn frumkvæði að því að ýmsir voru kallaðir til skýrslutöku hjá

⁴ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir* (Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010), 7-8.

⁵ Sama rit, 8.

rannsóknarnefndinni. Einstakir meðlimir vinnuhópsins áttu einnig formleg viðtöl við nokkra aðila innanlands og utan, sem hópurinn taldi að gætu varpað ljósi á viðfangsefnið. Í skýrslu vinnuhópsins eru nafngreindir níu einstaklingar sem meðlimir vinnuhópsins ræddu við. Þetta eru sérfræðingar við innlenda og erlenda háskóla og erlendir bankamenn. Jafnframt er tekið fram að rætt hafi verið við nokkra fleiri erlenda bankamenn sem hefðu ekki viljað láta nafns síns getið.⁶

Annar viðaukinn sem vinnuhópurinn lét vinna, og sem fylgir skýrslu hópsins, er greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands. Segir í skýrslu vinnuhópsins að þar sé lagt mat á umfjöllun fjölmiðla um íslenskt viðskiptalíf og fjármálafyrirtæki á tímabilinu janúar 2006 til október 2008. Höfundar greinargerðarinnar eru fjórir, þar af eru þrír frá Háskóla Íslands og einn frá Háskólanum á Akureyri. Hinn viðaukinn er álitgerð Huldu Þórisdóttur, doktors í félagslegri sálfræði og lektors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, um bankahrunið frá sjónarhóli kenninga og rannsókna í félagslegri sálfræði.⁷

Aftar í þessari ritgerð er sérstaklega fjallað um greinargerð Rannsóknarsetursins. Rétt er þó að benda á að í greinargerðinni er ekki fjallað um umfjöllun fjölmiðla um íslenskt viðskiptalíf, eins og segir í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar að gert sé. Í greinargerðinni er einungis fjallað um umfjöllun fjölmiðla um banka og fjármálafyrirtæki.

Í álitgerð Huldu Þórisdóttur eru raktar rannsóknarniðurstöður og kenningar úr félagslegri sálfræði og atferlishagfræði sem varpa ljósi á þætti sem kunna að hafa ýtt undir fall íslensku bankanna. Í álitgerðinni er ekki bein umfjöllun um þátt fjölmiðla í hruni bankanna, en þó er á nokkrum stöðum minnst á þá. Hér að aftan er greint frá þeim niðurstöðum í álitgerð Huldu sem ætla má að varpi ljósi á þátt fjölmiðlanna í aðdragandanum að falli bankanna út frá kenningum og rannsóknum í félagslegri sálfræði og atferlishagfræði.

1.2.1 Rannsóknaraðferð vinnuhópsins varðandi fjölmiðla

Umfjöllun um þátt fjölmiðlanna í aðdraganda falls íslensku bankanna í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði er tvíþætt. Í fyrsta lagi fjallar vinnuhópurinn sjálfur um þátt fjölmiðlanna út frá þeim gögnum sem

⁶ Sama rit, 8-9.

⁷ Sama rit, 9.

hópurinn og rannsóknarnefndin aflaði. Þar vege þungt viðtöl sem tekin voru við einstaklinga.⁸ Er í skýrslu vinnuhópsins vitnað í skýrslur sem rannsóknarnefnd Alþingis tók af sjö nafngreindum stjórnendum á fjölmiðlunum. Þá er í skýrslu vinnuhópsins jafnframt vitnað í skrif fjögurra annarra nafngreindra fjölmiðlamanna og eins ónafngreinds, auk þess sem vitnað er í ýmsa aðra aðila sem höfðu tjáð sig um fjölmiðlana í viðtölum eða í skrifum. Hin meginuppistaðan í umfjöllun í skýrslu vinnuhópsins um þátt fjölmiðlanna er, eins og áður sagði, greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands.⁹

1.2.2 Rannsóknaraðferð Rannsóknarseturs

Rannsókn Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti er byggð á gögnum um fjölmiðlaumfjöllun um banka sem fyrirtækið Creditinfo Ísland hefur safnað saman. Í þeim gögnum kemur fram mat starfsmanna Creditinfo á því hvort sú mynd sem dregin er upp af viðkomandi fjármálafyrirtæki sé jákvæð, neikvæð eða hlutlaus. Grein eða frétt er metin jákvæð ef rannsakandi Creditinfo telur að hún skapi jákvætt viðhorf hjá lesendum, hlustendum eða áhorfendum. Að sama skapi er grein eða frétt metin hlutlaus ef ekki eru taldar líkur á að hún auki jákvætt eða neikvætt viðhorf, en neikvæð ef líklegt er talið að viðhorfið yrði á þann veg. Þetta jákvæðni-neikvæðni mat var framkvæmt af starfsfólki Creditinfo á þeim tíma sem viðkomandi fréttir eða greinar birtust og er því ekki undir áhrifum af atburðarás haustsins 2008 og afleiðingum hennar. Alls voru 17.960 fréttir og greinar um fjármálafyrirtæki í safni Creditinfo þegar Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti vann að greinargerð sinni.¹⁰

Til viðbótar við mat starfsmanna Creditinfo á jákvæðni-neikvæðni fréttar af fjármálafyrirtækjum var dregið slembiúrtak 3.637 fréttar þar sem tvö þeirra sem unnu að greinargerð Rannsóknarsetursins, sem bæði hafa reynslu af blaðamennsku, ásamt einum utanaðkomandi blaðamanni og tveimur meistaranemum í blaða- og fréttamennsku, lögðu mat á vinnubrögð viðkomandi fjölmiðla. Við mat á vinnubrögðum var annars vegar metin sjálfstæð efnisöflun og hins vegar greinandi umfjöllun að mati rannsakenda. Sjálfstæð efnisöflun var metin á kvarðanum engin – lítil – nokkur – mikil. Skoðað var hvort eingöngu hefði verið unnið upp úr einni

⁸ Sama rit, 195-211.

⁹ Sama rit, 245-272.

¹⁰ Sama rit, 249-250.

heimild, hvort leitað hefði verið eftir andstæðum sjónarmiðum, þar sem það átti við, og hvort leitað hefði verið álits sérfróðra, þar sem það átti við. Greinandi umfjöllun var einnig metin á kvarðanum engin – lítil – nokkur – mikil. Rannsakendur lögðu mat á hvort fjallað hefði verið um orsök og afleiðingar (af hverju/hvernig/hvað svo) og hvort umfjöllunarefnið hefði verið sett í samhengi, t.d. hvort rakinn var aðdragandi eða bakgrunnur eða hvort notaður var samanburður til að skýra málið. Þá var skoðað hvort spurt hefði verið gagnrýninna spurninga, hvort heimilda hefði verið getið og hvort reynt hefði verið að meta áreiðanleika, trúverðugleika og hagsmuni heimildarinnar sem stuðst var við. Einnig var metið hvort svarað hefði verið þeim spurningum sem vöknudu við lestur fréttarinnar.¹¹

Markmið Rannsóknarsetursins með því að meta sjálfstæða efnisöflun og hins vegar greinandi umfjöllun var að leggja gæðamat á vinnubrögð við vinnslu fréttar um banka og fjármálafyrirtæki. Með því að taka þetta tvennt sem stendur á bak við gæðamatið saman gátu rannsakendur Rannsóknarsetursins búið til mælikvarða á vinnubrögð. Mælikvarðinn er þannig uppbyggður, að frétt fær núll ef engin sjálfstæð efnisöflun er til staðar og umfjöllunin er á engan hátt greinandi. Til að fá sex stig á þessum kvarða þarf sjálfstæð efnisöflun að vera mikil og greinandi efnisöflun sömuleiðis mikil.¹²

Rannsóknarsetrið vann, eins og áður sagði, upplýsingar úr greiningarskýrslum Creditinfo um umfjöllun fjölmiðla um fjármálafyrirtæki frá ársbyrjun 2006 til septemberloka 2008. Á árinu 2006 voru birtar 6.012 fréttir og greinar þar sem fjármálafyrirtækin komu við sögu eða liðlega 16 á dag, 6.473 árið 2007 eða tæplega 18 á dag og 5.475 til loka september 2008 eða 20 fréttir og greinar á dag.¹³

1.3 Siðferðið

Í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði er ekkert minnst á helstu kenningar siðfræðinnar. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að oft sé sagt að erfitt sé að festa hendur á siðferðinu. Flestir kenni þó börnum sínum að rangt sé að meiða, stela og ljúga. „Þessi grundvallaratriði mynda ávallt kjarna mannlegs siðferðis en þau geta tekið á sig flókna mynd í ýmsum aðstæðum lífsins, ekki síst þar

¹¹ Sama rit, 250.

¹² Sama rit, 262.

¹³ Sama rit, 250.

sem um völd og fjármuni er að tefla eins og í stjórnámálum og viðskiptum.¹⁴ Þá segir í skýrslu vinnuhópsins:

Siðfræði er gagnrýnin greining á siðferði og starfsháttum. Siðferði er í grófum dráttum ofið úr fjórum meginþáttum: (i) Verðmætum og gildismati. [...] (ii) Dygdum og löstum einstaklinga. [...] (iii) Siðareglum sem standa vörð um siðferðileg verðmæti og hvetja til góðra verka. [...] (iv) Skyldum og ábyrgð sem varða siðferðið eins og það tengist stöðu manna eða hlutverkum.¹⁵

Þessa þætti siðferðis má, samkvæmt skýrslunni, finna í öllum samfélögum. Segir þar að þessir þættir siðferðisins taki hins vegar á sig tilteknar myndir og öðlist ólíkar áherslur í þeirri starfsemi og siðmenningu sem þeir eru hluti af.¹⁶ Þá segir vinnuhópurinn:

Í störfum fagstétta er siðferði svo samofið góðum starfsháttum að þar verður ekki sundur skilið. Það eru því nán tengsl á milli siðferðis og starfshátta, og þegar rætt er um siðferði til að mynda í viðskiptum og stjórnámálum eru starfshættir fólgnir í því. *Vandaðir og viðurkenndir starfshættir á þessum sviðum mynda þá viðmið fyrir gagnrýna siðferðilega greiningu.*¹⁷ (leturbreyting mín)

Segir í skýrslu vinnuhópsins að þetta sé stundum nefnt innri gagnrýni vegna þess að viðmiðin séu vaxin úr þeim veruleika sem til skoðunar er. Spurt sé hvort menn efni þau loforð sem hugmyndir um fagmennsku, vandaða starfshætti, lýðræðislega stjórnarhætti og góða viðskiptahætti fela í sér. Vandaðir eða góðir stjórnsiðir einkennist til að mynda af því að embættismenn og kjörnir fulltrúar gegni skyldum sínum af heilindum og samviskusemi. Þær skyldur taki öðru fremur mið af því að störfín feli í sér almannabjónustu. Í framhaldinu segir vinnuhópurinn að jafnframt megi segja að mörg siðferðileg hugtök sem rædd eru í samhengi við margvísleg málefni í skýrslunni beri sjálf með sér viðmið fyrir gagnrýnið mat á starfseminni sem er til skoðunar. „Lýðræði vísar hér til dæmist einkum til lýðræðislegra stjórnarháttanna sem einkennast af aðgreiningu valds og hófsamlegri beitingu þess, upplýsingum til

¹⁴ Sama rit, 10.

¹⁵ Sama rit, 10.

¹⁶ Sama rit, 10.

¹⁷ Sama rit, 10.

borgaranna og samráði við þá sem stjórnvaldsákvörðun varðar, og virðingu fyrir mannréttindum.¹⁸

Viðmiðin í siðferðilegri nálgun vinnuhópsins til verkefnisins, hvað varðar þátt fjölmiðlanna í aðdraganda bankahrunsins hér á landi í október 2008, eru því í grófum dráttum annars vegar þeir starfshættir sem viðurkenndir eru í samfélaginu, og hins vegar meginþættir siðferðisins og þau grundvallaratriði sem ávallt mynda kjarna mannlegs siðferðis.

Í næsta kafla er greint frá þeim niðurstöðum í álitserð Huldu Þórisdóttur sem ætla má að varpi ljósi á þátt fjölmiðlanna í aðdragandanum að falli bankanna út frá kenningum og rannsóknum í félagslegri sálfræði og atferlishagfræði. Þar á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður og ályktanir vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis.

1.4 Kenningar í félagslegri sálfræði – Álitserð Huldu Þórisdóttur

Í álitserð Huldu Þórisdóttur eru raktar rannsóknarniðurstöður og kenningar úr félagslegri sálfræði og atferlishagfræði sem hún segir varpa ljósi á þætti sem kunna að hafa ýtt undir fall íslensku bankanna. Álitserðin er í viðauka við skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis. Þar segir meðal annars að mögulegt sé að engin þjóð samsami sig þjóðerni sínu með sterkari hætti en Íslendingar.¹⁹ Þegar við bætist góður árangur þjóðarinnar á undanförunum áratugum sé viðbúið að hin sterka samsömun breytist yfir í þjóðarstolt og jafnvel þjóðrembing. „Hugmyndin er þá ekki lengur bara sú að þjóðin sé frábrugðin öðrum heldur að hún sé þeim fremri.“²⁰ Hulda vísar í þjóðarpúls Gallup frá 18. júlí 2005 til staðfestingar á mikilli trú þjóðarinnar á útrás íslenskra fyrirtækja. Töldu 86% þjóðarinnar þá að útrásin væri góð fyrir atvinnulífið.²¹ „Víða má finna því stað í fjölmiðlaumfjöllun hvernig íslenska útrásin studdi við og var studd af samsömun og stolti þjóðarinnar,“²² segir síðar í álitserðinni.

Ýmsar neikvæðar hliðar eru á hinni sterku íslensku þjóðarsamsömun, sem var hugsanlega hin mesta í heimi, samkvæmt álitserð Huldu. Hún segir::

Þjóð með mikla samsömun er líkleg til að hlusta ekki á þá sem ekki tilheyra þjóðinni eða það sem verra er, gera lítið úr skoðunum þeirra. Slík þjóð er einnig ólíklegri en

¹⁸ Sama rit, 10.

¹⁹ Sama rit, 279.

²⁰ Sama rit, 280.

²¹ Sama rit, 281.

²² Sama rit, 281.

aðrar til þess að leggja gagnrýnið mat á störf og skoðanir landa sinna og þar af leiðandi ekki líkleg til þess að segja til vammis þegar nauðsyn krefur.²³

Í framhaldinu segir Hulda svo að í ljósi sterkrar þjóðarsamsömunar Íslendinga þurfi ekki að koma á óvart að þjóðin hafi notið þess að traust borgaranna hvers til annars og til ýmissa stofnana samfélagsins hafi verið mikið. Raunar með því mesta sem gerist í Evrópu.²⁴ Síðan segir í álitsgerðinni:

Í ljósi þess mikla trausts sem hefur einkennt íslenskt samfélag má leiða að því líkur að þegar fulltrúar stjórnvalda eða bankanna komu ítrekað fram í fjölmiðlum og sögðu að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af efnahagslífinu eða bönkunum, hafi fólk einfaldlega trúað orðum þeirra. [...] Flest fólk hafði það efnahagslega gott, jafnvel betra en nokkru sinni fyrr. Hvatinn til þess að vera gagnrýninn á velgengni íslensks efnahagslífs var því lítill sem enginn.²⁵

Litlum og einsleitum samfélögum, eins og hinu íslenska samfélagi, er að sögn Huldu að jafnaði auðveldara að stýra en flóknum og stórum fjölmenningsamfélögum. Segir hún að einsleitni geti verið varasöm og leitt til þess að samfélagið skorti gagnrýni og andóf gegn ríkjandi gildum.²⁶ „Af því leiði að hjarðhegðun verði mun meira áberandi en í fjölmennari löndum.“²⁷

Álitsgerð Huldu Þórisdóttir varpar ljósi á þær aðstæður sem voru í íslensku samfélagi í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Fjölmiðlarnir störfuðu við þessarar aðstæður, en þeir áttu sinn þátt í að móta þær. Eins og Hulda segir í framangreindri tilvitnun, þá „[komu] fulltrúar stjórnvalda eða bankanna [...] ítrekað fram í fjölmiðlum ...“²⁸ Þessari greiðu leið fulltrúa stjórnvalda og bankanna að fjölmiðlunum stýrðu fjölmiðlarnir sjálfir. Það var því þeirra val að fulltrúar stjórnvalda og bankanna gætu ítrekað komið fram og sagt að „ekki þyrfti að hafa áhyggjur af efnahagslífinu eða bönkunum.“²⁹

²³ Sama rit, 281.

²⁴ Sama rit, 282.

²⁵ Sama rit, 283.

²⁶ Sama rit, 284.

²⁷ Sama rit, 285.

²⁸ Sama rit, 285.

²⁹ Sama rit, 285.

1.5 Niðurstöður og ályktanir vinnuhópsins

Niðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði eru þær, að hvoru tveggja, þ.e. bæði starfshættir og siðferði, hafi víða verið ábótavant í íslensku samfélagi fyrir fall bankanna, og að sú staðreynd sé hluti af margþáttum skýringum á því hve illa fór. Þetta eigi jafnt við í stjórnámálum, viðskiptalífi, stjórnsýslu og fjölmiðlum.³⁰ Um þátt fjölmiðlanna segir í lokaorðum vinnuhópsins:

Fjölmiðlar ræktu illa það hlutverk sitt að upplýsa almenning um stöðu mála og veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald. Fjölmiðlar áttu stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálarífs.³¹

Á það er þó bent í skýrslu vinnuhópsins að móttökuskilyrði fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi verið slæm og þöggun jafnvel beitt, „enda almenn ánægja með framgang fjármálamanna í aðdraganda bankahrunsins.“³² Og vinnuhópurinn gengur lengra í að útskýra hvers vegna fjölmiðlarnir stóðu sig ekki betur en skyldi:

Þjóðin var að miklu leyti blind á þau hættumerki sem gagnrýnendur bentu á og hugmyndir um afburðahæfileika íslenskra fjármálamanna, sem meðal annars var haldið á lofti af forseta Íslands, féllu í góðan jarðveg. Skortur á hófsemi og ráðdeild í íslensku samfélagi, ásamt með ógagnrýninni sjálfsánægju meðal þjóðarinnar, bjuggu á sinn hátt í haginn fyrir þá atburðarás sem hér varð í bankahruninu.³³

Til viðbótar við þær meginniðurstöður sem vinnuhópurinn kemst að dregur hann nokkrar ályktanir og nefnir lærdóma varðandi starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Meðal þessa er sú ályktun, að fjölmiðlarnir hafi ekki auðsýnt nægilegt sjálfstæði og ekki verið vakandi fyrir hættumerkjum. Bendir vinnuhópurinn sérstaklega á að flestir fjölmiðlarnir hafi verið í eigu sömu aðila og áttu helstu fjármálafyrirtækin og þótt ekki hafi verið sýnt fram á bein áhrif eigenda á fréttáflutning, þá virðist sjálfsritskoðun vera útbreidd í íslensku samfélagi, meðal annars vegna þess hve atvinnutækifæri fjölmiðlamanna eru takmörkuð.³⁴

³⁰ Sama rit, 242.

³¹ Sama rit, 243.

³² Sama rit, 243.

³³ Sama rit, 243.

³⁴ Sama rit, 210.

Meðal annarra ályktana og lærdóma sem vinnuhópurinn nefnir í skýrslu sinni er að fjölmiðlarnir stjórnri samfélagssumræðunni með því að setja málefni á dagskrá eða ákveða að ræða þau ekki. Telur vinnuhópurinn að í aðdraganda bankahrunsins hafi fjölmiðlarnir þannig átt stóran hlut í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg. Þá segir í skýrslunni að fjölmiðlar hafi verið vanbúnir gagnvart þeim miklu breytingum sem urðu á samfélaginu með örum vexti og auknu sjálfræði fjármálageirans sem hafi haft í för með sér annars konar og vinsamlegri afskipti af fjölmiðlum en fjölmiðlamenn hafi verið vanir. Mörkin milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis hafi riðlast og sumir viðskiptafréttamenn vingast úr hófi fram við þá sem þeim hafi verið ætlað að fjalla um. Slík óbein áhrif vegi eflaust þyngra en bein afskipti einstakra manna af umfjöllun fjölmiðla.³⁵

Í skýrslu vinnuhópsins er á það bent að fjölmiðlar séu háðir því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum og hafa traust tengslanet í samfélaginu. Dregur vinnuhópurinn þá ályktun að þetta tengslanet hafi brugðist í aðdraganda bankahrunsins. Upplýsingafulltrúar í fullu starfi hjá fjármálafyrirtækjum hafi gert sitt til að skekkja myndina og embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum hafi verið ófúsir til að tjá sig. „Þetta gerði fjölmiðlum erfitt um vik bæði við að afla upplýsinga og að greina þær. Loks var jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu ekki frjór, sumpart vegna þess að fjölmiðlar náðu ekki að upplýsa almenning um stöðu mála,“³⁶ segir í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar.

Ég fjalla nánar og með gagnrýnum hætti um þær ályktanir sem vinnuhópurinn dregur, og þá lærdóma sem hann nefnir í skýrslu sinni varðandi þátt fjölmiðlanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008, aftur í þessari ritgerð. Þar fjalla ég einnig nánar um meginniðurstöður vinnuhópsins.

Niðurstöður vinnuhópsins og ályktanir og lærdómar sem hann nefnir í skýrslu sinni byggja á ákveðnum forsendum. Ég met það svo, að þær forsendur séu í stórum dráttum þrens konar, og skýrist af eftirfarandi:

- (i) Hlutverki fjölmiðla í lýðræðisríki.
- (ii) Vinnubrögðum og aðstæðum á fjölmiðlamarkaði.
- (iii) Fjölmiðlagreiningu Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands.

³⁵ Sama rit, 210.

³⁶ Sama rit, 210-211.

Hér að aftan er gerð grein fyrir framannefndum þremur forsendum vinnuhópsins fyrir niðurstöðum sínum, hverri fyrir sig.

1.5.1 Hlutverk fjölmiðla

Í skýrslu vinnuhópsins segir að fjölmiðlar, sem gjarnan er talað um sem fjórða valdið í lýðræðisríki, hafi þrenns konar hlutverki að gegna; aðhaldshlutverki, upplýsingahlutverki og umræðuhlutverki.³⁷ Aðhaldshlutverkið þýði að fjölmiðlar leitist við að vernda borgarana fyrir misbeitingu valds, svo sem með því að veita stjórnvöldum og fjármálaráðgjöf aðhald. Í upplýsingahlutverkinu felist að fjölmiðlar láti borgurinum í té áreiðanlegar upplýsingar og vandaða greiningu á samfélagsmálum. Öflugir sjálfstæðir fjölmiðlar skapi þannig forsendur fyrir upplýsta almenna umræðu sem sé grundvallaratriði í lýðræðisríki.³⁸ Þá segir vinnuhópurinn: „Meginkrafan sem gera verður til fjölmiðla varðar faglega framsetningu fréttar, hlutlægni þeirra og sanngirni.“³⁹

Til áréttingar á framangreindri kröfu vitnar vinnuhópurinn í skýrslu nefndar, sem þáverandi menntamálaráðherra skipaði í nóvember 2004, og sem falið var að skoða ýmis atriði er lúta að fjölmiðlum á Íslandi. Í þeirri skýrslu segir meðal annars, að fjölmiðlar eigi að veita aðhald með því að halda uppi sanngjarnri og faglegri umfjöllun og fréttaflytningi. Með faglegri blaða- og fréttamennsku sé átt við að þeir sem henni sinna séu sjálfstæðir í vinnubrögðum og nálgist viðfangsefni sitt með hlutlægum hætti og með almannahagsmuni að leiðarljósi.⁴⁰ Þá er í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis eftirfarandi sérstaklega tekið beint úr skýrslu framangreindrar nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla:

Lýðræðið byggir á því að almenningur fái réttar upplýsingar sem settar eru í rétt samhengi. Þetta skiptir meginmáli þar sem aðrir þættir, s.s. túlkun, gagnrýni, greining og umræður, byggjast á því að fólk hafi fengið réttar upplýsingar í upphafi. Því eru skyldur blaðamanna fyrst og fremst við borgarana.⁴¹

³⁷ Sama rit, 196.

³⁸ Sama rit, 196.

³⁹ Sama rit, 196.

⁴⁰ Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, apríl 2005): 17.

⁴¹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 196.

Í þriðja hlutverki fjölmiðlanna, umræðuhlutverkinu, felst að fjölmiðlarnir séu vettvangur fyrir fjölpætta þjóðfélagsumræðu og birti þannig túlkanir og umræðu um málefni samfélagsins frá margvíslegum sjónarhornum.⁴² Dagblöð sinna umræðuhlutverki sínu með því að birta aðsendar greinar, en ljósvakamiðlar með því að boða hina ýmsu aðila til viðtals til að mynda í umræðuþáttum.

Hlutverk fjölmiðla í lýðræðisríki er því eftirfarandi, samkvæmt skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði:

Aðhaldshlutverk; veita stjórnvöldum og fjármálastofnunum aðhald.

Upplýsingahlutverk; fréttir birtar faglega, af hlutlægni og sanngirni.

Umræðuhlutverk; vettvangur fyrir fjölpætta þjóðfélagsumræðu.

Vinnuhópurinn segir að aðhaldshlutverkið og upplýsingahlutverkið krefjist mikils framlags og fyrirhafnar af hálfu fjölmiðlafólksins sjálfs. Krafist sé fagmennsku, hugrekkis og elju til að yfirstíga margvíslegar hindranir sem lagðar séu í götu þeirra sem leitast við að greina rétt frá því sem gerist í flóknu umhverfi nútímasamfélags. Síðan segir hópurinn: „Í viðleitni sinni til að segja satt og rétt frá því sem gerist, vinna faglega og grafast fyrir um upplýsingar sem varða almannahag en reynt er að halda leyndum, vinna fjölmiðlar af hlutlægni í almannapágu.“⁴³

Um síðastnefnda hlutverk fjölmiðlanna, umræðuhlutverkið, segir vinnuhópurinn hins vegar að sé að mörgu leyti einfaldast fyrir fjölmiðil að sinna, svo sem með því að dagblað sé opið fyrir aðsendum greinum.⁴⁴

Líklegt er að við vissar aðstæður sé að mörgu leyti einfaldast fyrir fjölmiðil að sinna umræðuhlutverki sínu, eins og vinnuhópurinn segir. Ekki er þó víst að svo sé í öllum tilvikum. Umræðuhlutverk fjölmiðla er nefnilega erfiðara en ætla má að óathuguðu máli. Þegar fólk, sem hefur mismunandi skoðanir í ákveðnum málum, tekst á í fjölmiðlum, hefur slík umræða takmarkað gildi nema hin mismunandi sjónarmið eigi jafn greiðan aðgang að almenningi. Dæmin sanna að svo er ekki alltaf. Fólk er til að mynda misduglegt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, því ekki eiga allir jafn auðvelt með að tjá hugsanir sínar. Þá þyrftu fjölmiðlar að sinna hlutverki sínu og fá ólíka aðila til að tjá sig og tryggja þannig vandaða umræðu. Annars er hætt við að

⁴² Sama rit, 196.

⁴³ Sama rit, 196.

⁴⁴ Sama rit, 196.

útkoman fyrir fjölmiðilinn verði eins og hver önnur óreiðukennd bloggsíða. Afstaða viðkomandi fjölmiðils getur einnig haft áhrif. Ýmis dæmi eru um að ritstjórn fjölmiðils hafi skýra afstöðu í tilteknu máli. Við slíkar aðstæður getur verið vandasamt að tryggja að mismunandi sjónarmið eigi upp á pallborðið hjá viðkomandi fjölmiðli svo sannfærandi sé. Því geta komið upp þær aðstæður, að ekki sé hægt að segja að fjölmiðill sinni umræðuhlutverki sínu í almannapágu vel. Þess vegna á það ekki við í öllum tilvikum, að það sé einfaldast fyrir fjölmiðil að sinna umræðuhlutverki sínu, eins og vinnuhópurinn segir. Það á einungis við í vissum tilvikum.

1.5.2 Vinnubrögð og aðstæður á fjölmiðlamarkaði

Viðtöl sem rannsóknarnefnd Alþingis tók við fjölmiðlamenn, svo og skrif fjölmiðlamanna sem vitnað er til í skýrslu vinnuhóps um starfshætti og siðferði, gefa ákveðna mynd af vinnubrögðum og þá ekki síður af aðstæðum á fjölmiðlunum í aðdragandanum að falli bankanna haustið 2008. Þetta hefur væntanlega gefið vinnuhópnum betri möguleika en ella á að draga ályktanir um hvernig fjölmiðlarnir sinntu aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu.

Meðal þess sem fram kemur í viðtölum við fjölmiðlamenn er að aðstæður á fjölmiðlamarkaði hafi almennt verið erfiðar á umliðnum árum og að álagið hefði aukist frá því sem var. Þannig er til að mynda haft eftir blaðamanni í skýrslu vinnuhópsins, að starfsskilyrðin hafi versnað frá því viðkomandi hóf störf á dagblaði 1995/1996. Tíminn til að vinna hverja frétt hafi styst mikið frá því sem var.⁴⁵ Segir vinnuhópurinn að oft hafi verið fjallað um erfið starfsskilyrði á íslenskum fjölmiðlum og ástæðulaust hafi verið að endurtaka þá umræðu því svo margar aðrar hömlur á sjálfstæði fjölmiðla séu í deiglu.⁴⁶ Í því sambandi er til að mynda haft eftir fréttamanni á ljósvakamiðli að þrýstingur af hálfu stjórnámálamanna og/eða fulltrúa fyrirtækja, sem um er fjallað í fréttum, hafi verið mikill. Þeir hafi haft samband eftir birtingu fréttu og oft krafist leiðréttinga eða krafist þess að fá að koma sínum sjónarmiðum að.⁴⁷ Þá er vísað í það að fjölmiðlamenn hafi nefnt smæð og einsleitni íslensks samfélags til skýringar á sjálfskipaðri þöggun hinna ýmsu aðila sem leitað sé til. Samsteypuvæðing og fákeppni í atvinnulífinu geri það að verkum að fólk verði

⁴⁵ Sama rit, 197.

⁴⁶ Sama rit, 197.

⁴⁷ Sama rit, 198-199.

hrætt við að missa vinnuna ef það gagnrýnir þá sem það þiggur lifibrauð sitt af. „Ef menn komu sér út úr húsi hjá einum eða tveimur mönnum jafnvel þá voru bara hreinlega ekki atvinnumöguleikar,“ er haft eftir einum blaðamanni í skýrslu vinnuhópsins.⁴⁸

Þrýstingur á fjölmiðla og jafnvel afskipti komu sterklega í ljós á árinu 2006, þegar erlend matsfyrirtæki fóru að vara við því að staðan í íslenska fjármálakerfinu væri viðkvæm. Erlendir fjölmiðlar birtu í framhaldinu fréttir í þessa veruna og íslenskir fjölmiðlar greindu frá þeim. Auk þess að benda á gríðarlega skuldsetningu var vakin athygli á flóknum eignatengslum í íslensku atvinnulífi og hve varasamt væri fyrir bankana að treysta á skammtímalán til endurfjármögnunar. Í skýrslu vinnuhópsins er greint ítarlega frá hörðum viðbrögðum íslenskra stjórn mála- og bankamanna við því að íslenskir fjölmiðlar skyldu flytja þessar fréttir. „Bæði ráðamönnum og bankamönnum gramdist mjög að íslenskur fjölmiðill tæki upp þessa gagnrýni,“⁴⁹ segir í skýrslu vinnuhópsins.

Hin hörðu viðbrögð komu til að mynda glögglega í ljós þegar Danske Bank birti skýrslu um íslenskt efnahagslíf þann 21. mars 2006. Þar var varað við því að Íslendingar sigldu hraðbyri inn í efnahagslægð með minnkandi landsframleiðslu, hríðlækkandi gengi og aukinni verðbólgu, og var greint frá þessu í íslenskum fjölmiðlum. Af þessu tilefni sagði íslenski forsætisráðherrann á Alþingi að það væri áhyggjuefni hversu viljugir sumir fjölmiðlar og stjórnarandstaðan hefðu verið til að „hlaupa upp til handa og fóta og taka undir ýmsa órökstudda gagnrýni sem að nokkrir erlendir aðilar hafa verið að halda á lofti, þar á meðal bankar og greiningardeildir banka sem eru í harðri samkeppni við íslensku bankana, sem eru hreinlega sett fram í því skyni að koma höggi á sína samkeppnisaðila.“⁵⁰

Vinnuhópurinn vitnar í einn af höfundum skýrslu Danske Bank, sem segir að viðbrögðin hér á landi við þeirri gagnrýni á íslenskt efnahagslíf, sem fram hafi komið í skýrslu bankans, hafi verið líkust því að um samstillt átak allra íslensku bankanna og Fjármálaeftirlitsins hafi verið að ræða, eins konar hörð gagnárás. Allir bankarnir þrír, þ.e. Íslandsbanki, Kaupþing og Landsbankinn, hafi brugðist hart við í kjölfar skýrslu Danske Bank. Þeir hafi gagnrýnt smáatriði í skýrslunni en horft framhjá meginefni hennar sem hafi verið um heildarstöðu efnahagslífsins. Þá hafi Fjármálaeftirlitið sent

⁴⁸ Sama rit, 206.

⁴⁹ Sama rit, 200.

⁵⁰ Sama rit, 200-201.

frá sér nýtt áhættumat sem hafi sýnt vel „samstöðuandann í íslenska liðinu,“ eins og höfundurinn orðar það.⁵¹

Það voru fleiri en stjórnámamenn og fulltrúar bankanna sem brugðust til varnar, þegar erlendir fjölmiðlar fóru á árinu 2006 að benda á veikleika í íslensku efnahagslífi, og sem íslenskir fjölmiðlar greindu frá. Það gerðu einnig sérfræðingar í háskólasamfélaginu og reyndar einnig sumir fjölmiðlar, eins og greint er frá í skýrslu vinnuhópsins.⁵² Þar segir hins vegar að megineinkennin á viðbrögðum íslenskra fjölmiðla við gagnrýnum skýrslum erlendra matsfyrirtækja og greiningaraðila séu eftirfarandi:

... greint er stuttlega frá gagnrýni matsfyrirtækjanna og síðan leitað viðbragða annars vegar hjá stjórnámamönnum og hins vegar forsvarsmönnum bankanna. Lítil viðleitni er af hálfu fjölmiðlanna til að greina gagnrýnina með sjálfstæðum hætti. Eins og fram kemur í skýrslu Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti eru viðtöl og fréttaskýringar algengustu heimildir fyrir fréttum af fjármálastofnunum.⁵³

Segir vinnuhópurinn að í þessu samhengi sé athyglisverðast hvernig gagnrýni talsmanna bankanna beindist gegn íslenskum fjölmiðlum sem gerðu lítið annað en að segja frá hinum erlendu matsskýrslum.⁵⁴

Vinnuhópurinn bendir á að margvíslegar upplýsingar sem fjölmiðlar telji mikilvægt að flytja lesendum sínum, áheyrendum eða áhorfendum geti verið óþægilegar fyrir öflugra aðila í samfélaginu, svo sem stjórnvöld og stórfyrirtæki, sem eigi hagnuna að gæta. „Reynslan sýnir að fjölmiðlamenn búa við heilmikið áreiti frá þessum aðilum sem leitast við að hafa áhrif á fréttáflutning.“⁵⁵ Fjölmiðlamenn sem rætt var við í tengslum við vinnu rannsóknarnefndar Alþingis, sem vitnað er í í skýrslu vinnuhóps um starfshætti og siðferði, eru þó almennt ekki að nota þetta áreiti sem afsökun á því sem miður fór í störfum blaðamanna. Þannig er til að mynda haft eftir ritstjóra eins íslensks dagblaðs í skýrslu vinnuhópsins, að blaðamenn eigi að vera vanir því að það sé reynt „að beita þá þrýstingi bæði frá viðskiptasamsteypum, stjórnmalaflokkum, mögulega innanhúss, og það sé í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, en

⁵¹ Sama rit, 201.

⁵² Sama rit, 200-201.

⁵³ Sama rit, 201.

⁵⁴ Sama rit, 201.

⁵⁵ Sama rit, 198.

það er hins vegar óeðlilegt ef þeir láta undan þessum þrýstingi. Þá er eitthvað óheilbriggt farið af stað.⁵⁶

Greina má á milli tvenns konar afskipta af fjölmiðlum, samkvæmt skýrslu vinnuhópsins:

Annars vegar þrýstings sem kemur ofan frá, [...] til dæmis með því að eigandi eða auglýsandi hafi bein afskipti af umfjöllun fjölmiðilsins og reyni að fá ritstjóra eða fréttastjóra til að breyta málflutningi miðilsins. Hins vegar er um að ræða óbeinan þrýsting sem birtist ekki í boðvaldi eða hótunum heldur í umbun af ýmsu tagi.⁵⁷

Vinnuhópurinn segir í skýrslu sinni að hann hafi undir höndum gögn sem sýni ýmiss konar afskipti eigenda fjölmiðla af fréttum og annarri dagskrá. Fjölmiðlamenn veigri sér hins vegar við að fara út í einstök mál vegna hættu á starfsmissi eða meiðyrðamáli. Síðan segir vinnuhópurinn:

Full ástæða er til að rannsaka sérstaklega samskipti eigenda fjölmiðla og fjölmiðlamanna. Slík rannsókn féll ekki innan þess ramma í kostnaði, tíma og umfangi sem þessari rannsókn er settur.⁵⁸

Samkvæmt því sem hér hefur verið lýst er það mat vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis, að umfjöllun íslenskra fjölmiðla um gagnrýni erlendra matsfyrirtækja, greiningaraðila og fjölmiðla á fjármálakerfið hafi fyrst og fremst verið á þá lund, að greina stuttlega frá gagnrýninni og leita síðan viðbragða stjórnmalamanna og forsvarsmanna bankanna. Viðleitni til að greina gagnrýnina með sjálfstæðum hætti er að mati vinnuhópsins lítil, þrátt fyrir að „jarðvegur fyrir gagnrýni á íslenska fjármálakerfið hafi verið hrjóstrugur í aðdraganda bankahrunsins.“⁵⁹

Afstaða vinnuhópsins byggist á fyrirliggjandi gögnum, en þar á meðal er mat Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands, sem var falið að rannsaka umfjöllun fjölmiðla um íslenskt viðskiptalíf og fjármálafyrirtæki.

⁵⁶ Sama rit, 198.

⁵⁷ Sama rit, 198.

⁵⁸ Sama rit, 200.

⁵⁹ Sama rit, 207.

1.5.3 Fjölmiðlagreining Rannsóknarseturs

Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti bendir á það í greinargerð sinni, að á skoðunartímabilinu frá 2006 til 2008, hafi reglulega verið birtar fréttir í íslenskum fjölmiðlum af niðurstöðum mats- og greiningarfyrirtækja erlendis um stöðu og lánshæfi bankanna. Lengst af hafi það verið jákvæð tíðindi, jafnvel þótt t.d. skuldatryggingarálag bankanna hafi tekið stökk upp á við.⁶⁰ Þetta má til að mynda sjá í eftirfarandi tilvísun úr skýrslu Rannsóknarsetursins:

Standard & Poor's, Moody's, Fitch, Merrill-Lynch, Citigroup, Morgan Stanley og fleiri slík fyrirtæki mátu bankana yfirleitt í hæstu hæðum fram að árinu 2008. Í sömu andrá má nefna jákvæða umfjöllun ýmissa fjölmiðla inn á milli; Euromoney, Forbes, Financial Times og Global Finance. Í maí 2008 fékk Glitnir viðurkenningu hjá Financial Times og Fitch verðlaunaði Landsbankann í sama mánuði. Í júní 2008 var Icesave-reikningurinn valinn besti netreikningurinn í Bretlandi, að sögn Viðskiptablaðsins. Jafnvel frammi fyrir hækkandi skuldatryggingarálagi og almennt vaxandi lausafjárfreppu fengu bankarnir yfirleitt góðar einkunnir og umsagnir erlendis frá, hjá sérfræðingum og fjölmiðlum, vel fram á árið 2008.⁶¹

Af framangreindri tilvísun má sjá að það voru ekki eingöngu íslenskir fjölmiðlar sem fluttu jákvæðar fréttir af íslensku bönkunum vel fram á árið 2008. Íslenskir fjölmiðlar höfðu því úr mörgum jákvæðum fréttum að moða.

Í greinargerð Rannsóknarsetursins eru listaðar upp niðurstöður rannsóknar þess á þætti fjölmiðlanna í aðdraganda bankahrunsins í tíu liðum. Fyrst er bent á að umfjöllun fjölmiðla um fjármálafyrirtæki hafi verið veruleg á árunum fyrir hrun fjármálakerfisins. Hún hafi aukist eftir því sem leið á rannsóknartímabilið, því fréttir og greinar hafi að meðaltali verið 16 á dag árið 2006, 18 árið 2007 og 20 árið 2008. Í annan stað greinir Rannsóknarsetrið frá því að Creditinfo hafi í langflestum tilvikum metið að umfjöllun fjölmiðlanna um fjármálafyrirtækin hafi verið hlutlaus, eða í 79% af heildarfjölda fréttu og greina. Þá segir í greinargerðinni að fimmta hver umfjöllun hafi talist ýmist vera jákvæð eða neikvæð fyrir ímynd bankanna. Jákvæðnin hafi þó verið yfirgnæfandi, en yfir allt rannsóknartímabilið hafi jákvæðar fréttir og greinar vera sex- til sjöfalt fleiri en hinar neikvæðu. Jákvæðnistuðullinn hafi hins vegar lækkað eftir því sem á tímabilið leið. Það átti við um alla fjölmiðla, að jákvæðar fréttir

⁶⁰ Sama rit, 257.

⁶¹ Sama rit, 257- 258.

um fjármálafyrirtæki voru mun fleiri en neikvæðar. Af einstökum fyrirtækjum var umfjöllun almennt jákvæðust um Landsbankann. Af fjölmiðlunum skar *Viðskiptablaðið* sig úr með hæst hlutfall jákvæðra fréttar á móti neikvæðum en hjá *DV* var þetta hlutfall áberandi lægst. Í þessu sambandi er bent á að *Viðskiptablaðið* hafi flutt nær fimmfalt fleiri fréttir af fjármálafyrirtækjum en *DV*.⁶²

Rannsóknarsetrið segir að í rannsókn þess hafi ekki fengist staðfesting á tilgátum um bein áhrif eigenda á fréttáflutning þegar á heildina er litið. Fjölmiðlar hafi ekki fjallað meira eða með jákvæðari hætti um fjármálafyrirtæki eigenda sinna en annarra. Áréttað er þó í greinargerðinni að þar með sé ekki sagt að eigendur hafi ekki haft eða reynt að hafa áhrif á fréttáflutning í einstökum tilvikum. Þá segir að eftir mikla umfjöllun um erfiða stöðu bankanna frá hausti 2007 en þó einkum um vorið 2008 sé eins og fjölmiðlarnir hafi „slakað á“ um sumarið og snúið sér mikið til að öðrum efnisþáttum. Síðustu mánuðina fyrir hrun hafi umfjöllun og jákvæðum fréttum snarfækkað, sem bendi til þess að bankarnir hafi verið orðnir uppiskroppa með jákvæðar fréttir af rekstri sínum.⁶³

Fréttir af fjármálafyrirtækjum voru gjarnan burðarfréttir í prentmiðlum eða 38% af heildarfjöldanum, samkvæmt greinargerð Rannsóknarsetursins. Innihaldsgreining þess á úrtaki fréttar frá 2006 til 15. september 2008 bendir til þess að umfjöllunin hafi ekki alltaf verið að sama skapi ítarleg. Er frá því greint í greinargerðinni að í 4 af hverjum 5 fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtækin hafi greinendur Rannsóknarsetursins metið að sjálfstæð efnisöflun og greinandi umfjöllun hafi verið lítil eða engin. Þetta eigi einkum við styttri fréttir á innsíðum dagblaðanna en þær séu bróðurparturinn af fjöldanum, eða um 62%. Þó er á það bent að þegar skoðaðar voru fréttir sem prentmiðlarnir settu á útsíður eða slógu upp sem burðarfréttum á innsíðum hafi meira verið lagt í vinnubrögðin. Aðeins 7% þeirra fréttar hafi enga greinandi vinnslu á bak við sig. Höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins segja það þeirra mat að eðlilegt sé að horfa meira á burðarfréttir en smærri innsíðufréttir þegar vinnubrögð eru metin. Eitt af hlutverkum fjölmiðla sé að segja frá því sem gerðist, hvar og hvenær. Ef leggja ætti vinnu í að greina hvern „atburð“ yrðu daglegar fréttir fáar.⁶⁴

⁶² Sama rit, 263-264.

⁶³ Sama rit, 264.

⁶⁴ Sama rit, 264.

Segir í niðurstöðum Rannsóknarsetursins að ýmislegt bendi til að stór hluti umfjöllunar um fjármálafyrirtækin í fjölmiðlunum hafi átt uppsprettu sína í efni frá fyrirtækjunum sjálfum, ekki síst jákvæðu fréttirnar eins og við hafi mátt búast. Um 15% fréttanna og greina hafi byggst á fréttatilkynningum eingöngu og í 37% tilvika hafi þær verið ein af þeim heimildum sem stuðst hafi verið við. Því hærra hlutfall fréttanna sem byggðust á fréttatilkynningum þeim mun fleiri hafi jákvæðu fréttirnar verið. Og því meiri sem greinandi umfjöllun fjölmiðla hafi verið þeim mun fleiri hafi neikvæðu fréttirnar verið.⁶⁵

Rannsóknarsetrið tekur mælingar á sjálfstæðri efnisöflun og greinandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum saman í gæðastuðul. Segir í niðurstöðum greinargerðarinnar að hann hafi verið lægstur árið 2006 en farið eftir það smám saman hækkandi að jafnaði. Það eigi þó ekki við síðustu vikurnar fyrir fall bankanna.⁶⁶

Að lokum benda höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins á að rannsókn setursins hafi leitt í ljós að heimur fjármálafyrirtækja hafi verið heimur karla. Í 17% fréttanna, þar sem vitnað hafi verið í viðmælendum, hafi konur komið við sögu en karlar í 92% fréttanna.⁶⁷ Samanlögð hlutfallstala fer yfir 100 af því að í sumum tilvikum var rætt við karl og konu í sömu frétt.⁶⁸

1.5.4 Samantekt

Fjölmiðlarnir ræktu illa hlutverk sitt í íslensku samfélagi, bæði hvað varðar að upplýsa almenning og veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Fjölmiðlarnir áttu einnig stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármáallífs. Þetta eru meginniðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði varðandi þátt fjölmiðlanna í aðdraganda hrunsins.⁶⁹ Vinnuhópurinn komst að þessari niðurstöðu með því að leggja mat á starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum með hliðsjón af hlutverki þeirra, en jafnframt með því að kanna vinnubrögð og aðstæður á fjölmiðlamarkaði. Við þá könnun var meðal annars stuðst við fjölmiðlagreiningu Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands.

⁶⁵ Sama rit, 264.

⁶⁶ Sama rit, 264.

⁶⁷ Sama rit, 265.

⁶⁸ Sama rit, 262.

⁶⁹ Sama rit, 243.

Helstu ályktanir vinnuhópsins varðandi starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum fram að hruni bankanna haustið 2008 eru, að þeir hafi ekki auðsýnt nægilegt sjálfstæði og hafi ekki verið vakandi fyrir hættumerkjum. Sjálfsritskoðun virðist hafa verið útbreidd auk þess sem fjölmiðlarnir hafi verið vanbúnir gagnvart miklum breytingum á samfélaginu. Þá segir vinnuhópurinn að mörk milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis hafi riðlast á fjölmiðlunum, en jafnframt að sumir viðskiptafréttamenn hafi vingast úr hófi fram við þá sem þeim hafi verið ætlað að fjalla um. Tengslanet fjölmiðla brást, en því til viðbótar gerðu upplýsingafulltrúar í fullu starfi hjá fjármálafyrirtækjunum sitt til að skekkja myndina. Þá hafði áhrif, að mati vinnuhópsins, að embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum hafi verið ófúsir til að tjá sig, sem hafi gert að verkum að fjölmiðlarnir hafi átt erfitt um vik til að afla og greina upplýsingar. Að síðustu nefnir vinnuhópurinn að það hafi haft áhrif á fjölmiðlana að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi ekki verið frjór. Það hafi hins vegar sumpart stafað af því að fjölmiðlarnir hafi ekki náð að upplýsa almenning um stöðu mála.⁷⁰

⁷⁰ Sama rit, 210-211.

II. Athugasemdir við skýrslu vinnuhópsins

Niðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði, sem lýst er hér að framan, vekja upp ýmsar spurningar. Í fyrsta lagi má spyrja hvort sú krafa sem hópurinn gerir til fjölmiðlanna sé réttlæt看leg? Er hægt að ætlast til þess að fjölmiðlarnir hefðu átt að sjá fyrir hvert stefndi á fjármálamarkaði og að þeir hefðu átt að vara við því? Til að hægt sé að svara þessu játandi verður grundvöllurinn þar að baki að vera mjög traustur. Það fylgir því mikil ábyrgð að stíga fram og lýsa því yfir að fjármálafyrirtæki stefni í þrot. Slíkar fullyrðingar í fjölmiðlum geta haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi fyrirtæki og samfélagið í heild, sérstaklega ef þær reynast ekki réttar. Voru fjölmiðlamenn í aðstöðu til að gera slíkt þvert gegn fullyrðingum fjármálafyrirtækja, stjórnvalda, eftirlitsstofnana, forseta Íslands og fleiri aðila?

Í annan stað vaknar spurningin um það, á hvaða sviðum fjölmiðlarnir hefðu þurft að standa sig betur í aðdraganda bankahrunsins. Ætlast vinnuhópurinn til þess að á fjölmiðlunum starfi sérfræðingar í bókhaldi, uppgjörum og endurskoðun fyrirtækja, og að þeir geti séð það sem sérfræðingar á þessum sviðum, sem fást við slík verkefni dags daglega, koma hugsanlega ekki auga á? Eða, snúast athugasemdir vinnuhópsins um það að fjölmiðlamenn hafi misst sjónar á hlutverki sínu, ekki sem sérfræðingar í bókhaldi eða endurskoðun, heldur í því að veita aðhald og að upplýsa með því að spyrja gagnrýninna spurninga og safna þannig saman og koma á framfæri öllum þeim upplýsingum sem máli geta skipt?

Í þessum kafla er m.a. leitast við að svara framangreindum spurningum. Þetta er í fyrsta lagi gert með því að fjalla á gagnrýninn hátt um meginniðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis. Í annan stað er fjallað með svipuðum hætti um skýringar vinnuhópsins á því hvers vegna hópurinn kemst að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins hefðu verið ófullnægjandi. Í þriðja hluta þessa kafla er fjallað um niðurstöður Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands.

Ég byggji mat mitt á niðurstöðum vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar m.a. á minni eigin reynslu sem viðskiptablaðamaður á viðskiptaritstjórn *Morgunblaðsins* í tæpan áratug, frá apríl 2000 til septemberloka 2009. Þetta er tekið fram sérstaklega til að varpa ljósi á að ég starfaði sem viðskiptablaðamaður einmitt á þeim tíma þegar

viðskiptalífið hér á landi tók mestum breytingum, og sem fjallað er sérstaklega um í skýrslu vinnuhópsins.

2.1 Athugasemdir við meginniðurstöður vinnuhópsins

Hér að aftan eru athugasemdir við hinar þrjár meginniðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði, sem greint hefur verið frá hér að framan, þ.e. að fjölmiðlar hafi í fyrsta lagi rækt illa upplýsingahlutverk sitt gagnvart almenningi, að þeir hafi í annan stað rækt illa aðhaldshlutverk sitt gagnvart stjórnvöldum og einkafyrirtækjum, og að fjölmiðlar hafi í þriðja lagi átt stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs.

2.1.1 Upplýsingahlutverk fjölmiðla

Í greinargerð Rannsóknarsetus um fjölmiðla og boðskipti kemur fram að fjármálafyrirtæki voru fyrirferðamikil í umfjöllun fjölmiðla á tímabilinu frá ársbyrjun 2006 til loka september 2008, þ.e. í aðdraganda bankahrunsins. Fréttir og greinar af fjármálafyrirtækjunum voru að jafnaði um 16-20 á dag á þessu tímabili.⁷¹ Umfangið var því töluvert, en það segir hins vegar ekkert um gæðin. Rannsóknarsetrið segir að ýmislegt bendi til þess að stór hluti þessarar umfjöllunar um fjármálafyrirtækin hafi átt uppsprettu sína í efni frá fyrirtækjunum sjálfum.⁷² Það eitt og sér segir ekki að slíkar fréttir séu ómerkilegri en aðrar. Það á að minnsta kosti ekki við um fréttir af uppgjörum fjármálafyrirtækjanna. Þær voru án efa meðal mikilvægustu fréttu um stöðu mála hjá fyrirtækjunum, þó þær hafi átt uppsprettu hjá þeim sjálfum, eðli máls samkvæmt.

Reglulega var greint frá uppgjörum fjármálafyrirtækja í fjölmiðlum fyrir bankahrunið. Árshlutauppgjör voru birt ársfjórðungslega fljótlega eftir hvern ársfjórðung, og heilsársuppgjör fljótlega eftir hver áramót vegna ársins á undan.

Uppgjör fyrirtækja eru þau opinberu gögn sem segja að jafnaði mest til um stöðu mála hjá þeim á hverjum tíma. Þetta eiga að vera öruggustu heimildirnar um stöðu mála hjá fyrirtækjum, undir venjulegum kringumstæðum. Það er að sjálfsögðu háð því að rétt sé frá sagt í uppgjörunum. Einnig reynir mjög á þekkingu þeirra sem lesa úr þessum gögnum og framreiða fréttir sem byggðar eru á þeim.

⁷¹ Sama rit, 250.

⁷² Sama rit, 264.

Upplýsingaskylda fyrirtækja sem eru skráð á hlutabréfamarkaði, eins og bankarnir voru fyrir bankahrunið haustið 2008, er mjög rík. Kveðið er á um upplýsingaskyldu stjórnna og stjórnenda skráðra fyrirtækja í ýmsum lögum og reglum. Þar á meðal eru lög nr. 3/2006 um ársreikninga, sem samþykkt voru á Alþingi í janúar 2006. Þau eru að mestu leyti byggð á lögum nr.144/1994, sem tóku gildi þann 1. janúar 1995, og voru samþykkt í framhaldi af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES). Í 65. grein í VI. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga, segir um upplýsingaskyldu stjórnna:

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um:

1. aðalstarfsemi félagsins,
2. atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim,
3. mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á það og, eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir,
4. þróunina í starfsemi félagsins og fjárhagslegri stöðu þess og
5. markverða atburði sem hafa gerst eftir að reikningsárinu lauk.⁷³

Af framangreindri upptalningu um hvað skuli koma fram í skýrslu stjórnar félags sem skráð er á hlutabréfamarkaði má sjá, að ætlast er til þess í lögum að engu sé haldið undan sem getur varðað afkomu og rekstur félagsins. Þannig er þess til að mynda krafist í 3. tölulið 65. greinar, að upplýst sé um „mögulega“ óvissu, sem „kunni“ að hafa áhrif. Sú skylda hvílir því á stjórn félags að tryggja að hugsanleg vafaatriði í rekstrinum séu dregin fram. Ekkert má fela.

Í 66. grein sömu laga (nr. 3/2006) eru enn frekari kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar skráðra félaga. Þar segir til að mynda að gera eigi í skýrslunni grein fyrir meginmarkmiðum og stefnu við áhættustýringu, markaðsáhættu, útlánaáhættu og lausafjáraáhættu. Þá er tekið fram að í skýrslu stjórnar eigi að fjalla um, eftir því sem við á, væntanlega þróun félagsins, sérstaka áhættu umfram venjulega áhættu í starfsgrein félagsins, áhrif ytra umhverfis á félagið, rannsókn- og þróunarstarfsemi í félaginu eða fyrir það, mikilvægar vísbendingar um ófjárhagslegan árangur, þar með

⁷³ Lög nr. 3/2006 um ársreikninga, 1. mgr. 65. gr.

tali upplýsingar um umhverfis- og starfsmannamál, og um útibú félagsins erlendis ef einhver eru.⁷⁴

Rétt er að hafa í huga að þær ríku kröfur sem gerðar eru um upplýsingaskyldu stjórnra skráðra félaga eru ekki nýjar af nálinni. Upplýsingaskyldan kom ekki með þeim lögum um ársreikninga sem samþykkt voru á Alþingi í ársbyrjun 2006. Orðalagið er hins vegar breytt. Í eldri lögum um ársreikninga, lögum nr. 144/1994, segir um upplýsingaskyldu stjórnra félaga:

Í skýrslu stjórnar með ársreikningi skal upplýsa um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu félags og afkomu þess á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahagsreikningi eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim nema sérstakar ástæður séu til að ætla að slíkt geti skaðað félagið. Ef veruleg óvissa ríkir um einstaka liði í ársreikningi eða ársreikninginn í heild skal veita upplýsingar um slíkt.⁷⁵

Til viðbótar við þá upplýsingaskyldu stjórnra félaga, sem hér hefur verið nefnd, segir í 66. gr. b. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, að í félagi sem er skráð á skipulegum verðbréfamarkaði innan Evrópska efnahagssvæðisins, skuli hver og einn stjórnarmaður undirrita yfirlýsingu. Í yfirlýsingunni skuli koma fram:

... að samkvæmt bestu vitneskju stjórnarmanna sé ársreikningur saminn í samræmi við VIII. kafla og gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins. Þá skal koma fram að skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.⁷⁶

Rétt er að geta þess að VIII. kafli laga nr. 3/2006 um ársreikninga ber yfirskriftina „Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar“. Þar segir m.a. að ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, skuli hafa lagagildi hér á landi.⁷⁷

Til viðbótar við skyldur stjórnra skráðra félaga segir um endurskoðun á reikningum þeirra í 102. grein laga nr. 3/2006 um ársreikninga:

⁷⁴ Sama heimild, 66. gr.

⁷⁵ Lög nr. 144/1994 um ársreikninga, 1. mgr. 52. gr.

⁷⁶ Lög nr. 3/2006 um ársreikninga, 1. mgr. 66. gr. b.

⁷⁷ Sama heimild, 1. mgr. 88. gr.

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í því sambandi kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu.⁷⁸

Endurskoðendur hafa því ríkar skyldur ekki síður en stjórnir skráðra félaga, að ganga úr skugga um að upplýsingar í ársreikningum gefi sem gleggsta mynd af stöðu mála. Þá segir í 104. grein sömu laga (nr. 3/2006) um ársreikninga:

Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu a lokinni endurskoðun árita ársreikninginn [...] og skal áritunin fylgja ársreikningnum.

Í árituninni skal koma fram að ársreikningurinn [...] hafi verið endurskoðaður. Þá skal koma fram álit endurskoðenda eða skoðunarmanna á því hvort ársreikningurinn [...] sé saminn í samræmi við ákvæði laga og settar reikningsskilareglur, svo og greinargerð um niðurstöðu endurskoðunarinnar að öðru leyti. Ef endurskoðendur eða skoðunarmenn telja að ekki beri að samþykkja ársreikninginn skulu þeir taka það fram sérstaklega.⁷⁹

Í lögum nr. 3/2006 er í VII. kafla fjallað um árshlutareikningsskil skráðra félaga. Þar segir í 87. gr. a., að árshlutareikningurinn skuli hafa að geyma stytta rekstrarreikning, stytta efnahagsreikning í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sjóðstreymi, skýringar og árshlutaskýrslu stjórnar ásamt árshlutayfirlýsingu stjórnarmanna og áritun endurskoðanda þegar það á við.⁸⁰ Árshlutareikningar þurfa því ekki að vera eins umfangsmiklir og ársreikningar.

Af því sem hér hefur verið rakið ætti að vera ljóst, að fjölmiðlamenn gátu haft ástæðu til að ætla að ársreikningar og árshlutareikningar fjármálafyrirtækja fyrir hrun bankanna hafi verið gerðir sannleikanum samkvæmt. Reikningarnir áttu að gefa glögga mynd af stöðu mála hjá fyrirtækjunum á hverjum tíma. Í orðunum „glögg mynd“ felst sönn og sanngjörn mynd⁸¹ af áhrifum viðskipta, annarra atburða og aðstæðna. Svo virðist sem þeir fjölmiðlamenn, sem höfðu það verkefni að skrifa fréttir um afkomu og stöðu fjármálafyrirtækjanna, hafi almennt treyst því að uppgjörin

⁷⁸ Sama heimild, 1. mgr. 102. gr.

⁷⁹ Sama heimild, 1. og 2. mgr. 104 gr.

⁸⁰ Sama heimild, 3. mgr., 87. gr. a.

⁸¹ Í enskumælandi löndum er notað orðalagið „true and fair“ yfir það sem Íslendingar nota „glögga mynd.“

sýndu rétta og sanngjarna mynd af stöðu mála. Í uppgjörunum voru allar upplýsingar sem áttu að skipta máli fyrir rekstur fyrirtækjanna, svo sem tekjur, kostnaður, vaxtamunur, eignir, skuldir, eiginfjárstaða, stjórðstreymi, afkoma og fleira.

Til viðbótar við uppgjör bankanna og þær traustu forsendur sem þau áttu að byggja á, þá höfðu fjölmiðlamenn sem fjölluðu um uppgjörin ekki frekar en aðrir heyrt af efasemdum þeirra sem best hefðu átt að vita um stöðu bankanna, þ.e. stjórnendum þeirra og ekki síður endurskoðendum. Þessir aðilar höfðu ekki gefið annað í skyn fyrir bankahrunið en að staða bankanna væri almennt góð.

Rannsóknarnefnd Alþingis segir í ágrípi af meginniðurstöðum í fyrsta bindi af skýrslu nefndarinnar, sem birt var opinberlega í apríl 2010, eins og áður hefur komið fram, að endurskoðendur hafi ekki sinnt nægilega vel skyldum sínum við endurskoðun reikningsskila fjármálafyrirtækjanna árið 2007 og við hálfársuppgjör 2008. Það eigi einkum við um rannsókn þeirra og mat á virði útlána til stærstu viðskiptavina fyrirtækjanna, meðferð á hlutabréfaeign starfsmanna og fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækja til kaupa á hlutabréfum í sjálfum sér. Í þessu sambandi verði að áréttu að aðstæður hefðu á þessum tíma þróast með þeim hætti að sérstakt tilefni hafi verið til þess að gefa þessum atriðum gaum.⁸²

Stefán Svavarsson, dósent við viðskiptadeild HR og forstöðumaður meistaranáms í reikningshaldi og endurskoðun, segir í grein sem hann birti í mars 2010, að enginn hafi séð kerfishrunið fyrir, og er það einmitt yfirskrift greinar hans. Þar segir hann að fráleitt sé að endurskoðendur hefðu átt að sjá kerfishrunið og áhrif þess fyrir, þrátt fyrir þá kröfu sem gerð sé til vinnubraðga endurskoðenda í þeirra eigin regluverki.⁸³ Síðan segir Stefán:

Sannleikurinn í þessu máli er sá að kerfishrun bankanna sá enginn fyrir. Það gerðu hvorki innlendar né erlendar eftirlitsstofnanir og ekki heldur erlendir bankar, eins miklir og hagsmunir þeirra þó voru. Það gerðu ekki heldur greiningar- og matsfyrirtæki og þaðan af síður hagfræðingar sem nú tala sumir eins og alltaf hafi verið ljóst hvert stefndi. Af hverju hefðu þá endurskoðendur bankanna ein stétt manna átt að sjá kerfishrunið fyrir? Það er ósanngjörn krafa.⁸⁴

⁸² Rannsóknarnefnd Alþingis, „Bindi 1,“ 45.

⁸³ Stefán Svavarsson, „Enginn sá kerfishrunið fyrir,“ Háskólinn í Reykjavík, hr.is (Mars 2010): 48.

http://www.fle.is/file/upload/files/innri_vefur/innri_frettir/stefan_svavarsson_grein_hr.pdf

⁸⁴ Sama heimild, 48.

Stefán heldur áfram og spyr hvort málið sé ekki einfaldlega þannig vaxið, að færni manna til að greina og skilja fullt samhengi allra þátta í hagkerfi landa og þjóða sé bara ekki lengra komin en svo að kerfishrun geti orðið án þess að unnt sé að stoppa það. Og ekki sé vissan um uppgötvun ágalla í kerfum meiri en svo að margir málsmetandi menn telji jafnvel að frekari kerfishrun séu framundan og glópska sé að ætla að menn hafi fundið lausnir til að koma í veg fyrir áhrif þeirra til frambúðar.⁸⁵

Fram kemur í grein Stefáns, að vitað hafi verið að bankarnir áttu í verulegum endurfjármögnunarfanda á árinu 2008, sem hófst raunar fyrr. Segir hann að jafnvel þótt svo hafi verið þýði það ekki endilega að allur reksturinn sé í uppnámi. Hafi fjármagn bankanna verið notað til arðbærra verkefna hafi engin ástæða verið til að ætla að eignasafnið félli í verði svo neinu næmi, þó að hikst kæmi í endurfjármögnun þeirra. Engin sérstök ástæða hafi verið fyrir eftirlitsaðila til að vera á varðbergi vegna þessa atriðis, enda fyrri vísbendingar um að endurfjármögnunarfandinn væri tímabundið ástand sem myndi senn leysast.⁸⁶ Síðan segir Stefán:

Það var með hliðsjón af þessari sviðsmynd sem gert var ráð fyrir að bankarnir stæðu traustir fyrir og því ekki efni til að skrifa eignir niður. [...] Allt virtist sem sé í blóma og ganga vel.

Við þessar aðstæður og með þessa framtíðarsýn sýnast ekki hafa verið nein tilefni til þess fyrir endurskoðendur bankanna að gera viðvart um rekstrarhæfisvanda, sem þeim ber þó skylda til að gera, líti þeir svo á að efast megi um að rekstur geti haldið áfram í eitt ár í viðbót. Lesendur áritunar þeirra á reikningsskil bankanna, bæði fjárfestar og lánardrottinnar og raunar almenningur yfirleitt mátti því vera í góðri trú um að rekstur og efnahagur þeirra væri traustur.⁸⁷

Ástæða er til að áréttta það sem fram kemur hér að framan hvað varðar afstöðu rannsóknarnefndar Alþingis til vinnubragða endurskoðenda. Afstaða rannsóknarnefndarinnar er ekki í samræmi við afstöðu Stefáns Svavarssonar. Í þessari ritgerð er ekki tekin afstaða til þess hvort sú fullyrðing Stefáns Svavarssonar sé rétt eða ekki, að það sé ósanngjörn krafa að endurskoðendur bankanna hefðu, ein stétt manna, átt að sjá kerfishrunið fyrir. Spyrja má hins vegar hvort endurskoðendur hefðu ekki átt að sjá ýmislegt annað fyrir en beint hrun bankanna.

⁸⁵ Sama heimild, 48.

⁸⁶ Sama heimild, 47.

⁸⁷ Sama heimild, 47-48.

Eftir að bankarnir hrundu, og eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var gerð opinber, er vitað að víða var pottur brotinn í forsendum uppgjöra bankanna. Þetta var ekki viðurkennd vitneskja fyrir bankahrunið, en efasemdir höfðu þó komið fram í nokkurn tíma. Á árinu 2006 fóru að berast upplýsingar erlendis frá um efasemdir fjármálasérfræðinga um rekstur íslensku bankanna og íslenska efnahagskerfið í heild. Nægir þar að nefna svonefnda Geysisskýrslu Danske Bank frá 21. mars 2006, „Iceland: Geyser Crisis“⁸⁸, en víða er minnst á hana í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis. Fleiri ábendingar um hugsanlegar hættur vegna mikils vaxtar og skuldsöfnunar bankanna, stöðu gjaldmiðilsins og fleiri þátta, áttu og eftir að berast erlendis frá á komandi mánuðum og misserum fram að bankahrununu.

Eins og fram kemur hér að framan þá segir í skýrslu vinnuhópsins að upplýsingahlutverk fjölmiðla, og reyndar aðhaldshlutverk þeirra einnig, krefjist mikils framlags og fyrirhafnar af hálfu fjölmiðlamanna. Til að uppfylla bæði upplýsinga- og aðhaldshlutverk fjölmiðlanna verði fjölmiðlamenn að vinna af fagmennsku og sýna hugrekki og elju.⁸⁹ Líklegast verður að teljast að vinnuhópurinn sé í niðurstöðum sínum að benda á að á fjölmiðlunum hafi ekki tekist að tengja saman allar þær upplýsingar sem lágu fyrir um stöðu bankanna, þ.e. upplýsingar úr uppgjörum þeirra að teknu tilliti til athugasemda sérfræðinga, ekki hvað síst erlendra, ásamt öðrum framkomnum upplýsingum. Af þessu má ætla að vinnuhópurinn sé ekki að benda á nauðsyn þess að fjölmiðlamenn, sem fjalla um málefni banka, séu sérfræðingar í öllu því sem þá snertir, þar með talið í uppgjörum, endurskoðun og á fleiri sviðum. Þeir þurfi hins vegar að hafa yfir að ráða þekkingu á fjármálastarfsemi almennt, til að geta vegið og metið allar fyrirliggjandi upplýsingar til að vera færir um að spyrja gagnrýninna spurninga. Þar komi því til fagmennska, hugrekki og elja. Er þá átt við fagmennsku á sviði fréttamennsku, en ekki endilega á öðrum sviðum, hugrekki til að takast á við flókin mál og eljusemi til að fylgja þeim eftir.

Er það sem hér hefur verið rakið afsökun fyrir íslenska fjölmiðla? Var eðlilegt að fjölmiðlarnir hefðu meiri trú á útskýringum bankamanna og ráðamanna þrjúðarinnar, varðandi stöðu bankanna og efnahagslífsins í heild, en þeim viðvörunum sem ýmsir erlendir fjármálasérfræðingar létu í ljós fyrir hrunið? Og hvað með þann skilning sem hér að framan er lagður í skrif vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis,

⁸⁸ Carsten Valgreen, Lars Christensen, Peter Possing Andersen og Rene Kallestrup, „Iceland: Geyser crisis,“ Danske Bank (21. mars 2006). <http://www.mbl.is/media/98/398.pdf>

⁸⁹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 196.

að fjölmiðlamenn, sem fjalla um málefni banka, þurfi að vera fagmenn á sviði fréttamennsku en ekki endilega sérfræðingar í bankastarfsemi, og vera hugrakkir og eljusamir? Það hljóta að vera meiri líkur á því að fjölmiðlar sinni upplýsingahlutverki sínu betur ef fjölmiðlamenn eru fagmenn á sviði fréttamennsku og hugrakkir og eljusamir, en ef þeir hafa almennt trú á þeim upplýsingum sem þeim berast í hendur. Þess vegna er óhjákvæmilegt að líta svo á, að það sé engin afsökun fyrir fjölmiðlana, að endurskoðendur bankanna hafi ekki uppgötvað í hve slæmri stöðu þeir voru fyrir hrun þeirra. Fjölmiðlarnir virðast því hafa rækt illa upplýsingahlutverk sitt, eins og vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis kemst að niðurstöðu um. Sannleikurinn var ekki leiddur í ljóst.

2.1.2 Gagnrýnið aðhald

Önnur meginniðurstaða vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði varðandi fjölmiðlana er, að þeir hafi rækt illa það hlutverk sitt að veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald í aðdraganda bankahrunsins.

Eftirfarandi tilvitnun í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis er lýsing á því hvernig orðræðan var a.m.k. hjá einum af ráðamönnum þjóðarinnar, þ.e. forseta lýðveldisins, en þar segir:

Þegar rauðu ljósin tóku að blikka árið 2006 og svo af auknum krafti 2007 og í upphafi árs 2008 var forsetinn einn þeirra sem taldi gagnrýni á íslenskt viðskiptalíf og hættumerkin sem bent var á orðum aukin, Íslendingar yrðu að kynna málstað sinn betur, endurtók hann margsinnis og lagði áfram sitt af mörkum í ferðum og ræðum í þágu útrásarinnar.⁹⁰

Einnig er gagnlegt að minnst á fyrirlestur sem forsetinn flutti hjá Sagnfræðingafélaginu í janúar 2006, um svipað leyti og gagnrýnin umræða um íslensku útrásina var að hefjast í erlendum blöðum. Í skýrslu vinnuhópsins um þennan fyrirlestur segir:

Þarna fengu Íslendingar fyrir alvöru að kynnast málflutningi forsetans og kenningu hans um sérkenni Íslendinga hér heima og á eigin tungu. Forsetinn sagði m.a.:

⁹⁰ Sama rit, 171.

„Útrásin er byggð á hæfni og getu, þjálfun og þroska sem einstaklingarnir hafa hlotið og samtakamætti sem löngum hefur verið styrkur okkar Íslendinga [...]. Lykillinn að árangrinum sem útrásin hefur skilað er fólgin í menningunni, arfleifðinni sem nýjar kynslóðir hlutu í vöggugjöf, samfélaginu sem lífsbarátta fyrri alda færði okkur, viðhorfum og venjum sem eru kjarninn í siðmenningu Íslendinga.“ Forsetinn fór yfir kenninguna um þættina sem mótuðu íslenska andann, að þessu sinni nefndi hann tíu atriði. Forsetinn klykkti út með því að líkja íslensku samfélagi við ítalska endurreisn, renaissans, „þar sem blómaskeiðið byggðist jöfnum höndum á viðskiptum, vísindum, listum og samfélagi fólks sem skarar framúr á ólíkum sviðum.“⁹¹

Áttu fjölmiðlamenn sem fjölluðu um fjármálakerfið í aðdraganda bankahrunsins auðvelt með að skrifa eða flytja fréttskýringar um erfiðleika íslensks efnahagslífs og bankakerfisins, eins og erlendir sérfræðingar voru farnir að benda á, á sama tíma og forsetinn sagði að Íslendingar yrðu að kynna málstað sinn betur?⁹² Svarið er auðvitað jákvætt. Það áttu þeir að gera. Málflutningur forsetans og annarra ráðamanna átti ekki að hafa meira vægi en annarra, svo sem erlendra sérfræðinga, hjá fjölmiðlamönnum. Þar fyrir utan ber framangreindur kafli úr fyrirlestri forsetans með sér öll merki lýðskrums. Enda féll málflutningur hans ekki í góðan jarðveg alls staðar hér á landi, samanber eftirfarandi úr skýrslu vinnuhópsins:

Fjöldi sagnfræðinga gagnrýndi forsetann harðlega fyrir alhæfingar, þjóðernishroka og úreltar gamaldags túlkanir á sögunni sem ekki byggðust á nútímarannsóknnum hvað þá nútímakenninum í sagnfræði.⁹³

Segir í skýrslu vinnuhópsins að forsetinn hafi látið gagnrýnina á málflutning sinn sem vind um eyru þjóta. Hefði það ekki átt að vekja upp spurningar hjá fjölmiðlamönnum? Að sjálfsögðu. Síðan segir í skýrslunni:

[Hann] endurtók ræðu sína á næstu tveimur árum, m.a. í maí 2006 á málþingi sem Kaupþing hélt í Helsinki, á fundi í The Bourne Club í sömu borg og svo skömmu síðar í London á ráðstefnunni Ísland í London – samvinna til árangurs. Þá hafði íslenska „efnahagsundrið“ sætt mikilli gagnrýni greinenda og fjölmiðla, ekki síst í Danmörku. Þeir bentu á að þessi útþensla gæti ekki staðist til lengdar. Einu af

⁹¹ Sama rit, 173-174.

⁹² Sama rit, 171.

⁹³ Sama rit, 174.

erindum forsetans í ferðunum til Finnlands og Englands var greinilega ætlað að slá á slíkar gagnrýnisraddir. Hann var því í hópi þeirra ráðamanna sem héldu í viking útrásinni til varnar. [...] Forsetinn taldi greiningar og gagnrýni erlendra aðila storm í vatnsglasi og sagði eins og fleiri að Íslendingar yrðu að kynna málstað sinn betur. Allir þeir sem kynntu sér rækilega hvað gerst hefði á Íslandi fylltust bjartsýni og jákvæðni í garð íslenskra athafnamanna.⁹⁴

Eftir á að hyggja vekur furðu hvað framangreindur málflutningur forsetans, og viðbrögð við honum, vakti litla athygli fjölmiðlamanna.

Þó hér séu einungis nefnd dæmi um hvernig forseti lýðveldisins hélt uppi vörnum fyrir íslenskt fjármálakerfi og íslenska athafnamenn almennt, þá gerðu fleiri ráðamenn landsins það einnig. Eftir útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er vitað að þessi málflutningur, til varnar íslensku fjármála- og efnahagskerfi, var holur. Margt af því sem forsetinn og fleiri töluðu um sem styrk íslensku útrásarinnar var miklu frekar veikleiki.

Fréttir eða fréttaskýringar um stöðu banka verða að vera á rökum reistar eins og ávallt á við um allan fréttافلutning. Væru þær það ekki væru vinnubrögð fjölmiðlamanna sem ynnu slíkt efni í fullkomnu ósamræmi við siðareglur blaðamanna, sem flestir íslenskir fjölmiðlamenn gangast undir með því að vera félagar í Blaðamannafélagi Íslands.

Þrátt fyrir erindi og ræður forseta Íslands og annarra ráðamanna, og málflutning stjórnenda bankanna, þá höfðu ýmsir aðrir uppi varnaðarorð um stöðu bankanna og efnahagslífsins í aðdranda bankahrunsins, eins og áður hefur komið fram. Og eins og að framan greinir þá fengu þau orð alla jafna ekki mikið vægi í umfjöllun fjölmiðla. Hér má því spyrja eins og fyrr, hvort það sem hér hefur verið rakið sé afsökun fyrir íslenska fjölmiðla? Var eðlilegt að fjölmiðlarnir hefðu meiri trú á útskýringum og lofræðum stjórnvalda og bankamanna, varðandi stöðu bankanna og efnahagslífsins, en þeim viðvörðunum sem sérstaklega ýmsir erlendir fjármálasérfræðingar létu í ljós fyrir hrunið?

Hér getur það sama átt við og segir hér að framan um upplýsingahlutverk fjölmiðlanna. Það hljóta að vera meiri líkur á því að fjölmiðlar sinni aðhaldshlutverki sínu betur ef fjölmiðlamenn eru fagmenn á sviði fréttamennsku og hugrakkir og eljusamir, en ef þeir hafa almennt trú á þeim upplýsingum sem þeim berast í hendur,

⁹⁴ Sama rit, 174.

og flytja óhindrað frásagnir af lofræðum stjórnvalda og annarra um ágæti einstakra hópa. Þess vegna verður að líta svo á, að það sé engin afsökun fyrir fjölmiðlana að forseti Íslands og aðrir ráðamenn hafi ekki uppgötvað í hve slæmri stöðu bankarnir voru fyrir hrun þeirra. Því verður að taka undir með vinnuhópi rannsóknarnefndarinnar. Fagmennska virðist ekki hafa verið ráðandi á fjölmiðlunum, né hugrekki eða eljusemi í því að veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald í aðdraganda bankahrunsins. Fjölmiðlarnir virðast því hafa rækt aðhaldshlutverk sitt illa.

Hinar tvær fyrstu meginniðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði, sem fjallað hefur verið um í þessum kafla og í næsta kafla hér að framan, hljóta að leiða hvor af annarri. Þar sem fjölmiðlarnir virðast hafa rækt illa það hlutverk sitt að upplýsa almenning um stöðu mála hjá bönkunum, þá hlýtur það sama einnig að hafa átt við um það hlutverk þeirra að veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald. Þetta liggur í hlutarins eðli.

2.1.3 Mótun og viðhald orðræðu

Þriðja meginniðurstaða vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis er, að fjölmiðlarnir hafi átt stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs fyrir hrun bankanna. Segir vinnuhópurinn að þetta hafi komið fram í því að fjölmiðlarnir stjórni samfélagsumræðunni með því að setja málefni á dagskrá eða ákveða að ræða þau ekki. Þá hafi fjölmiðlarnir í aðdraganda bankahrunsins átt stóran hlut í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg.⁹⁵

Fréttastjórar og ritstjórar ráða alla jafna hvaða málefni eru sett á dagskrá og hver ekki á fjölmiðlunum. Þeir geta því hæglega stjórnað samfélagsumræðunni og gera það. Þeir geta til að mynda ákveðið að einungis sé rætt við aðila máls út frá einni hlið í einu og þannig viðhaldið umfjöllun um málefni í tiltekinn tíma. Þeir geta jafnframt ákveðið að ræða ekki við aðila máls fyrir en til að mynda daginn eftir að greint hefur verið frá öðrum málsatvikum en sjónarmiðum viðkomandi. Ritstjórnir fjölmiðla ráða því miklu um hvað fjallað er um í samfélaginu.

Það var nánast regla í aðdraganda bankahrunsins, að umsvifamiklir athafnamenn í viðskiptalífinu fengju umfjöllun í fjölmiðlum þar sem áhersla var lögð á dugnað þeirra og kænsku. Greint var frá flestu af því sem þeir gerðu, ef þeir óskuðu

⁹⁵ Sama rit, 210.

eftir því. Stórar myndir voru birtar á heilsíðu eða í opnu dagblaða og í texta kom fram hvað þeir voru að gera eða ætluðu sér að gera. Oft var lítið um efasemdir eða gagnrýnar spurningar í umfjöllun af þessu tagi. Sem dæmi um þetta má nefna opnuviðtal í *Viðskiptablaði Morgunblaðsins* þann 10. mars 2005,⁹⁶ um það bil einu ári áður en aðvaranir fóru að berast erlendis frá um ágæti útrásar íslenskra athafnamanna og hraðan vöxt bankanna. Í þessu blaðaviðtali lýsti einn af athafnamönnum íslensku útrásarinnar sjálfum sér sem umbreytingarfjárfesti. Það sem hann sagði þar vakti engar efasemdir, hvað þá gagnrýni, á opinberum vettvangi, hvorki í fjölmiðlum né annars staðar, eftir því sem næst verður komist.

Umræddur umbreytingarfjárfestir sagði frá því að hann keypti fyrirtæki víða um heim, og að þá tæki við umbreytingarferli, sem taki að jafnaði í kringum 4-6 ár. Það sé sá tími „sem það tekur alla jafna að knýja fram þá verðmætaaukningu sem að er stefnt. [...] Í þessu sambandi er mikilvægt, að þegar umbreytingin hefur náðst í gegn er ég tilbúinn til að snúa mér að öðru.“⁹⁷

Hvorki í umræddu blaðaviðtali né í öðrum fjölmiðlum var nokkuð fjallað um hvað raunverulega felst í því að vera umbreytingarfjárfestir. Þetta heiti, umbreytingarfjárfesting, er gjarnan notað um skuldsett fyrirtækjakaup, þar sem markmiðið er að taka fyrirtæki af markaði, endurfrjámsgna reksturinn og endurskipuleggja þau. Það hefur oft í för með sér aukna skuldsetningu, sölu á einstökum rekstrareiningum og/eða fasteignum, eða sameiningu við önnur fyrirtæki. Ekki er óalgengt, nema síður sé, að þessu fylgi uppsagnir starfsfólks, oft í stórum stíl. Eftir standa í mörgum tilvikum skuldsett og eignalítill fyrirtæki en umbreytingarfjárfestum tekst hins vegar oft, og það er einmitt tilgangurinn, að hirða arðgreiðslur út úr fyrirtækjunum. Þeir græða oft en margir missa vinnuna. Enginn áhugi virtist vera fyrir því á fjölmiðlunum að spyrjast fyrir um áhrifin af fjárfestingum af þessu tagi á efnahagslífið í heild.

Sem dæmi um lýsingar umrædds umbreytingarfjárfestis á sjálfum sér má nefna eftirfarandi ummæli hans í framangreindu blaðaviðtali:

Ég fer inn í þau með 4-5 manna teymi. Við greinum fyrirtækin og síðan tek ég mínar ákvarðanir. [...]

⁹⁶ *Morgunblaðið*, Viðskiptablað, „Hundrað milljarða maður,“ (10. mars 2005): B4-B5.

⁹⁷ Sama heimild, B5.

Ég segi stundum að við séum eins og víkingasveit sem fer fyrst inn. Þetta hefur virkað prýðilega fyrir mig hingað til og því sé ég ekki ástæðu til að breyta þar um. [...] Ef ég fæ rétt tilboð þá sel ég. [...] ⁹⁸

Umbreytingarfjórðingurinn sagði einnig frá því í viðtalinu í *Viðskiptablaði Morgunblaðsins* þann 10. mars 2005, að hann hefði flutt erindi á fundi Verslunarráðs Íslands fyrr á því ári. Þar sagðist hann meðal annars hafa sagt:

Ég sagði [...] að ávinningurinn af öllu þessu væri miklu minni en tilkostnaðurinn. Auðvitað er nauðsynlegt að hafa skilvirkt lagaumhverfi og auk þess á eftirlit fullkomlega rétt á sér. Tíminn sem fer í allt eftirlitið er hins vegar stöðugt að aukast og kostnaðurinn með, en það vantar hins vegar að sýna fram á ávinninginn. Ég held að allt þetta eftirlit sé í rauninni hugsanaskekkja, sem er að koma betur og betur í ljós. ⁹⁹

Svo mörg voru þau orð. Ekkert neikvætt kom fram um starfsemi umbreytingarfjórðingisins í umræddri blaðagrein frekar en í öðrum fjölmiðlum, á þeim tíma sem viðtalið við hann birtist á árinu 2005 eða á næstu mánuðum og misserum. Þessu réðu fjölmiðlarnir. Þetta sýnishorn er einungis eitt dæmi um lofsamlega umfjöllun fjölmiðils um athafnamann í viðskiptalífínu. Þau voru fjölmörg á þessum tíma.

Ekki fer á milli mála að fjölmiðlarnir geta hæglega haft áhrif á og mótað orðræðuna í samfélaginu. Mjög líklegt er að það hafi átt við um umræðuna um velgengi íslensks fjármálalífs fyrir hrun bankanna, bæði varðandi það hvað hún var umfangsmikil og lofsamleg.

2.2 Athugasemdir við skýringar vinnuhópsins

Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði nefnir ýmsar hugsanlegar skýringar á því hvers vegna vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 voru ófullnægjandi, samanber það sem fjallað er um hér að framan. Helstu skýringarnar sem vinnuhópurinn nefnir eru: Fjölmiðlarnir auðsýndu ekki nægilegt sjálfstæði; þeir voru ekki vakandi fyrir hættumerkjum; sjálfsritskoðun

⁹⁸ Sama heimild, B5.

⁹⁹ Sama heimild, B5.

virðist hafa verið útbreidd í samfélaginu; fjölmiðlarnir voru vanbúnir gagnvart miklum breytingum á samfélaginu; mörk milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis riðluðust; sumir viðskiptafréttamenn vinguðust úr hófi fram við þá sem þeim var ætlað að fjalla um; tengslanet fjölmiðla brást; upplýsingafulltrúar fjármálafyrirtækja skekktu myndina; fjölmiðlar áttu erfitt með að afla og greina upplýsingar því embættismenn í stjórnkerfinu og sérfræðingar í háskólum voru ófúsir að tjá sig; jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu var ekki frjór, sumpart vegna þess að fjölmiðlar náðu ekki að upplýsa almenning um stöðu mála.¹⁰⁰

Þessar skýringar eru sumar tengdar hverri annari. Hér er fjallað um þær helstu. Þar fyrir aftan er síðan umfjöllun um tvö atriði til viðbótar, sem ég tel að eigi einnig hugsanlega sinn þátt í að útskýra hvers vegna vinnubrögð á fjölmiðlunum voru ófullngæjandi, eins og vinnuhópurinn telur að hafi verið. Þessi tvö atriði snúa annars vegar að því hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður, og hins vegar að afstöðunni til tungumálsins. Varðandi sannleikann þá á ég við þá staðreynd, að í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er þess ekki krafist að sannleikurinn sé leiðarljós fjölmiðlamanna, eins og algengt er erlendis. Þess í stað er megin áhersla lögð á að fjölmiðlamenn sýni vönduð vinnubrögð. Um afstöðuna til tungumálsins á ég við, að með því að fjalla um viðskiptalífið á forsendum þess og með þeirri orðræðu sem þar tíðkast, þá hafi fjölmiðlarnir fjarlægst lesendum sína, áheyrendur og áhorfendur. Umfjöllunin hafi virkað framandi fyrir marga og jafnvel stuðlað að því að upphefja viðskiptalífið. Um þetta er fjallað nánar hér að aftan.

2.2.1 Vinskapur og ósjálfstæði

Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis segir að óbein áhrif af vinskap viðskiptafréttamanna og þeirra sem þeim var ætlað að fjalla um vegi eflaust þyngra en bein afskipti einstakra manna af umfjöllun fjölmiðla. Þessu tengt segir vinnuhópurinn jafnframt að fjölmiðlar séu háðir því að eiga greiðan aðgang að upplýsingum og hafa traust tengslanet í samfélaginu. Upplýsingafulltrúar í fullu starfi hjá fjármálafyrirtækjum hafi hins vegar gert sitt til að skekkja myndina.¹⁰¹

Þörf fjölmiðla fyrir greiðan aðgang að upplýsingum, og þar með að traustu tengslaneti í samfélaginu, á eðlilega sinn þátt í því að fjölmiðlamenn vingast við

¹⁰⁰ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði. „Bindi 8.“ 210-211.

¹⁰¹ Sama rit, 210.

starfsmenn fyrirtækja sem þeir fjalla reglulega um. Þetta er nánast óhjákvæmilegt, að minnsta kosti upp að vissu marki.

Eftir að bankarnir voru einkavæddir og þeir fóru að vaxa hratt varð tiltölulega algengt að upplýsingafulltrúar þeirra hefðu samband við fjölmiðlana af fyrra bragði, stundum af litlu tilefni, í þeim tilgangi að koma að umfjöllun um viðkomandi fyrirtæki. Flestir viðskiptafréttamenn héldu eflaust að með því að verða við slíku myndi það auka líkurnar á bitastæðari fréttum er fram í sækti. Með tíð og tíma varð flestum þó líklega ljóst að upplýsingafulltrúarnir voru yfirleitt starfi sínu vaxnir. Þeim tókst oft að hafa nokkurs konar stjórn á umfjölluninni. Upp úr þessum samskiptum myndaðist hins vegar í sumum tilvikum kunningsskapur eða jafnvel vinskapur, sem einstaka viðskiptafréttamenn gengu lengra í að virkja en aðrir.

Ég fékk ýmis tilboð frá fyrirtækjum á mesta uppgangstímanum í aðdraganda bankahrunsins. Mest var um að ræða fríðindi, svo sem boðsmiða á viðburði eins og hljómleika þekktra erlendra hljómsveita. Ég var eðlilega ekki einn um að fá svona tilboð og var án efa ekki boðið mest. Auðvitað var auðvelt að hafna þessum boðum, en það gerðu ekki allir. Dæmi um slíkt hef ég vitneskju um, sem ekki er ástæða til að fjalla frekar um.

Fullyrðing vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um að sumir viðskiptafréttamenn hafi vingast úr hófi fram við þá sem þeim var ætlað að fjalla um á fyllilega við rök að styðjast. Bankarnir voru ekki einu fyrirtækin hér á landi sem lögðu mikið upp úr því að eiga góð tengsl við fjölmiðlamenn. Líklegt er hins vegar að þeir hafi verið umsvifamestir á þessu sviði.

Auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þeir fjölmiðlamenn, sem voru í nánustu tengslunum við upplýsingafulltrúa eða stjórnendur bankanna í aðdraganda bankahrunsins, hafi staðið sig eitthvað verr en aðrir. Efinn er hins vegar til staðar. Heppilegast hlýtur að vera að fjölmiðlamenn haldi tengslum við talsmenn fyrirtækja og aðra stjórnendur þeirra á formlegum grunni. Óhjákvæmilegt er að grunsemdir vakni um að fjölmiðlamenn auðsýni ekki nægilegt sjálfstæði, og verði af þeim sökum ekki vakandi fyrir hættumerkjum, ef vinskapur þeirra og þeirra sem þeim er ætlað að fjalla um er náinn, eins og vinnuhópurinn segir að reyndin hafi verið.

2.2.2 Sjálfsritskoðun fjölmiðlamanna

Vinnuhópurinn segir að sjálfsritskoðun virðist vera útbreidd í íslensku samfélagi, meðal annars vegna þess hve atvinnutækifæri fjölmiðlamanna eru takmörkuð.¹⁰²

Skilgreina má sjálfsritskoðun sem ritskoðun á eigin verki, þar sem höfundurinn heldur aftur af sér með að tjá hug sinn, án þess að utanaðkomandi aðilar hafi farið fram á slíkt. Sjálfsritskoðun er því ekki það sama og ritskoðun, en afleiðingarnar eru svipaðar.

Enski heimspekingurinn John Stuart Mill segir í *Frelsinu*, sem kom fyrst út á árinu 1859:

[H]ugsunarfrelsi og málfrelsi eru órávíkjanleg skilyrði andlegrar velferðar mannkynsins, en í andlegri velferð þess byggist öll önnur velferð.¹⁰³

Mill ræðir að vísu hvergi um sjálfsritskoðun en honum er tíðrætt um hvernig óttinn við almenningsálitið grefur undan þori manna til að tjá eigin sannfæringu og hugsa frjálsglega um hvaðeina sem vera skal. Fjölmiðlamenn sem ekki leita sannleikans og tjá hann hispurslaust grafa, samkvæmt skrifum Johns Stuart Mill, undan andlegri velferð mannkyns. Sannleikurinn eins og viðkomandi fjölmiðlamaður þekkir hann kemur þá ekki fram. Það er því alvarlegt ef fjölmiðlamenn beita einhvers konar sjálfsritskoðun á eigin verk.

Breski rithöfundurinn George Orwell þróar áfram þennan þráð í skrifum Mills. Hann segir m.a. í ritgerðinni „The Prevention of Literature,“ sem var fyrst gefin út árið 1946, að rithöfundar eða blaðamenn, sem vilji halda trúverðugleika sínum, finnist að almenn viðhorf í samfélaginu séu frekar dragbítur á sjálfstæði þeirra en ofsóknir.¹⁰⁴

Orwell segir að skýringin á þessari veiku stöðu rithöfunda og blaðamanna sé m.a. eignarhaldið á fjölmiðlunum. Þá séu þeir fjárhagslega háðir þeim verkefnum sem þeim er falið að vinna hverju sinni. Auk þess njóti þessir aðilar ekki þess almenna stuðnings sem gæti gert þeim kleift að standa á skoðunum sínum, ef því er að skipta.¹⁰⁵

¹⁰² Sama rit, 210.

¹⁰³ John Stuart Mill, *Frelsið*, íslensk þýðing Jóns Hnefils Aðalsteinssonar og Þorsteins Gylfasonar (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009), 108.

¹⁰⁴ George Orwell, „The Prevention of Literature,“ *Shooting an Elephant and Other Essays* (London: Secker and Warburg, 1950).

¹⁰⁵ Sama heimild.

Almenningsálitið getur því samkvæmt skrifum Orwells haft áhrif á störf fjölmiðlamanna, og jafnvel meiri áhrif en beinar fyrirskipanir frá stjórnendum eða eigendum fjölmiðla. Ætla má því að Orwell telji að almenningsálitið ráði miklu um hugsanlega sjálfsritskoðun fjölmiðlamanna. Beinar fyrirskipanir þurfi ekki endilega að koma til svo að fjölmiðlamenn haldi aftur af sér og komi ekki öllum sannleikanum á framfæri. Sjálfsritskoðun sjái til þess m.a. vegna almenningsálitsins en einnig og ekki síður vegna þess að fjölmiðlamenn og rithöfundar eiga það til að beygja sig undir ríkjandi hugmyndafræði.

Líklega er ekki mikið talað um sjálfsritskoðun á fjölmiðlunum. Það er að minnsta kosti mín reynsla. Þetta er einstaklingsbundin aðgerð. Sumir hafna því eflaust að svoleiðis nokkuð eigi sér stað, en aðrir hugsanlega ekki. Ég held hins vegar að sjálfsritskoðun sé útbreiddari á fjölmiðlunum en margir myndu viðurkenna.

Ég hef reynslu af sjálfsritskoðun. Það kom til í framhaldi af fréttaskýringu sem ég skrifaði í Viðskiptablað *Morgunblaðsins* og birt var 28. febrúar 2002. Umfjöllunarefnið var húsleitir Samkeppnisstofnunar, sem nú heitir Samkeppniseftirlitið, í höfuðstöðvum stóru olúfélaganna þriggja hér á landi í desember 2001. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði heimilað húsleitirnar meðal annars á grundvelli röksemda Samkeppnisstofnunar um að forstjórar olúfélaganna hefðu hist reglulega á fundum þar sem verðlagsmál og önnur hagsmunamál félaganna hefðu borið á góma og ákvarðanir þar um verið teknar.

Í fréttaskýringunni tók ég afstöðu með Samkeppnisstofnun, hvað það varðar að stofnunin þyrfti að hafa heimild til að leggja hald á tölvugögn stjórnenda olúfélaganna á vinnustað þeirra, ef rökstuddur grunur er um ólöglegt samráð og dömsyfirvöld fallast á röksemdir stofnunarinnar. Ég kynnti mér stöðu þessara mála í nágrannalöndunum. Í fréttaskýringunni kom fram að í sumum löndum væru heimildir samkeppnisyfirvalda til húsleita rýmri en hér, í öðrum löndum svipaðar, en að þær væru stífari sums staðar.¹⁰⁶

Þegar fréttaskýringin birtist höfðu olúfélögin kært húsleitarheimildir Samkeppnisstofnunar. Þar vóg þungt í málflutningi lögmanna olúfélaganna að Samkeppnisstofnun hafði fjarlægt persónuleg gögn úr tölvum forstjóranna. Í lok fréttaskýringarinnar hafði ég hins vegar sagt, að ef niðurstaða dómstóla yrði sú, að

¹⁰⁶ *Morgunblaðið*, Viðskiptablað, „Réttmæt húsleit eða mannréttindabrot“ (28. febrúar 2001): C8-C9.

Samkeppnisstofnun megi ekki fjarlægja gögn án þess að fyrir liggi að þau séu ekki persónuleg gögn starfsmanna, sé komin einföld leið fyrir fyrirtæki, sem hugsanlega hafa óhreint mjöl í pokahorninu, til að gera rannsókn samkeppnisyfirvalda erfiða.¹⁰⁷ Þessi orð fóru fyrir brjóstið á sumum.

Þegar ég kom til starfa daginn sem fréttaskýringin birtist í blaðinu beið mín í tölvupósi bréf frá forstjóra eins olúfélagsins, sem svo vildi til að var stór hluthafi í eigendafélagi *Morgunblaðsins*. Hann tók meðal annars fram í bréfinu, að hann hefði aldrei kynnst öðrum eins vinnubrögðum og þeim sem ég hafði sýnt við vinnslu þessarar fréttaskýringar. Efaðist olúforstjórinn um að ég hefði þá hæfileika sem þyrfti til að sinna blaðamennsku.

Daginn eftir að fréttaskýring mín um olúfélögin birtis var í ritstjórnargrein í *Morgunblaðinu* tekin þveröfug afstaða til húsleita Samkeppnisstofnunar en ég hafði tekið í fréttaskýringunni. Var í ritstjórnargreininni lögð áhersla á mikilvægi þess að olúforstjórnarnir ættu ekki á hættu að starfsmenn Samkeppnisstofnunar færu að róta í persónulegum tölvupósti þeirra á vinnustað þeirra.¹⁰⁸ Um þetta atriði hafði ég einmitt sérstaklega fjallað í fréttaskýringu minni með allt öðrum hætti.

Ekkert skal sagt um það hér hvort olúforstjórinn og hluthafinn í eigendafélagi *Morgunblaðsins*, sem hafði samband við mig, hafði einnig samband við ritstjóra blaðsins. Ég hef ekki hugmynd um hvort svo var.

Um það bil tveimur mánuðum eftir fréttaskýringu mína kvað hæstiréttur upp þann úrskurð að húsleit Samkeppnisstofnunar hefði átt fullan rétt á sér.¹⁰⁹

Í október 2004 kvað Samkeppnisstofnun svo upp þann úrskurð að þrjú stóru olúfélögin hefðu brotið gegn 10. grein samkeppnislaga nr. 8/1993, með samningum og/eða samstilltum aðgerðum og var þeim gert að greiða sektir upp á 605 til 1.100 milljónir króna.¹¹⁰

Húsleitir Samkeppnisstofnunar hjá olúfélögunum hafa enn ekki verið dæmdar ólöglegar.

Ég lagði minn skilning í þau skilaboð sem ég fékk frá olúforstjóranum, einum af eigendum *Morgunblaðsins*, vegna fréttaskýringar minnar um húsleitir

¹⁰⁷ Sama heimild, C9.

¹⁰⁸ Morgunblaðið, ritstjórnargrein, „Friðhelgi tölvupósts og tölvugagna“ (1. mars 2002): 34.

¹⁰⁹ Morgunblaðið, „Hæstiréttur staðfestir réttmæti húsleitar Samkeppnisstofnunar“ (4. maí 2002): 2.

¹¹⁰ Samkeppniseftirlitið, Ákvörðun nr. 21/2004, 964.

<http://samkeppni.is/samkeppni/upload/files/samkeppniseftirlit/akvardanir/2007/akv2104-án-trúnaðaruppl.pdf>

Samkeppnisstofnunar hjá olúfélögunum, og „leiðréttinguna“ í ritstjórnargrein blaðsins daginn eftir að fréttaskýringin var birt. Bein skilaboð voru þó aldrei gefin. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að viðurkenna, að ég varð betur meðvitaður um mína stöðu á blaðinu. Hugrekkið eftir þetta var ekki það sama og áður og ég er því miður sannfærður um að ég beitti sjálfsritskoðun á skrif mín í framhaldinu. Mér er reyndar minnisstætt hvað einn samstarfsfélagi minni, blaðamaður sem þá var með áratuga starfsreynslu, sagði við mig daginn sem fréttaskýringin var birt. Hann sagði orðrétt: „Þú ert kaldur.“

2.2.3 Vanbúnir fjölmiðlar

Fjölmiðlarnir voru vanbúnir gagnvart miklum breytingum á samfélaginu í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008, að mati vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis.¹¹¹

Breytingarnar í viðskiptalífinu hér á landi, sem viðskiptafréttamenn fjölmiðlanna fjölluðu um frá degi til dags, voru gríðarlega miklar, sérstaklega frá síðustu aldamótum og fram að hruni bankanna. Þetta átti ekki eingöngu við um bankana og önnur fjármálafyrirtæki, heldur um stóran hluta viðskipta- og atvinnulífsins í landinu. Á sama tíma og umsvif bankanna og annarra fjármálafyrirtækja jukust stórlega, og fjölbreytnin í starfsemi þeirra tók miklum breytingum, sem viðskiptafréttamenn þurftu eðlilega að setja sig inn í eftir bestu getu, þá áttu sambærilegar breytingar sér stað á ýmsum öðrum sviðum. Þar má til að mynda nefna verslunarrekstur, bæði innanlands og víða erlendis, sem oft hafði í för með sér mikla fyrirhöfn fyrir viðskiptafréttamenn til að fylgjast með og hafa skilning á og yfirsýn yfir. Einnig má nefna framleiðslu ýmiss konar, svo sem í lyfjaiðnaði, sjávarútvegi og tengdum greinum. Miklar breytingar urðu á sviði samgangna og flutningastarfsemi, m.a. vegna kaupa íslenskra fyrirtækja og athafnamanna á fyrirtækjum erlendis. Umsvif í líf- og erfðatækni jukust einnig mikið á fyrsta áratug þessarar aldar og ný starfsemi í þeim efnum eflidist, sem fyrir flesta var allt annað en auðvelt að setja sig að einhverju marki inni í, og margt fleira mætti nefna. Á öllum þessum sviðum viðskipta- og atvinnulífsins, og fleirum til, þurftu viðskiptafréttamenn fjölmiðlanna að fylgjast með og skilja eftir bestu getu, til þess að geta skrifað fréttir, oftast til birtingar samdægurs eða daginn eftir, án þess að fjölgað væri í hópi þeirra, nema síður sé.

¹¹¹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði. „Bindi 8,“ 210.

Í þessu sambandi verður að minnast á sendingu sem fyrrverandi ritstjóri *Morgunblaðsins* sendir fyrrverandi samstarfsmönnum sínum og öðrum fjölmiðlamönnum, í skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis frá 1. október 2009, og vitnað er í í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar. Þar er haft eftir ritstjóranum fyrrverandi:

En miðað við þau kynni sem ég hef haft af fólki í þessari stétt þá finnst mér þekkingin á íslenskum þjóðfélagsmálum vera ótrúlega takmörkuð. Þekkingin á sögu þjóðarinnar, það má segja bara síðustu fimmtíu til hundrað árin, er ótrúlega takmörkuð. Mér finnst blaðamenn ekki fylgjast vel með því sem gerist í samfélaginu. [...] Þeir hafa ekki nægilega víða sýn á samfélagið til þess að sjá samhengi hlutanna.¹¹²

Vert er að hafa í huga að hér talar ritstjóri með mjög mikla reynslu, ritstjóri sem starfaði reyndar mestan sinn starfsaldur á flokksblaði, þar sem efnistökin voru í samræmi við það. Að bera þær aðstæður og þau vinnubrögð sem þá tíðkuðust saman við aðstæður og vinnubrögð hin síðari ár er útaf fyrir sig merkilegt. Stærsta spurningarmerkið við þessi ummæli má hins vegar setja við það hvers vegna þau rata inn í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði, án þess að þar sé greint frá því hvort önnur sjónarmið í þessum efnum hafi eitthvað verið könnuð. Vel hefði mátt spyrja ritstjóranum fyrrverandi hvers vegna hann gerði ekkert í málinu fyrst blaðamennirnir sem hann réði til starfa voru ekki hæfari að hans mati en raun ber vitni. Því verður vart trúað að ritstjórinn fyrrverandi hefði ekki getað fundið einhverja einstaklinga með svipaða hæfileika og blaðamenn frá fyrri tíð höfðu að bera, fyrst hann taldi svona mikið vanta upp á hjá blaðamönnum hin síðari árin. Ásókn í störf á fjölmiðlunum var töluverð á þessum tíma. Í mínum huga hafa hin tilvitnuðu ummæli ritstjórans fyrrverandi ekkert vægi og varpa engu ljósi á starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Þau þjóna því að mínu viti engum tilgangi í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis, nema kannski að fegra hlut ritstjórans.

Þeim miklu breytingum í íslensku viðskipta- og atvinnulífi, sem hér hefur verið tæpt á, var víðast hvar ekki mætt með fjölgun viðskiptafréttamanna. Þvert á móti, því rekstrarafkoma flestra fjölmiðla bauð ekki upp á slíkt. Við sem skrifuðum um viðskipta- og atvinnulífið í *Viðskiptablað Morgunblaðsins* þurftum því að taka að

¹¹² Sama rit, 197.

okkur sífellt fleiri og fjölbreyttari verkefni á sama tíma og skorið var niður í rekstrinum og starfsfólki fækkaði. Svipaða sögu var eflaust að segja af ýmsum ef ekki flestum öðrum fjölmiðlum. Næsta víst er því að það sé rétt hjá vinnuhópi rannsóknarnefndar Alþingis, að fjölmiðlarnir hafi verið vanbúnir gagnvart miklum breytingum á samfélaginu. Í þessum efnunum liggur hugsanlega einn stærsti vandi fjölmiðlanna.

2.2.4 Fréttir, auglýsingar og skemmtiefni

Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis segir að mörk milli fréttar, auglýsinga og skemmtiefnis á fjölmiðlunum hafi riðlast.¹¹³ Þetta er ein af þeim skýringum sem vinnuhópurinn segir að sé á því hvers vegna vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 voru ófullnægjandi. Vinnuhópurinn dregur þessa ályktun meðal annars út frá ummælum fjölmiðlamanna í viðtölum við rannsóknarnefnd Alþingis.¹¹⁴ Einnig er í skýrslu vinnuhópsins vísað í skýrslu nefndar menntamálaráðherra um fjölmiðla frá árinu 2005. Þar lýstu nefndarmenn áhyggjum af því að skil milli fréttar og fréttatengds efnis annars vegar og auglýsinga og skemmtiefnis hins vegar væru að rofna hérlendis.¹¹⁵

Ef mörkin milli fréttar, auglýsinga og skemmtiefnis riðlast er það brot á siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Í 5. grein þeirra reglna, sem eru frá árinu 1991, segir, að blaðamaður skuli gæta þess, „að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli.“¹¹⁶ Það er því alvarlegt mál þegar þessi mörk riðlast, og ber ekki vott um vandaða fjölmiðlun. Þetta skiptir því máli.

Mörk milli fréttar, auglýsinga og skemmtiefnis riðluðust ef til vill einna mest á árunum kringum síðustu aldamót, þegar sjónvarpsmenn notuðu ímynduð hlutabréfakaup sem skemmtiatriði í sjónvarpsþáttum með aðstoð sérfræðinga frá fjármálafyrirtækjum. Hugsanlegt er að þessir leikir hafi að einhverju leyti verið skaðlegir. Þó svo að sérfræðingar fjármálafyrirtækjanna hafi eflaust lagt áherslu á að hlutabréfakaup væru langtímafjárfesting, þá gekk leikurinn engu að síður út á það að

¹¹³ Sama rit, 210.

¹¹⁴ Sama rit, 199.

¹¹⁵ Sama rit, 210.

¹¹⁶ Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur,“ 2. málsgrein 5. greinar.

<http://press.is/static/files/gamalt/sidareglur.pdf>

sýna fram á hvað hægt væri að græða mikið á skömmum tíma á hlutabréfamarkaðinum, jafnvel á einni viku. Þessu var þó hætt tiltölulega fljótlega.

Án efa er hægt að finna dæmi um að fyrirtæki hafi auglýst í prentmiðli eða ljósvakamiðli á sama tíma og fjallað er um fyrirtækið í viðkomandi miðli. Það þarf þó í sjálfu sér ekki að benda til þess að mörk milli fréttu og auglýsinga hafi riðlast, þó það sé vel hugsanlegt. Þar sem ég þekki til voru engin tengsl á milli auglýsinga og fréttaskrifa. Það kom fyrir að aðstandendur fyrirtækja gæfu í skyn, eða segðu það jafnvel fullum fetum, að auglýsingar viðkomandi fyrirtækis myndu ráðast af umfjöllun blaðsins. Ég veit hins vegar ekki til þess að það hafi haft áhrif á blaðamenn viðskiptaritstjórnar *Morgunblaðsins*, og efast reyndar stórlega um það. Míni yfirmenn sögðu aldrei svo ég heyrði að fjalla ætti um tiltekið fyrirtæki eða einstaklinga vegna auglýsinga þeirra á þeim tíma sem ég starfaði á blaðinu.

Það fór hins vegar ekki framhjá almennum blaðamönnum þegar forsvarsmenn fjármálafyrirtækjanna „gripu [...] til hótana og reyndu beinlínis að þagga niður í fjölmiðlum sem gagnrýndu þau eða fluttu fréttir af erlendri gagnrýni.“¹¹⁷ Næsta víst er að flestir ef ekki allir blaðamenn á viðskiptaritstjórn *Morgunblaðsins* fengu að heyra það hjá tengiliðum sínum hjá bönkunum, þegar blaðið fór að birta fréttir á árinu 2006 og síðar, þar sem sagt var frá því að erlendir fjármálasérfræðingar efuðust um stöðugleika íslenska fjármálakerfisins.

Hvort það var vandamál í aðdraganda bankahrunsins að mörk milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis á fjölmiðlunum hafi riðlast, eins og segir í skýrslu vinnuhópsins, veit ég ekki um. Ég varð að minnsta kosti ekki var við það á mínum vinnustað. Það getur þó að sjálfsögðu hafa farið framhjá mér. Hugsanlega var þetta meira vandamál á ljósvakamiðlum, sé mið tekið af því sem haft er eftir fyrrverandi forstöðumanni fréttasviðs Stöðvar 2 í skýrslu vinnuhópsins. Þar segir hann m.a. að „fjölmiðlamenn á Stöð 2 hafi tekið þátt í því að tala markaðinn upp.“¹¹⁸ Hafi það verið gert á mínum vinnustað var það að minnsta kosti ekki meðvitað.

2.2.5 Óviljugir embættismenn og sérfræðingar

Oft gat verið erfitt fyrir fjölmiðlamenn að fá upplýsingar frá ýmsum stofnunum samfélagsins í aðdraganda bankahrunsins. Enda segir vinnuhópur rannsóknarnefndar

¹¹⁷ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði. „Bindi 8,“ 202.

¹¹⁸ Sama rit, 210.

Alþingis að embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum hafi verið ófúsir til að tjá sig um málefni bankanna.¹¹⁹

Þegar fjölmiðlamönnum tókst að fá embættismenn stofnanana eða sérfræðinga í háskólum til að tjá sig um málefni bankanna í aðdraganda bankahrunsins, var algengt að það sem þeir segðu skipti litlu máli. Verstir voru embættismenn þeirra stofnana þar sem aðrir en forstjóri eða æðsti stjórnandi höfðu ekki leyfi til að tjá sig. Og þessir æðstu stjórnendur höfðu almennt litla tilfinningu fyrir því að þeim bæri að veita almenningi upplýsingar með því að svara erindum fjölmiðlamanna. Viljinn til þess var einfaldlega ekki fyrir hendi. Auðvitað voru undantekningar. Sumir embættismenn svörðu nánast alltaf fyrirspurnum fjölmiðlamanna. Þeir voru þó í minnihluta. Hugsanlegt er að það hefði engu breytt þótt embættismenn hefðu verið viljugri til að veita upplýsingar en þeir voru. Það er þó ekki útilokað. Ábending vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis á því fullan rétt á sér.

2.2.6 Ófrjór jarðvegur fyrir gagnrýni

Að síðustu segir vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis að skýra megi ófullnægjandi vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 með því, að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi ekki verið frjór, sumpart vegna þess að fjölmiðlar náðu ekki að upplýsa almenning um stöðu mála.¹²⁰

Það ætti ekki að breyta nokkru fyrir fjölmiðla að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu sé ekki frjór. Fréttaflutningur á ekki að taka mið af aðstæðum í samfélaginu. Það væri í ósamræmi við siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Í 3. grein þeirra segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er ...“¹²¹ Blaðamanni eða fréttamanni stendur því ekki til boða að haga framsetningu fréttar eftir því hvort lesendur, hlustendur eða áhorfendur eru móttækilegir fyrir því sem frétt næmt er og ætlunin er að segja frá. Því er það engin afsökun fyrir fjölmiðlana að jarðvegurinn í samfélaginu hafi ekki verið frjór í aðdraganda bankahrunsins.

Hvað sem líður fréttáflutningi fjölmiðlanna þegar uppgangurinn hér á landi var hvað mestur, þá er næsta víst að töluvert er til í því sem vinnuhópurinn segir varðandi það að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi ekki verið frjór. Svo virðist sem

¹¹⁹ Sama rit, 211.

¹²⁰ Sama rit, 211.

¹²¹ Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur,“ 3. gr.

það hafi ekki einungis verið fjölmiðlarnir sem tóku frekar trúanlegan málflutning bankamanna og ráðamanna en þær gagnrýnisraddir sem bárust aðallega erlendis frá. Það er reyndar ekki svo undarlegt með almenning, þar sem fjölmiðlarnir lögðu almennt meiri áherslu á þann málflutning sem varði fjármálakerfið en gagnrýndi það.

Segja má að með þeirri skýringu vinnuhópsins á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum, að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi ekki verið frjór, sumpart vegna þess að fjölmiðlarnir náðu ekki að upplýsa almenning um stöðu mála, sé á vissan hátt komið annað orðalag á meginniðurstöður vinnuhópsins. Hér er vinnuhópurinn því í raun að segja, eins og áður hefur komið fram, að fjölmiðlarnir hafi rækt illa það hlutverk sitt að upplýsa og veita aðhald, og að þeir hafi átt stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs.¹²² Þannig hafi fjölmiðlarnir því stuðlað að því að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu yrði ekki frjór.

2.2.7 Sannleikurinn og afstaðan til tungumálsins

Hér að framan hefur verið fjallað um helstu skýringar sem vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði segir að varpi ljósi á hvers vegna vinnubrögð á fjölmiðlunum voru ófullnægjandi í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Í þessum kafla er tvennt skoðað sem ekki er nefnt í skýrslunni, sem hugsanlegt er að geti haft nokkuð að segja í þessum efnum. Annars vegar er það hvernig sannleikurinn er meðhöndlaður í siðareglum Blaðamannafélags Íslands og hins vegar afstaða fjölmiðlamanna til tungumálsins. Í umfjöllun um sannleikann fjalla ég fyrst um siðareglur, sem m.a. tengjast meðhöndlun sannleikans.

Í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis er ekkert minnst á eða fjallað um siðareglur Blaðamannafélags Íslands. Vinnuhópurinn segir hins vegar að siðareglur „sem standa vörð um siðferðileg verðmæti og hvetja til góðra verka,“ séu meðal þeirra fjögurra þátta sem siðferði sé í grófum dráttum ofið úr,¹²³ eins og frá er greint framar í þessari ritgerð. Þessu til viðbótar segir í skýrslu vinnuhópsins að þann lærdóm megi draga, að æskilegt sé að taka upp siðareglur á ýmsu sviðum samfélagsins þar sem slíkar reglur eru ekki nú til að fara eftir.

¹²² Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 243.

¹²³ Sama rit, 10.

Vinnuhópurinn segir að setja þurfi siðareglur um meðferð gjafa og annarra samskipta milli starfsmanna og viðskiptamanna fjármálafyrirtækja.¹²⁴ Í annan stað þurfi að setja siðareglur um starfsemi lífeyrissjóða þar sem tekið sé á samskiptum starfsmanna við fyrirtæki.¹²⁵ Stjórnámamenn og embættismenn þurfa að mati vinnuhópsins að setja sér siðareglur sem draga fram og skerpa þá ábyrgð og þær skyldur sem felast í störfum þeirra.¹²⁶ Einnig segir hópurinn æskilegt að forsetaembættið setji sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti sé eðlilegt að hann veiti viðskiptalífinu stuðning.¹²⁷ Þá segir vinnuhópurinn að leita þurfi leiða til þess að styrkja siðferðisvitund stjórnámamanna og auka virðingu þeirra fyrir góðum stjórnsiðum. „Í því skyni þyrftu þingmenn meðal annars að setja sér siðareglur og skýra þar með fyrir sjálfum sér og almenningi hvernig þeir skilja meginskyldur sínar og ábyrgð.“¹²⁸ Vinnuhópurinn nefnir að endingu að fræðasamfélagið þurfi að setja sér samræmdar siðareglur um rannsóknir og fræðimennsku og framfylgja þeim.¹²⁹

Af framannefndri upptalningu má sjá að vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis telur siðareglur mikilvægan þátt í því að stuðla að góðum og viðurkenndum starfsháttum og siðferði í samfélaginu. Næsta vísit er að það eigi einnig við um siðareglur Blaðamannafélags Íslands, þó svo að vinnuhópurinn fjalli ekkert um þær. Skoðanir fjölmiðlamanna á siðareglum Blaðamannafélagsins eru skiptar. Þrátt fyrir það er ekki annað að merkja en að þeir taki þær almennt alvarlega. Þær eru ekki gallalausar. Að mínu mati er helsti ágalli þeirra sá, að í þeim er ekkert minnst á sannleikann.

Siðareglur Blaðamannafélagsins geta haft töluvert að segja um það hvernig fjölmiðlamenn umgangast sannleikann. Í siðareglunum er ekki lögð áhersla á að fjölmiðlamenn greini frá sannleikanum í fréttáflutningi, eins og algengt er víða, heldur er fyrst og fremst lögð áhersla á að íslenskir fjölmiðlamenn vandi vinnubrögð sín. Þarna getur verið munur á.

¹²⁴ Sama rit, 58.

¹²⁵ Sama rit, 77.

¹²⁶ Sama rit, 152.

¹²⁷ Sama rit, 178.

¹²⁸ Sama rit, 184.

¹²⁹ Sama rit, 227.

Skráðir félagar í Blaðamannafélagi Íslands eru hátt í 600 talsins.¹³⁰ Félagið er aðili að Alþjóða blaðamannasambandinu, IFJ (International Federation of Journalists), en félagar í sambandinu eru um 450 þúsund talsins í yfir 100 löndum, og eru félagar í Blaðamannafélagi Íslands þar á meðal.¹³¹ Alþjóða blaðamannasambandið, sem var stofnað árið 1926, gaf árið 1954 út siðareglur fyrir blaðamenn. Þeim var síðast breytt 1986. Blaðamannafélag Íslands setti félagsmönnum sínum fyrst siðareglur 1965. Núverandi siðareglur félagsins eru frá árinu 1991. Siðareglum Blaðamannafélags Íslands svipar að mörgu leyti til siðareglna Alþjóða blaðamannasambandsins, en þó ekki að öllu leyti, ekki hvað varðar umgengni við sannleikann, eins og segir hér að framan.

Í fyrstu grein siðareglna Alþjóða blaðamannasambandsins segir: „Virðing fyrir sannleikanum og fyrir rétti almennings til að fá að vita sannleikann er fyrsta skylda blaðamanna.“¹³² Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er ekkert minnst á sannleikann. Í formálsorðum siðareglanna er þó tekið fram að blaðamenn allra fjölmiðla skuli jafnan hafa í huga grundvallarreglur mannglegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni. Þá er í siðareglunum lögð áhersla á að blaðamenn vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu.¹³³ Íslenskir blaðamenn eiga því að vanda vinnubrögð sín. Þetta má útfæra þannig að þeim sé ætlað að standa rétt að málum.

Sá möguleiki er fyrir hendi að fjölmiðlamenn (blaðamenn) vandi upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu, og geri þannig allt rétt samkvæmt siðareglum Blaðamannafélagsins, en greini hugsanlega ekki frá öllum þáttum máls. Slík vinnubrögð þurfa ekki að vera brot á siðareglum Blaðamannafélagsins. Ekki er hins vegar tryggt að sannleikurinn komi í ljós eða komi allur í ljós.

Ástæða þess að á þetta er bent hér er sú, að þar sem þess er ekki krafist að íslenskir fjölmiðlamenn hafi sannleikann að leiðarljósi, þá er sú freisting til staðar að fjölmiðlamaður klári ekki upplýsingaöflun vegna vinnslu fréttar. Stundum er kappið við að verða fyrstur með fréttirnir svo mikið, að tími gefst ekki til að klára málið. Þau tilfelli geta því komið upp að einungis verði birtur „hálf-sannleikur.“ Annað eins hefur gerst. Fréttir geta því verið rangar, þó svo að vinnubrögðin við vinnslu þeirra og

¹³⁰ Blaðamannafélag Íslands, <http://press.is/press.php>

¹³¹ International Federation of Journalists, <http://www.ifj.org/en/articles/status-of-journalists-and-journalism-ethics-ifj-principles>

¹³² Sama heimild.

¹³³ Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur.“

framsetningu séu eins og til er ætlast. Þá þurfa þær ekki að stangast á við siðareglur Blaðamannafélagsins.

Ekki er hægt að fullyrða, að þar sem engin krafa er gerð um það í siðareglum Blaðamannafélagsins að fjölmiðlamenn hafi sannleikann að leiðarljósi, þá hafi það komið niður á fréttáflutningi í aðdraganda bankahrunsins. Það er hins vegar ekki að ástæðulausu að jafn mikil áhersla er lögð á sannleikann í siðareglum Alþjóða blaðamannasambandsins og raun ber vitni og reyndar í siðareglum blaðamanna víða um heim. Líklegt verður að teljast að fréttáflutningur geti orðið með öðrum hætti en verið hefur, í sumum tilvikum að minnsta kosti, ef sannleikurinn yrði grundvallaratriði við vinnslu fréttu. Að mínu mati væri það því án efa til bóta að gera að minnsta kosti þær breytingar á siðareglum Blaðamannafélagsins, að sannleikurinn fái sambærilegt vægi og í siðareglum Alþjóða blaðamannasambandsins.

Önnur hugsanleg skýring á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins, til viðbótar við skýringar vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis, annars vegar, og meðhöndlun sannleikans, hins vegar, er afstaða fjölmiðlamanna til tungumálsins. Þar er átt við þá orðræðu sem viðskiptafjölmiðlamenn höfðu tamið sér, og sem hefur líklega aldrei verið meira áberandi en einmitt misserin fyrir hrun bankakerfisins. Þetta tengist á vissan hátt því sem fjallað er um hér framar, og vinnuhópurinn bendir á, þ.e. að jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu hafi ekki verið frjór. Þá er einnig líklegt að þetta tengist einni af þremur meginniðurstöðum vinnuhópsins, þ.e. þeirri að fjölmiðlarnir hafi í aðdraganda bankahrunsins átt stóran hlut í því hve umræða um fjármálafyrirtækin var bæði umfangsmikil og lofsamleg.

Franski heimspekingurinn Simone Weil sagði: „Þegar orð er vel skilgreint verður ... það einfaldlega tákni sem hjálpar okkur að skilja einhvern tiltekinn veruleika eða markmið, eða aðferð.“¹³⁴ Þá segir í einum af sex þumalfingursreglum sem breski rithöfundurinn George Orwell tók saman, til að hvetja til vandaðrar málnotkunar á enskri tungu: „Notið aldrei erlent orð, vísindaheiti eða tækniorð ef þið getið fundið jafngilt hversdagslegt orð.“¹³⁵ Orwell tók fram að þetta ætti við ef ætlunin væri að

¹³⁴ Caleb Thompson, „Philosophy and Corruption of Language,“ *The Journal of the Royal Institute of Philosophy*, ed. Renford Bambrough, Cambridge University Press, Vol 67 no 259 (Januay 1992): 23.

¹³⁵ George Orwell, „Politics and the English Language,“ *Horizon* (April 1946): 9.

nota tungumálið sem tæki til að tjá hugsanir en ekki til að fela þær.¹³⁶ Þetta á ekkert síður við um íslensku en ensku.

Óhætt er að segja að stór hluti af viðskiptaumfjöllun fjölmiðlanna, að minnsta kosti á árunum fyrir hrun bankanna, hafi ekki tekið mið af ábendingum Weils og Orwells. Algennt var að í þessari umfjöllun væru notuð ýmis orð og frasar, sem fæstir lesendur, hlustendur eða áhorfendur höfðu á takteinum í daglegu tali. Þetta átti til að mynd við um EBITDA-hagnað, CAD-hlutfall, skuldatryggingarálag, meðalstöðu heildareigna, flöggun, skuldabréfavafninga og ýmislegt fleira. Fyrir vikið var ekki óalgennt að fólk, aðrir en þeir sem beinlínis störfuðu í viðskiptalífinu eða höfðu menntun á því sviði, hefði ekki áhuga á þessari umfjöllun, og léti hana jafnvel að stórum hluta framhjá sér fara. Útkoman gat gert það að verkum að fjármálafyrirtækin virkuðu framandi, sem varla hefur stuðlað að frjóum jarðvegi fyrir gagnrýni á þau.

Ekki er ólíklegt að notkun hinna ýmsu frasa úr viðskiptalífinu í fréttum fjölmiðla hafi ef til vill ómeðvitað átt að þjóna þeim tilgangi að sýna hvað viðkomandi fjölmiðill hafði á að skipa miklum sérfræðingum í málefnum fjármálaheimsins. Önnur skýring getur verið sú, að viðkomandi fjölmiðlamenn hafi talið að aðrir en þeir sem þekktu til á umræddu sviði myndu ekki lesa eða hlusta á umræddar fréttir. Þá væri reyndar illt í efni.

Vert er að minnast á skrif þjóðfélagsrýnanna sem standa að vefsíðu Baggalúts, en þeir höfðu skýra afstöðu til þess hvernig viðskiptafjölmiðlamenn fjölluðu um viðskiptalífið. Þar segir:

Hvaða erkibjálfi var það sem taldi fjölmiðlum trú um að venjulegt fólk úti í bæ nennti að heyra og lesa samræður og umfjöllun um viðskipti og fjármál? Hví í berrössuðum blámanum get ég ekki opnað fyrir útvarp eða flett blaði án þess að þurfa að sitja undir áróðri og spekúlasjónum sjálfskipaðra fjármálavitrunga og viðskiptakverúlanta? Halda fjölmiðlamenn að þetta sé skemmtilegt? Í alvöru?

Mér gæti bara ekki staðið meira á sama um þetta oflofaða hobbý teinjakkaðra eróbikkandi vindbelgja sem þegar allt kemur til alls vita ekkert í sinn krembrúna haus. Hvernig væri nú t.d. að gera hressilegan útvarpsþátt um Hávarðar sögu Ísfirðings? Nú eða skrifa hnitmiðaða upplýsandi blaðagrein um beinkröm.

Hættið að minnsta kosti að sóa tíma venjulegs, vinnandi fólks.¹³⁷

¹³⁶ Sama heimild.

¹³⁷ Baggalútur, „Forystugrein,“ (25. janúar 2004). <http://baggalúti.is/skrif.php?id=431&t=1&start=306>

Auðvitað eru ábendingar Baggalúts settar fram sem grín. Þær segja þó mikinn sannleika. Ekki er hins vegar hægt að merkja að ábendingar þeirra hafi haft áhrif á orðræðu viðskiptafjölmiðlamanna. Þeir héldu flestir áfram að skrifa eða tala tungumál sem líklegt er að hafi verið framandi fyrir stóran hluta lesenda, áhorfenda eða hlustenda, að minnsta kosti fram að hruni bankanna.

2.3 Athugasemdir við greinargerð Rannsóknarseturs

Næsta víst er að greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands hefur verið mikilvægt innlegg fyrir þá vinnu sem vinnuhópi rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði var falið að inna af hendi. Þar er varpað ljósi á umfjöllun fjölmiðla á Íslandi um banka og fjármálafyrirtæki á árunum 2006-2008. Rannsóknarsetrinu var falið að leggja mat á tvennt; í fyrsta lagi hvort fjölmiðlaumfjöllun um íslenskt viðskiptalíf hefði verið lofsamleg, gagnrýnin eða afstöðulaust; í annan hversu sjálfstæð efnistöð fróttamanna hefðu verið.¹³⁸

Rannsóknarsetrið hefði þurft lengri tíma og meira fjármagn til að geta ráðist í ítarlega innihaldsgreiningu á umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins, sem höfundar greinargerðarinnar segja að hafi ekki verið í boði.¹³⁹ Vandí höfunda greinargerðar Rannsóknarsetursins var því sambærilegur við þann vanda sem algengur er á fjölmiðlunum, þ.e. tímaskortur og takmarkað fjármagn. Í greinargerð Rannsóknarsetursins er einmitt bent á, að nýlegar rannsóknir sýni að fjölmiðlamenn finni sárt fyrir þeim „hömlum sem takmörkuð fjárráð og mannaflí leggja á faglegan metnað íslenskra blaða- og fréttamanna.“¹⁴⁰

Þó svo að greinargerð Rannsóknarsetursins gefi að mörgu leyti skýra mynd af umfjöllun fjölmiðla um banka og fjármálafyrirtæki, þá er myndin ekki tæmandi. Ekki verður annað séð en að höfundarnir séu sjálfir einmitt þessarar skoðunar. Þetta kemur til að mynda fram í niðurstöðum þeirra. Þar segir meðal annars, að ekki hafi reynst unnt „að skoða sérstaklega umfjöllun miðlanna í viðskiptafylgiritum eða – fréttatímum.“¹⁴¹ Þetta er bagalegt því bæði *Fréttablaðið* og *Morgunblaðið* lögðu mikið upp úr viðskiptaskrifum í viðskiptafylgiritum sínum. Fréttaskýringar um hin margvíslegu málefni viðskiptalífsins voru til að mynda algengar í

¹³⁸ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði. „Bindi 8,“ 249.

¹³⁹ Sama rit, 263.

¹⁴⁰ Sama rit, 248-249.

¹⁴¹ Sama rit, 265.

viðskiptafylgiritunum en heyrðu til undantekninga í aðalblöðum dagblaðanna tveggja. Eins og gefur að skilja veita fréttaskýringar oft tækifæri til innihaldsríkari umfjöllunar um málefni en hægt er að koma að í fréttum. Það skekkir því myndina að þessi tvö viðskiptafylgirit hafi ekki verið tekin með í rannsókn Rannsóknarsetursins. Það sama á og við um sérstaka viðskiptaumfjöllun sem Stöð 2 var reglulega með á tilteknu tímabili, sem Rannsóknarsetrið hafði heldur ekki tækifæri til að leggja mat á. Hvort það hefði haft áhrif á meginniðurstöður Rannsóknarsetursins, ef viðskiptafylgirit dagblaðanna og viðskiptaumfjöllun Stöðvar 2 hefðu verið tekin með í rannsókn þess, skal ósagt um á þessu stigi.

Í annan stað er líklegt að skýrari mynd hefði fengist af umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins ef rannsókn Rannsóknarsetursins hefði náð til efnahagslífsins í heild en ekki einungis til banka og fjármálafyrirtækja. Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis hafði reyndar óskað eftir að „lagt yrði mat á umfjöllun fjölmiðla um íslenskt viðskiptalíf á tímabilinu frá janúar 2006 til október 2008.“¹⁴² Bankarnir eru mikilvægur hluti af efnahagslífinu. Fjölmarginir aðrir þættir hafa þar einnig áhrif, svo sem stefna stjórnvalda í efnahagsmálum, framkvæmdir á vegum hins opinbera, hlutabréfamarkaður, fasteignamarkaður og umhverfismál, svo einungis nokkur atriði séu nefnd. Umfjöllun fjölmiðla um banka og fjármálafyrirtæki segir því ekki alla söguna. Þar er langur vegur frá. Það var hins vegar einungis það sem Rannsóknarsetrið kannaði.

Það er mat rannsakenda Rannsóknarsetursins að greinandi og sjálfstæð efnisöflun hafi verið lítil eða engin í 4 af hverjum 5 fréttum fjölmiðla um fjármálafyrirtækin á tímabilinu 2006-2008. Þetta eigi einkum við um styttri fréttir á innsíðum dagblaðanna sem hafi verið bróðurparturinn af fjölda fréttanna, eða um 62% af heildinni. Hins vegar hafi aðeins 7% fréttu prentmiðla á útsíðum og burðarfréttir á innsíðum af fjármálafyrirtækjum skort alla greinandi vinnu. Í þessu sambandi segja höfundar greinargerðarinnar að eðlilegt sé að horfa meira á burðarfréttir en smærri innsíðufréttir þegar vinnubrögð eru metin.¹⁴³ Í þessu samhengi segir í niðurstöðum greinargerðar Rannsóknarsetursins m.a.: „Eitt af hlutverkum fjölmiðla er að segja frá því sem gerðist, hvar og hvenær. Ef leggja ætti vinnu í að greina hvern „atburð“ yrðu daglegar fréttir fáar.“¹⁴⁴ Þá segja höfundarnir í lokaorðum greinargerðarinnar:

¹⁴² Sama rit, 249.

¹⁴³ Sama rit, 264.

¹⁴⁴ Sama rit, 264.

Í fréttum er fjallað um það sem gerist frá degi til dags og það hefur oft í för með sér að undirliggjandi þróun fer framhjá miðlunum. [...] Það þarf öfluga fjölmiðla til að fara gegn ríkjandi öflum og ríkjandi stemningu og spyrja má hvaða forsendur fjölmiðlar hafi haft til að draga í efa fullyrðingar ráðamanna um að fjármálakerfið stæði traustum fótum.¹⁴⁵

Af framansögðu má ljóst vera að höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins gera sér fulla grein fyrir þeirri stöðu sem fjölmiðlarnir voru í í aðdraganda bankahrunsins. Umsvifin á fjármálamarkaðinum voru mikil og því þurfti að koma mörgu að í fjölmiðlum sem vildu reyna að greina sem skýrast frá því sem var að gerast, en það hlýtur að vera forsenda þess að hægt sé að fá heildarmynd af stöðu mála. Það að sjálfstæð efnisöflum og greinandi umfjöllun hafi verið lítil eða engin í miklum meirihluta fréttu fjölmiðla, sem flestar voru styttri fréttir, gefur því ekki fullnægjandi mynd af því hvernig umfjöllun fjölmiðla um fjármálafyrirtækin raunverulega var. Það varpar enn frekar ljósi á þörfina fyrir ítarlegri innihaldsgreiningu á umfjöllun fjölmiðla, eins og höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins leggja sjálfir áherslu á.¹⁴⁶

Höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins segja í lokaorðum:

... í ljósi þess hversu neikvæð umfjöllun um bankana var fátíð og ekki var merkjanlegur munur á gæðamati miðla sem sérhæfðu sig í umfjöllun um viðskipti og hinna, er fátt sem bendir til að sérhæfing viðskiptablaðamanna hafi skilað sér í betra aðhaldi að fjármálafyrirtækjum.¹⁴⁷

Ekki er ljóst hvernig höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins geta komist að framangreindri niðurstöðu. Er hægt að ganga út frá því, að vegna þess hvað neikvæð umfjöllun um bankana var fátíð, að þá segi það eitthvað um gæði fréttamenskunnar? Ég held ekki. Þá er nauðsynlegt að hafa í huga, eins og fram hefur komið hér að framan, að rannsakendur Rannsóknarsetursins skoðuðu ekki viðskiptafylgirit tveggja dagblaða né sérstaka viðskiptaumfjöllun Stöðvar 2 í aðdraganda bankahrunsins. Þó ólíklegt sé að umfjöllun um bankana á þessum stöðum

¹⁴⁵ Sama rit, 266.

¹⁴⁶ Sama rit, 267.

¹⁴⁷ Sama rit, 265.

hafi verið í einhverju miklu mæli neikvæðari en í fjölmiðlunum almennt, þá er næsta víst að þar hafi verið meira um fréttaskýringar um hin ýmsu málefni viðskipta- og atvinnulífsins, og þar á meðal um bankana. Þó svo að þær hafi ekki alltaf verið neikvæðar þá er ekkert sem segir að þær hafi ekki verið vandaðar. Því virðast nægjanleg gögn ekki liggja fyrir til að rannsakendur Rannsóknarsetursins geti dregið framannefnda ályktun.

Í kafla IV hér að aftan er fjallað um skrif viðskiptafylgiritu *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins*. Tilgangurinn er að reyna að leiða í ljóst hvort umfjöllun þessara blaða um viðskipta- og atvinnulífið breyti þeirri mynd sem greinargerð Rannsóknarsetursins gefur af frammistöðu fjölmiðlanna.

2.4 Samantekt

Hér að framan eru athugasemdir mínar við meginniðurstöður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði (kafla 2.1), um skýringar vinnuhópsins á niðurstöðum sínum (kafla 2.2) og um skýrslu Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands (kafla 2.3).

Fallist er á allar þrjár meginniðurstöður vinnuhópsins, þ.e., fjölmiðlarnir ræktu illa það hlutverk sitt að upplýsa almenning; þeir ræktu illa það hlutverk sitt að veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald; þeir áttu stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármáallífs. Þetta er gert samkvæmt þeim skilningi á upplýsinga- og aðhaldshlutverki fjölmiðlanna, að vinnuhópurinn sé ekki að benda á nauðsyn þess að fjölmiðlamenn þurfi að vera sérfræðingar í öllu því sem snertir bankastarfsemi eða önnur svið samfélagsins. Hins vegar telji vinnuhópurinn að gera verði þá kröfu til fjölmiðlanna að þar sé unnið af fagmennsku út frá forsendum blaðamenskunnar. Í annan stað að tekist sé á við verkefni af hugrekki, og í þriðja lagi að þeim sé fylgt eftir af eljusemi.

Fjallað hefur verið um þær skýringar sem vinnuhópurinn telur að varpi ljósi á hvers vegna vinnubrögð á fjölmiðlunum voru ófullnægjandi í aðdraganda bankahrunsins. Segja má að sumar þeirra afsaki að hluta hvers vegar vinnubrögðin voru ekki sem skyldi, en það gera aðrar ekki. Vanbúnir fjölmiðlar, upplýsingafulltrúar sem skekktu myndina, ófúsir embættismenn og sérfræðingar og ófrjór jarðvegur fyrir gagnrýni geta hugsanlega að hluta afsakað hin ófullnægjandi vinnubrögð á fjölmiðlunum. Það á hins vegar ekki við um þá staðreynd að fjölmiðlarnir voru

ósjálfstæðir og ekki vakandi fyrir hættumerkjum. Þá er líklegt að vinskapur fjölmiðlamanna við starfsmenn bankanna, sjálfsritskoðun þeirra og samtönnun fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis eigi sinn þátt í hinum ófullnægjandi vinubrögðum. Um þessi atriði er fjallað hér að framan. Þessu til viðbótar nefni ég að hugsanlega megi skýra ófullnægjandi vinnubrögð á fjölmiðlunum að hluta til með því hvernig sannleikurinn var meðhöndlaður og með afstöðu fjölmiðlamanna til tungumálsins.

Í greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti segir að ýmislegt í vinnuumhverfi blaða- og fréttamanna geri þeim erfitt að sinna aðhaldshlutverki sínu. Þessu til stuðnings er vísað til erfiðs ástands á fjölmiðlamarkaðinum, fjöldauppsagna blaða- og fréttamanna og samþjöppunar á eignarhaldi.¹⁴⁸ Í þessu felst hugsanlega ákveðin afsökun fyrir því hvers vegna fjölmiðlarnir sinntu ekki hlutverki sínu sem skyldi. Afstaða til þess er þó ekki tekin í greinargerðinni, enda var það ekki verkefni Rannsóknarsetursins að fjalla um hvernig fjölmiðlarnir sinntu hlutverki sínu. Verkefnið var einungis að leggja mat á hvort fjölmiðlaumfjöllun um íslenskt viðskiptalíf hefði verið lofsamleg, gagnrýnin eða afstöðulaus og hversu sjálfstæð efnistöð fráttamanna hefðu verið. Það skekkir hins vegar myndina í þeirri athugun að Rannsóknarsetrið skoðaði ekki viðskiptaumfjöllun í viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* og á Stöð 2. Þá takmarkar það einnig niðurstöður Rannsóknarsetursins að athugun þess náði einungis til fjölmiðlaumfjöllunar um banka og fjármálafyrirtæki en ekki til viðskipta- og athafnalífsins eða efnahagslífsins í heild.

Þrátt fyrir ýmsar hugsanlegar afsakir fyrir ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008, og þrátt fyrir að rannsókn Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti hafi ekki verið eins ítarleg og æskilegt hefði verið, þá stendur engu að síður eftir sú staðreynd, að fjölmiðlarnir ræktu illa hlutverk sitt, eins og vinnuhópurinn kemst að niðurstöðu um. Þetta er veruleikinn sem almennir fjölmiðlamenn, stjórnendur fjölmiðlanna og ekki síst eigendur þeirra, þurfa að taka afstöðu til, ef vilji er fyrir því að bæta þarna úr.

Ástæða er til að benda sérstaklega á að hér er talað um að fjölmiðlar hafi rækt hlutverk sitt illa en ekki talað um fjölmiðlamenn. Þarna getur hugsanlega verið einhver munur á. Um þau atriði er meðal annars fjallað aftar í þessari ritgerð. Næst er siðfræðin hins vegar tekin fyrir.

¹⁴⁸ Sama rit, 267.

III. Aðferðir siðfræðinnar

Hér að framan hefur verið greint frá og fjallað um niðurstöður og ályktanir vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis varðandi þátt fjölmiðlanna í hrúni íslensku bankanna í október 2008. Ýmsar athugasemdir og aðfinnslur við vinnubrögðin á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins hafa komið fram. Þetta eru athugasemdir og aðfinnslur sem vinnuhópurinn komst að á grundvelli siðfræðinnar.

Í þessum kafla er umfjöllunarefnið aðferðir siðfræðinnar við ákvarðanatöku sem gagnast til að stuðla að vönduðum vinnubrögðum og starfsháttum. Markmiðið er að skapa grundvöll til þess að leggja siðfræðilegt mat á vinnubrögð og starfshætti á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Fyrst er hugað að muninum á fræðilegri og verklegri siðfræði sem svo hafa verið nefnd. Næst er fjallað um tilraunir heimspekinganna Immanuel Kant og John Stuart Mill til þess að setja fram grundvallarlögmál í siðfræði. Þar á eftir er útskýrt hvers vegna vinnuhópur rannsóknarnefndarinnar beitti ekki helstu kenningum siðfræðinnar eða grundvallarlögmálum í umfjöllun sinni um starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Að lokum er fjallað um skyldur og ábyrgð starfsstétta með hliðsjón af almennum siðferðissjónarmiðum.

3.1 Fræðileg eða verkleg siðfræði

Mikael M. Karlsson, heimspekingur, segir í grein sem birt var í viðskiptaritinu *Vísbendingu* á árinu 1987, að þótt kerfisbundnar rannsóknir siðferðilegra vandamála – siðfræði – hafi auðvitað um langan aldur verið í verkahring heimspekinga, þá hafi þær rannsóknir verið fræðilegar og sértækar, en ekki bundnar tilteknu sviði siðferðilegra spurninga. „Nytjaheimspeki fæst nær eingöngu við siðferðileg vandamál sem upp koma í tengslum við ákveðnar starfsgreinar – þess vegna mætti jafnvel kalla hana „hagnýtta siðfræði“ (applied ethics) – og eins og nafnið bendir til er þess vænt, að hún sé jarðbundin fremur en fræðileg.¹⁴⁹ Um kenningar heimspekinnar segir Mikael síðan, að þær séu háfleygar og ótraustar og því vandmeðfarnar. Þær stangist líka á um margt. Þó segir hann að þær geri okkur kleift að sjá siðferðileg vandamál frá ólíkum hliðum. Það geti hjálpað okkur að vita hvað skiptir mestu máli frá siðferðilegu

¹⁴⁹ Mikael M. Karlsson, „Um hlutverk nytjaheimspeki í viðskiptum og öðrum atvinnugreinum,“ *Vísbending*, 37. tölublað (25. nóvember 1987): 2.

sjónarmiði, að greina hismið frá kjarnanum. „Það hjálpar okkur líka að koma auga á skynsamlegar leiðir til þess að takast á við siðferðileg vandamál. En við verðum samt sem áður sjálf að taka siðferðilegar ákvarðanir.“¹⁵⁰

Vilhjálmur Árnason, heimspekingur og prófessor við Háskóla Íslands, leggur út af skrifum Miklaels í bók sinni, *Siðfræði lífs og dauða*. Þar segir hann að markmið allrar siðfræði sé að bæta mannlegt siðferði.¹⁵¹ Í þessu sambandi er vert að hafa í huga hvað vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis segir í skýrslu sinni um tengslin á milli siðfræðinnar og siðferðisins. Þar segir: „Siðfræði er gagnrýnin greining á siðferði og starfsháttum.“¹⁵² Þorsteinn Gylfason, heimspekingur, orðar þetta á annan hátt, en þó með sambærilegri merkingu, í greininni „Siðferði og samvizka“, sem birtist meðal annars í tíu ára afmælisriti Siðfræðistofnunar. Hann segir: „Siðfræði er fræðigrein, stranglega afmörkuð sem slík frá fornu fari, og hún fjallar um siðferðið sem á ekkert skylt við fræðigrein þótt það sé að vísu afmarkað líka.“¹⁵³

Í *Siðfræði lífs og dauða* segir Vilhjálmur að samkvæmt skoðun Miklaels sé verkleg siðfræði í meiri nálægð en hin fræðilega við þann siðferðilega veruleika sem er tilefni þeirra beggja. Fræðileg siðfræði geti leyft sér umfjöllun um lögmál og siðareglur og heimspekilegan grunn þeirra, án þess endilega að tengja þau við tiltekið hversdagslegt viðfangsefni, en slík jarðtenging sé einmitt meginmarkmið verklegrar siðfræði.¹⁵⁴ Þá segir Vilhjálmur:

[F]ræðileg siðfræði [fjallar] einkum um tengslin á milli siðalögmála og siðfræðilegra kenninga, um fræðilega réttlætningu eða grundvöll siðareglna, en lætur sig einstakar aðstæður síður skipta. Verkleg siðfræði fjallar aftur á móti meir um tengsl siðareglna og lögmála við einstakar aðstæðubundnar ákvarðanir. Þessi jarðtenging einkennir hagnýtta siðfræði.¹⁵⁵

Fræðileg siðfræði gengur því út á útlistun kenninga og beitingu þeirra. Þá eru aðstæður greindar í ljósi kenninga og mælt með þeirri ákvörðun sem samrýmist best tilteknum kenningum. Verkleg siðfræði miðar hins vegar að greiningu á aðstæðum

¹⁵⁰ Sama rit, 3.

¹⁵¹ Vilhjálmur Árnason, *Siðfræði lífs og dauða* (Reykjavík: Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2003), 48-49.

¹⁵² Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 10.

¹⁵³ Þorsteinn Gylfason, „Siðferði og samvizka,“ *Hvers er siðfræðin megnug?* ritstj. Jón Á. Kalmannsson (Reykjavík: Siðfræðistofnun – Háskólaútgáfan, 1999), 135.

¹⁵⁴ Vilhjálmur, *Siðfræði lífs og dauða*, 49-50.

¹⁵⁵ Sama rit, 50.

eða staðreyndum, þar sem mið er tekið af siðferði vettvangsins sem samrýmist lögmálum og skyldum viðkomandi starfs eða athafna.

Samkvæmt því sem að framan greinir virðist beinast liggja við að beita verklegri siðfræði við greiningu á þætti fjölmiðlanna í hruni bankanna haustið 2008. Gagnlegt er þó að líta nánar á fræðilegu siðfræðina.

3.2 Fræðileg siðfræði – Útlistun kenninga

Vilhjálmur Árnason segir í bók sinni, *Þættir úr sögu siðfræðinnar*, frá árinu 1990, að kenningar þeirra Immanúels Kant (1724-1804) og Johns Stuart Mill (1806-1873) séu áhrifamestu tilraunir sem gerðar hafi verið til þess að setja fram grundvallarlögmál í siðfræði. Þeir reyni hvor um sig að setja fram siðalögmál sem hafa megi til viðmiðunar þegar dæma skuli um réttmæti einstakra athafna og ákvarðana. „Hið skilyrðislausa skylduboð Kants og hámarkshamingjulögmál Mills orða báðar frumreglu siðferðilegrar breytni og fela jafnframt í sér siðaboðskap: þær leiðbeina mönnum um það hvernig þeir eigi að lifa og hvað þeim beri að gera.“ Vilhjálmur segir einnig að kenningar þeirra Kants og Mills geri okkur kleift að gagnrýna ríkjandi siðferði að svo miklu leyti sem það brýtur í bág við þær hugsjónir sem siðalögmálin fela í sér. Þá segir hann að siðfræðin reyni að leita svara við því hvort ríkjandi skoðanir samrýmist góðu og réttlátu lífverni.¹⁵⁶

Samkvæmt skilyrðislausa skylduboði Kants, sem hann setti fram í bók sinni *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, ber mönnum að breyta eftir lífsreglu „sem getur jafnframt orðið að algildu lögmáli.“¹⁵⁷ Þetta lögmál Kants „dregur í fáum orðum saman lýsingu á aðferð við að ákvarða hvort athöfn sé siðferðilega leyfileg.“¹⁵⁸ Engar sérreglur gilda því um fjölmiðlamenn samkvæmt skilyrðislausa skylduboði Kants, og ættu fjölmiðlamenn því eins og aðrir ávallt að gera það sem skyldan býður þeim að gera.

Samkvæmt hámarkshamingjulögmáli Johns Stuart Mill, sem hann lýsir í bók sinni *Nytjastefnunni*, „er endanlega markmið okkar líf svo laust við vansæld sem vera

¹⁵⁶ Vilhjálmur Árnason, *Þættir úr sögu siðfræðinnar* (Reykjavík: Háskóli Íslands, 1990), 68.

¹⁵⁷ Immanuel Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, íslensk þýðing Guðmundar Heiðars Frímanssonar (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003), 35.

¹⁵⁸ James Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, íslensk þýðing Jóns Á. Kalmanssonar (Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 1997), 160.

má og hið auðugasta að hvers kyns unaðsemðum bæði að magni og gæðum.¹⁵⁹ Samkvæmt hinni klassísku nytjastefnu, sem kennd er við Mill og Jeremy Bentham, skal aðeins dæma athafnir réttar eða rangar á grundvelli þess hvaða afleiðingar þær hafi. „Réttar athafnir eru einfaldlega þær athafnir sem hafa góðar afleiðingar.“¹⁶⁰ Í annan stað skiptir einungis máli hversu mikilli hamingju eða óhamingju er komið til leiðar. „Annað skiptir ekki máli. Þannig eru réttar athafni þær athafnir sem skapa mesta hamingju og minnsta óhamingju.“¹⁶¹ Í þriðja lagi er velferð allra manna jafn mikilvæg,¹⁶² samkvæmt hinni klassísku nytjastefnu. Fjölmiðlamenn eiga því í störfum sínum að taka fullt tillit til fjöldans, hamingju hans og velferðar, samkvæmt kenningum Mills.

Skilyrðislaus skylduboð Kants og hámarkshamingjulögmál Mills eru því hugsuð til að leiðbeina fólki, og þar með fjölmiðlamönnum jafnt sem öðrum. Markmiðið er gott og réttlátt líferni. Spurning er hins vegar hvort heppilegast sé að greina aðstæður, eins og þær sem voru í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008, á grundvelli kenninga siðfræðinnar.

3.3 Verkleg siðfræði - Aðferð vinnuhópsins

Í bók sinni *Þættir úr sögu siðfræðinnar*, segir Vilhjálmur Árnason að reglur og forskriftir siðfræðinnar geti í besta falli verið til áminningar og viðmiðunar í rökræðum manna um siðferðileg efni, efni sem eru í senn persónuleg og félagsleg en eru ekki fræðileg sem slík.¹⁶³ Þetta á því að mati Vilhjálms við um kenningar Kants og Mills sem fjallað er um hér að framan. Í þessu samhengi segir hann að siðfræðin þurfi að taka mið af því að „raunverulegt form siðferðilegrar orðræðu er ekki einræða samviskunnar við sjálfa sig og siðareglurnar, heldur samræða manna í tilteknum aðstæðum um tiltekin úrlausnarefni.“¹⁶⁴ Hann segir einnig, að „kannske [sé] vænlegast til árangurs í siðfræði að rekja reynslu- og þroskasögu einstaklinga og draga af henni lærdóma um siðferðislífið heldur en að halda kenningum á lofti sem falla betur að hreinleik fræðanna en margbreytileik mannlífsins?“¹⁶⁵ Hér er

¹⁵⁹ John Stuart Mill, *Nytjastefnan*, íslensk þýðing Gunnars Ragnarssonar (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998), 111.

¹⁶⁰ Rachels, *Stefnur og straumar í siðfræði*, 139.

¹⁶¹ Sama rit, 139.

¹⁶² Sama rit, 140.

¹⁶³ Vilhjálmur Árnason, *Þættir úr sögu siðfræðinnar*, 102.

¹⁶⁴ Sama rit, 102.

¹⁶⁵ Sama rit, 67.

Vilhjálmur í raun að segja að líklega sé verkleg siðfræði, hagnýtt siðfræði eða nytjaheimspeki, betur til þess fallin að greina aðstæður með hliðsjón af siðfræðinni en beiting kenninga.

Vilhjálmur Árnason var formaður vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði. Með honum í nefndinni voru Salvör Nordal, heimspekingur og forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.¹⁶⁶

Framanefnd skrif Vilhjálms varpa væntanlega ljósi á hvers vegna vinnuhópur rannsóknarnefndarinnar minnst ekki á kenningar eða lögmál siðfræðinnar, hvorki lögmál Kants, Mills eða annarra fræðimanna, í umfjöllun sinni um þátt fjölmiðlanna í hrúni bankanna né á öðrum sviðum. Í stað þess að halda kenningum eða lögmálum á lofti rekja höfundar skýrslu vinnuhópsins reynslusögur af vinnubrögðum og starfsháttum á fjölmiðlunum og draga lærdóma af þeim. Þá skýra framangreind skrif Vilhjálms væntanlega einnig hvers vegna vinnuhópurinn segir í skýrslu sinni, að vandaðir og viðurkenndir starfshættir myndi viðmið fyrir siðferðilega greiningu á hinum einstöku sviðum samfélagsins,¹⁶⁷ eins og frá er greint hér að framan.

Með hliðsjón af þeirri áherslu sem vinnuhópurinn leggur á vandaða og viðurkennda starfshætti liggur beinast við að huga næst að skyldum og ábyrgð starfsstétta.

3.4 Skyldur og ábyrgð starfsstétta

Heimspekingurinn Sigurður Kristinsson fjallar um skyldur og ábyrgð starfsstétta í samnefndri grein sem birtist í fimm ára afmælisriti Siðfræðistofnunar, *Erindi siðfræðinnar*, frá árinu 1993. Þar segir Sigurður meðal annars, að „hver sá sem gengur til liðs við starfsstétt tekur að sér að þjóna tilteknu hlutverki í samfélaginu.“¹⁶⁸ Og hann segir síðar, „að fagmanneskja hljóti að gegna skyldum sem leiða má af því hlutverki og þeirri hugsjón sem fag hennar þjónar. Þessar skyldur nefni ég einu nafni *frumskuldbindingu starfsins*.“¹⁶⁹ Frumskuldbinding starfs er þó að sögn Sigurðar aðeins önnur af tveimur meginuppsprettum þeirrar skyldu sem fagmannsekjan er bundin. „Hin uppsprettan eru þau siðferðisgildi sem öllum ber að virða, hvaða starfi

¹⁶⁶ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 7.

¹⁶⁷ Sama rit, 10.

¹⁶⁸ Sigurður Kristinsson, „Skyldur og ábyrgð starfsstétta,“ *Erindi siðfræðinnar*, ritstj. Róbert H. Haraldsson (Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993), 134.

¹⁶⁹ Sama rit, 135.

sem þeir gegna og hvort sem þeir gegna yfirleitt nokkru starfi eða ekki.¹⁷⁰ Sigurður leggur áherslu á að í veruleikanum séu frumskuldbinding starfs og þau siðferðisgildi sem öllum ber að virða samtvinnuð. Hann kemst því að eftirfarandi niðurstöðu: „Frumskuldbindingu starfs er aldrei unnt að uppfylla með því að bregðast almennum siðferðissjónarmiðum.“¹⁷¹

Niðurstaða Sigurðar er í fullu samræmi við siðferðilega nálgun vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis, sem frá er greint hér að framan, þ.e. að vandaðir og viðurkenndir starfshættir myndi viðmið fyrir siðferðilega greiningu á hinum einstöku sviðum samfélagsins.¹⁷² Því auk þessa segir vinnuhópurinn að „[í] störfum fagstétta er siðferði svo samofið góðum starfsháttum að þar verður ekki sundur skilið.“¹⁷³

Rétt er að minnast á það sem vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis segir í lokaorðum skýrslu sinnar. Þar segir:

Frá siðferðilegu sjónarmiði er til lengri tíma litið brýnast að treysta lýðræðislega innviði samfélagsins og styrkja stjórnkerfið; bæta þarf viðskiptasiðferði, stjórnsiði og vinnulag, efla fagmennsku og siðferðisvitund.¹⁷⁴

Í framannefndri tilvitnun er ábending vinnuhópsins til fjölmiðlanna sú, að á þeim þurfi annars vegar að bæta vinnulag, og hins vegar að efla fagmennsku og siðferðisvitund. Út frá þessum ábendingum vinnuhópsins, ásamt framannefndum skrifum Sigurðar Kristinssonar um tengsl frumskuldbindingar starfs og almennra siðferðissjónarmiða, sem eru í samræmi við skoðanir vinnuhópsins í þeim efnum, er hægt að leggja mat á vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins.

¹⁷⁰ Sama rit, 136.

¹⁷¹ Sama rit, 137.

¹⁷² Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 10.

¹⁷³ Sama rit, 10.

¹⁷⁴ Sama rit, 243.

IV. Vinnubrögð á fjölmiðlunum

Um svipað leyti og umsvif íslensku bankanna jukust bæði hratt og mikið eftir einkavæðingu Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands í lok árs 2002, varð sambærileg þróun á mörgum öðrum sviðum atvinnulífsins. Þetta átti við um verslun, lyfjaframleiðslu, fasteigna- og íbúðalánamarkað, sjávarútveg og reyndar á mörgum öðrum sviðum einnig. Viðskiptaritstjórnir fjölmiðlanna fjölluðu um öll þessi málefni. Umfjöllun um banka og fjármálafyrirtæki var því einungis hluti af því sem heyrði undir viðskiptaritstjórnirnar á árunum fyrir hrun bankanna haustið 2008. Viðskiptafylgirit dablaðanna, og reyndar *Viðskiptablaðið* einnig, voru því ekki fagrit um fjármálamarkaðinn einan og sér og þeim var aldrei ætlað að vera það. Þeirra verkefni var hins vegar að fjalla um viðskipta- og athafnalífið í heild sinni. Þetta skiptir máli þegar rætt er um hvaða kröfur hægt sé að gera til umfjöllunar fjölmiðlanna um einstök sérsvið innan viðskiptalífsins. Eftir á að hyggja má hins vegar spyrja hvort það hafi ef til vill verið mistök að takmarka ekki umfjöllun fylgiritanna með einhverjum hætti, til að mynda við ákveðin svið sem merkilegust þóttu, eða sem mestu máli skiptu.

Í þessum kafla er í fyrsta lagi fjallað um skrif viðskiptafylgiritra *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins*, sem Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti tók ekki fyrir í rannsókn sinni á fjölmiðlunum. Skrifin í þessum fylgiritum voru alla jafna nokkuð frábrugðin almennri viðskiptaumfjöllun í aðalblöðum dagblaðanna, þó sömu blaðamennirnir hafi séð um hvoru tveggja. Markmiðið með þessu er að gefa fyllri mynd af vinnubrögðum viðskiptaritstjórna dagblaðanna en sjá má af greinargerð Rannsóknarsetursins, til að skýrar sé hægt að kveða upp úr um hvar hugsanleg ábyrgð fjölmiðlanna liggur.

Í annan stað er í þessum kafla umfjöllun um ábyrgð fjölmiðla. Þar er verkaskiptingin á fjölmiðlunum skoðuð, í þeim tilgangi að draga fram hvar ábyrgðin á ófullnægjandi umfjöllun þeirra liggur. Afstaða er tekin til þess hvort almennir fjölmiðlamenn, fréttastjórar, ritstjórar, stjórnir og eigendur beri sömu ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins eða hvort ábyrgð hópanna er mismunandi.

4.1 Viðskiptafylgirit dagblaðanna

Á fjölmiðlunum voru ekki fréttamenn sem gátu einbeitt sér að því verkefni að fjalla um fjármálamarkaðinn einan og sér, eins og víða á viðskiptafjölmiðlum erlendis. Þannig er málum til að mynda háttað á danska viðskiptablaðinu *Børsen*, sem íslenskir fjölmiðlar vitna oft til, og sem sumir þeirra áttu reyndar nokkur samskipti við í aðdraganda bankahrunsins. Á vefsíðu *Børsen* kemur fram að þar eru nú fjórir blaðamenn sem fjalla um fjármálamarkaðinn, tveir hafa efnahagsmál á sinni könnu, sjö einbeita sér að athafna- eða viðskiptalífínu almennt og aðrir blaðamenn hafa önnur sérverkefni. Blaðamenn á *Børsen* eru nú 30 talsins, auk ritstjóra, fréttastjóra og ritara.¹⁷⁵ Á viðskiptaritstjórn *Morgunblaðsins* voru á árunum fyrir hrun bankanna að jafnaði um 5-6 blaðamenn í það heila. Þeir voru oftast ef ekki alltaf færri á viðskiptaritstjórn *Fréttablaðsins*.

Líkurnar á góðum árangri af vinnu viðskiptafjölmiðlamanna hljóta að aukast eftir því sem þeir hafa betra tækifæri til að einbeita sér að ákveðnum sviðum viðskiptalífsins. Því verður að ætla að þeir viðskiptafjölmiðlamenn, sem hafa tækifæri til að einbeita sér til að mynda að fjármálamarkaðinum, eigi meiri möguleika á að skila vandaðri umfjöllun um það svið viðskiptalífsins en þeir fjölmiðlamenn, sem verða að dreifa kröftum sínum á allt viðskiptalífið og hafa þannig ekki tækifæri til að tileinka sér ákveðin sérsvið. Fyrir hrun bankanna haustið 2008 þekktist ekki að viðskiptafjölmiðlamenn dagblaðanna gætu tileinkað sér ákveðin sérsvið innan viðskiptalífsins og einbeitt sér að þeim. Auðvitað skrifuðu einstakir fjölmiðlamenn meira um eitt málefni en annað, en allir urðu að vera tilbúnir til að fjalla um hvað eina sem upp kom á hverjum tíma. Og þannig var það líka. Næsta víst er að ekkert hafi verið undanskilið hjá flestum ef ekki öllum viðskiptafjölmiðlamönnum dagblaðanna.

Jón Kaldal, fyrrverandi ritstjóri *Fréttablaðsins* og núverandi ritstjóri *Fréttatímans*, lýsir ágætlega þeirri stöðu sem íslenskir fjölmiðlamenn voru í, í skýrslu sem tekin var af honum 29. júlí 2009 fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Þar segir Jón: „Á fjölmiðlunum starfar fólk sem veit lítið um mikið. Við treystum því alfarið eða að mjög miklu leyti á þá sem vita mikið um lítið, þ.e. þá sem eru sérfræðingar.“¹⁷⁶ Þetta er góð lýsing á hinum almennu fjölmiðlamönnum á viðskiptaritstjórnnum fjölmiðlanna í aðdraganda bankahrunsins. Fjölbreytnin í hinum daglegu störfum þeirra var mjög mikil, eins og sjá má af eftirfarandi athugun á viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og

¹⁷⁵ *Børsen*, „Heimasíða“, http://borsen.dk/footer/kontakt_os/journalister.html

¹⁷⁶ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8“, 206.

Morgunblaðsins. Það sama á reyndar einnig við um *Viðskiptablaðið*. Ég fjalla þó ekki um það sérstaklega.

4.1.1 Athugun á viðskiptafylgiritum

Hér er greint frá athugun minni á umfjöllun um viðskipta- og atvinnulífið í þremur tölublöðum af Markaði *Fréttablaðsins* og jafn mörgum Viðskiptablöðum *Morgunblaðsins*. Fyrir valinu voru blöð frá miðjum marsmánuði á tímabilinu 2006-2008. Athugun á viðskiptafylgiritum blaðanna frá júní, september og desember á þessu tímabili leiddi í ljós mjög sambærilegar niðurstöður, en þeim er sleppt hér. Aðferðafræði Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti var höfð að leiðarljósi við athuginina. Eins og í greinargerð Rannsóknarsetursins var við mat á fréttum og greinum ekki gerður greinarmunur á umfangi fréttu eða greina og því fá langar fréttaskýringar sömu meðhöndlun og stuttfréttir. Eftirfarandi athuganir voru gerðar:

(1) Efnisflokkun fréttu og greina

Fréttir og greinar flokkaðar í 7 flokka; fjármál, efnahagsmál, viðskipti, athafnalíf, upplýsingatækni, menningu/mannlegt og annað. Undir flokkinn „annað“ voru færðar þær fréttir og greinar sem féllu ekki undir hina flokkana. Flokkun af þessu tagi er ekki í greinargerð Rannsóknarsetursins, enda er þar eingöngu skoðuð umfjöllun fjölmiðla um bankana, sem hér eru hluti af yfirflokknum „fjármál“.

(2) Jákvæðni/neikvæðni mat fréttu og greina

Fréttir og greinar metnar; jákvæðar – hlutlausar – neikvæðar, eftir því hvaða viðhorf ætla má að þær vekji hjá lesendum. Hér fylgi ég sömu aðferðafræði og Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti beitti.

(3) Gæðamat á vinnubrögðum fréttamanna – skiptist í tvennt

Sjálfstæð efnisöflun metin; mikil – nokkur – lítil – engin.

Greinandi umfjöllun metin; mikil – nokkur – lítil – engin.

Hér fylgi ég sömu aðferðafræði og Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti beitti.

Eftirfarandi eru niðurstöður athugunar minnar á umfjöllun viðskiptafylgiritra *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* frá miðjum marsmánuði 2006, 2007 og 2008:

Tafla 1. Efnisflokkun fréttu og greina í viðskiptafylgiritum

Efnislýsing	Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 15. mars 2006		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 16. mars 2006		Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 14. mars 2007		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 15. mars 2007		Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 12. mars 2008		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 13. mars 2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Fjármál	13	29%	15	33%	10	32%	6	16%	9	31%	8	33%
Efnahagsmál	2	4%	0	0%	1	3%	5	13%	7	24%	4	17%
Viðskipti	9	20%	5	11%	7	23%	8	21%	5	17%	3	12%
Athafnalíf	7	16%	9	20%	3	10%	8	21%	2	7%	4	17%
Upplýsingatækni	8	18%	9	20%	5	16%	3	8%	1	4%	1	4%
Menning/Mannlegt	5	11%	5	11%	5	16%	8	21%	5	17%	4	17%
Annað	1	2%	3	7%	0	0%	0	0%	0	0%	0	0%
Samtals	45	100%	46	100%	31	100%	38	100%	29	100%	24	100%

Tafla 2 Jákvæðni/neikvæðni-mat fréttu og greina og gæðamat (sjálfstæð efnisöflun og greinandi umfjöllun) í viðskiptafylgiritum

	Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 15. mars 2006		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 16. mars 2006		Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 14. mars 2007		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 15. mars 2007		Markaðurinn, <i>Fréttablaðið</i> 12. mars 2008		Viðskiptablað <i>Morgunblaðsins</i> 13. mars 2008	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Jákvæðni/neikvæðni-mat												
Jákvæð	7	16%	1	2%	11	35%	5	13%	6	21%	3	12,5%
Hlutlaus	37	82%	41	89%	20	65%	26	68%	21	72%	18	75%
Neikvæð	1	2%	4	9%	0	0%	7	19%	2	7%	3	12,5%
Samtals	45	100%	46	100%	31	100%	38	100%	29	100%	24	100%
Gæðamat-sjálfstæð efnisöflun/greinandi umfjöllun												
Engin	21	47%	13	28%	9	29%	10	26%	2	7%	12	50%
Lítill	6	13%	11	24%	15	48%	12	32%	15	52%	5	21%
Nokkur	10	22%	11	24%	7	23%	15	39%	10	34%	5	21%
Mikil	8	18%	11	24%	0	0%	1	3%	2	7%	2	8%
Samtals	45	100%	46	100%	31	100%	38	100%	29	100%	24	100%

Samkvæmt athugun minni voru fréttir og greinar í viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* í miðjum marsmánuði 2006, 2007 og 2008 að miklum meirihluta um aðra þætti viðskipta- og atvinnulífsins en um banka eða fjármála fyrirtæki. Í Töflu 1 má sjá að fjármál voru umfjöllunarefnið í um 16% og upp í um 33% af heildarfjölda fréttu og greina í þeim viðskiptafylgiritum dagblaðanna sem skoðuð voru. Og þar sem umfjöllun fjölmiðla um banka er einungis hluti af umfjölluninni um fjármál í þeirri athugun sem ég gerði, var fjallað um banka í færri fréttum eða greinum en framangreindar hlutfallstölur segja til um.

Þær upplýsingar sem koma fram í Töflu 1 varpa m.a. ljósi á að viðskiptablaðamenn *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* höfðu ýmsum öðrum hnöppum að hneppa en að fjalla um málefni bankanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Þeir þurftu að setja sig inn í hin margvíslegu málefni, sem kom í þeirra hlut að vinna fyrir hin vikulegu viðskiptafylgirit, auk þess að skrifa daglegar viðskiptafréttir í aðalblöðin. Það átti við um þessa blaðamenn, reyndar eins og flesta aðra, að þeir höfðu almennt lítinn tíma til að setja sig inn í hin einstöku mál.

Eins og áður hefur verið nefnt í þessari ritgerð, þá fjölgaði viðskiptafréttamönnum á fjölmiðlunum ekki í samræmi við hin auknu umsvif í viðskiptalífínu eftir því sem leið á fyrsta áratug þessarar aldar, nema síður sé. Þær staðreyndir draga m.a. fram þá skýringu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis á ástæðum þess að fjölmiðlarnir gegndu hlutverki sínu ekki sem skyldi, sem fjallað er um hér að framan, þ.e. að fjölmiðlarnir hafi verið vanbúnir gagnvart miklum breytingum á samfélaginu í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008.¹⁷⁷ Spurning er hvort það hafi áhrif á hvar ábyrgðin á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum liggur. Um það er fjallað aftar.

Í Töflu 3 er samanburður á jákvæðni/neikvæðni-mati og greinandi-mati Rannsóknarseturs varðandi umfjöllun fjölmiðla um banka og fjármálafyrirtæki 2006-2008¹⁷⁸, annars vegar, og mínum athugunum á þessum þáttum í viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* varðandi viðskipta- og atvinnulífið, hins vegar, samanber Töflu 2. Hlutfallstölur í mínum athugunum byggja á skiptingu allra fréttu og greina í þeim sex viðskiptafylgiritum sem athuguð voru.

Tafla 3 Samanburður á umfjöllun

Jákvæðni/neikvæðni-mat	Rannsóknarsetur	Athuganir höfundar	
	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Jákvæð	18%	33	15%
Hlutlaus	79%	163	77%
Neikvæð	3%	17	8%
Gæðamat-sjálfstæð efnisöflun/greinandi umfjöllun			
Engin/lítill	80%	131	62%
Nokkur/mikil	20%	82	38%

¹⁷⁷ Sama rit, 210.

¹⁷⁸ Sama rit, 263-264.

Jákvæðni/neikvæðni-mat er mjög svipað í mínum athugunum og í rannsókn Rannsóknarsetursins. Umfjöllun í fréttum og greinum í viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* á árinum 2006-2008 var í langflestum tilvikum hlutlaus eins og samkvæmt niðurstöðum Rannsóknarsetursins. Þá voru jákvæðar fréttir og greinar umtalsvert fleiri en neikvæðar bæði hjá mér og Rannsóknarsetrinu.

Merkjanlegur munur er á gæðamati fréttu og greina í mínum athugunum og í rannsókn Rannsóknarsetursins. Ég tel að sjálfstæð efnisöflun og greinandi umfjöllun hafi að jafnaði verið nokkur eða mikil í nærri tvöfalt fleiri fréttum og greinum í þeim viðskiptafylgiritum sem ég athugaði en Rannsóknarsetrið telur að eigi að jafnaði við um umfjöllun fjölmiðla um banka og fjármálafyrirtæki á tímabilinu 2006-2008.

Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Rannsóknarsetursins um að meira hafi verið lagt í vinnubrögðin við vinnslu fréttu sem prentmiðlar settu á útsíður eða slógu upp sem burðarfréttum á innsíðum.¹⁷⁹

Athugun mín á viðskiptafylgiritum *Fréttablaðsins* og *Morgunblaðsins* bendir til þess að sjálfstæð efnisöflun og greinandi umfjöllun á viðskiptaritstjórnnum fjölmiðlanna hafi líklega verið meiri í aðdraganda bankahrunsins en ætla má af greinargerð Rannsóknarsetursins. Í annan stað fæst væntanlega skýrari mynd af umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins ef viðskiptaumfjöllun þeirra er skoðuð í víðara samhengi en með því að kanna eingöngu umfjöllun um banka og fjármálafyrirtæki eins og Rannsóknarsetrið gerði. Slík umfjöllun er fjarri því að segja alla söguna um stöðu fjármálakerfisins og efnahagslífsins í heild.

Spurning er hvort þessar niðurstöður hafi áhrif á það hver þáttur fjölmiðla og fjölmiðlamanna í aðdraganda bankahrunsins var. Áður en því er svarað er næst fjallað um hvar ábyrgðin á hugsanlega ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum liggur.

4.2 Ábyrgð á vinnubrögðum á fjölmiðlunum

Fréttastjórar og/eða ritstjórar hafa alla jafna síðasta orðið varðandi það hvað tekið er fyrir og hvernig á síðum dagblaða og í útsendingartímum ljósvakamiðla. Almennir fjölmiðlamenn geta þó víðast hvar haft töluvert að segja um umfjöllunarefnin á hverjum tíma. Stjórnir eða eigendur fjölmiðla geta einnig haft áhrif, samanber það sem segir í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis, og minnst er á hér að framan, þ.e. að hópurinn hafi undir höndum „gögn sem sýna ýmiss konar afskipti

¹⁷⁹ Sama rit, 264.

eigenda fjölmiðla af fréttum og annarri dagskrá.¹⁸⁰ Því er ástæða til að velta upp þeirri spurningu hvort verkaskiptingin á fjölmiðlunum geri að verkum að ábyrgð einstakra hópa starfsmanna hafi verið mismunandi í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Í þessu sambandi má spyrja hvort almennir fjölmiðlamenn geti vísað á fréttastjóra og ritstjóra og sagt að þeir hafi ráðið för, og þannig frýjað sig ábyrgð á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum að hluta eða öllu leyti? Geta fréttastjórar og ritstjórar að sama skapi varpað ábyrgðinni yfir á stjórnir eða eigendur fjölmiðlanna með vísan til þess að þær eða þeir ráði mestu um þau skilyrði sem fjölmiðlamönnum eru búin á fjölmiðlunum, til að takast á við verkefnið? Og hvað með stjórnir eða eigendur fjölmiðla? Geta þær eða þeir vísað á hina almennu fjölmiðlamenn eða fréttastjóra eða ritstjóra og sagt að ábyrgðin sé öll þeirra? Loks má spyrja hvort ábyrgðin liggi ef til vill fyrst og fremst hjá hinum almennu fjölmiðlamönnum, sem unnu að öflun og framsetningu fréttu.

Framanefndar spurningar snúast allar um ábyrgð. Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis spyr þeirra ekki í skýrslu sinni, þar sem hópurinn fjallar um fjölmiðla sem heild en ekki um einstaka hópa starfsmanna. Vinnuhópurinn telur því hugsanlega að almennir fjölmiðlamenn, fréttastjórar, ritstjórar, stjórnir eða eigendur fjölmiðlanna beri jafna ábyrgð á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins.

Áður en frammanefndum spurningum er svarað verður fyrst fjallað um hugtakið ábyrgð.

4.2.1 Hugtakið ábyrgð

Í greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti við Háskóla Íslands segir að engum blöðum sé um það að fletta, „að fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í nútímaþjóðfélögum.“¹⁸¹ Þá segir í greinargerðinni:

Þótt fjölmiðlar búi ekki yfir formlega skilgreindu valdi í þjóðfélaginu er eigi að síður rökrétt að álykta að þeir búi yfir raunverulegu valdi í klassískum félagsfræðilegum skilningi og að í ljósi þess beri að meta stöðu þeirra.¹⁸²

¹⁸⁰ Sama rit, 200.

¹⁸¹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 247.

¹⁸² Sama rit, 248.

Hið raunverulega vald fjölmiðlanna staðfestir hve rík ábyrgð þeirra er. Vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis segir eftirfarandi um ábyrgð, í inngangi skýrslu sinnar:

Hlutverkabundin ábyrgð felur í sér að menn eiga að sjá til þess að ákveðnir hlutir gerist eða gerist ekki í krafti þess að þeir gegna tiltekinni stöðu og hafa umsjón með tilteknu starfssviði.¹⁸³

Ábyrgð fylgja skyldur. Í skýrslu vinnuhópsins kemur einmitt fram að skyldur og ábyrgð eru nátengd hugtök. Segir hópurinn að skyldur og ábyrgð séu í sameiningu meðal þeirra fjögurra meginþátta sem siðferði er í grófum dráttum ofið úr, eins og frá er greint í umfjöllun um hina siðferðislegu nálgun vinnuhópsins á verkefni sínu frammar í þessari ritgerð. Eins og þar segir eru hinir þrír þættirnir í fyrsta lagi verðmæti og gildismat, í annan stað dygðir og lestir einstaklinga og í þriðja lagi siðareglur.¹⁸⁴

Páll Skúlason, heimspekingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir að siðareglur kveði á um hvað sé rétt eða röng ákvörðun eða breytni. Þær séu því augljóslega nátengdar hugmyndum manna um dygðir og lesti og jafnframt um hin æðstu verðmæti. Þar að auki segir Páll að siðareglur kveði á um þá ábyrgð, þær skyldur og þau réttindi sem fólk hafi hvert gagnvart öðru. Segir hann að þessir þættir lúti að afstöðu manna hvers til annars og séu breytilegir eftir því hver staða manna er í mannfélaginu. „Þetta veldur því að almennar siðareglur, sem gilda eiga í öllum mannlegum samskiptum, nægja ekki einar, heldur er þörf sérstakra siðareglna í samræmi við innbyrðis tengsl manna.“¹⁸⁵

Rétt er að rifja upp að Sigurður Kristinsson segir í grein sinni „Skyldur og ábyrgð starfsstétta,“ sem fjallað er um hér að framan, að fagmanneskja hljóti að gegna skyldum sem leiða megi af því hlutverki og þeirri hugsjón sem fag hennar þjónar auk þeirra siðferðisgilda sem öllum beri að virða.¹⁸⁶

¹⁸³ Sama rit, 10.

¹⁸⁴ Sama rit, 10.

¹⁸⁵ Páll Skúlason, *Siðfræði* (Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1990), 177.

¹⁸⁶ Sigurður Kristinsson, „Skyldur og ábyrgð starfsstétta,“ 135.

4.2.2 Ábyrgð einstakra hópa starfsmanna

John C. Merrill, fyrrverandi prófessor við blaðamannaháskólann í Missouri í Bandaríkjunum, segir að fjölmiðlamenn tilheyri ekki fagstétt, þó ýmis einkenni fagstéttar komi fram í störfum þeirra. Ástæðuna fyrir þessu segir hann meðal annars þá, að fjölmiðlamenn hafi engin bein tengsl við viðskiptavinum sína. Þá þurfi þeir ekki að uppfylla nokkur lágmarksskilyrði fyrir því að gegna fjölmiðlastarfi, og því geti í raun hver sem er orðið fjölmiðlamaður. Þessi og fleiri atriði segir Merrill að geri að verkum að fjölmiðlamenn tilheyri ekki fagstétt.¹⁸⁷ Hann segir reyndar einnig að það myndi skaða fjölmiðlastéttina ef hún yrði fagstétt, því það myndi stuðla að því að fjölmiðlamenn færu að líta á hlutina í svipuðu ljósi.¹⁸⁸

Í þessari ritgerð er engin afstaða tekin til þess hvort fjölmiðlamenn tilheyri með formlegum hætti fagstétt eða ekki. Það umfjöllunarefni verður að bíða betri tíma. Hins vegar er látið nægja hér, að benda á að ýmis einkenni fagstétta eigi að minnsta kosti við um störf þeirra. Því er hins vegar slegið föstu að fjölmiðlamenn séu fagmenn, hvort sem þeir tilheyra fagstétt eða ekki. Það sem mestu máli skiptir í þessum efnum er, eins og segir í greinargerð Rannsóknarseturs um fjölmiðla og boðskipti, og nefnt er hér að framan, „að fjölmiðlar gegna lykilhlutverki í nútímapjódfélögum.“¹⁸⁹ Þess vegna er gengið út frá því hér, að tengsl frumskuldbindingar starfs og almennra siðferðissjónarmiða eigi við um fjölmiðla, samanber almennar niðurstöður heimspekingsins Sigurðar Kristinssonar, sem frá er greint hér að framan. Hér er jafnframt gengið út frá því að ábending vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis eigi við um fjölmiðlana, þ.e. að annars vegar sé þörf á því að bæta vinnulag og hins vegar að efla fagmennsku og siðferðisvitund á þeim.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið sagt er kominn grundvöllur til að svara framannefndum spurningum um ábyrgð einstakra hópa starfsmanna fjölmiðlanna.

Fagmanneskja hlýtur að gegna skyldum sem leiða má af því hlutverki og þeirri hugsjón sem fag hennar þjónar,¹⁹⁰ Sem fagmenn geta almennir fjölmiðlamenn því ekki vísað ábyrgð á störfum sínum á fréttastjóra eða ritstjóra eða einhverja aðra. Þeir geta ekki frýjað sig ábyrgð á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í

¹⁸⁷ John C. Merrill, „The Professionalization of Journalism,“ *Ethical Issues in Professional Life*, ed. Joan C. Callahan (New York: Oxford University Press, 1988), 40.

¹⁸⁸ Sama rit, 41.

¹⁸⁹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 247.

¹⁹⁰ Sigurður Kristinsson, „Skyldur og ábyrgð starfsstétta,“ 135.

aðdraganda bankahrunsins með vísan til þess að fréttastjórar eða ritstjórar hafi ráðið för. Slíkt myndi aldrei samrýmast stöðu þeirra sem fagmanneskjur. Þar fyrir utan gilda almenn siðferðissjónarmið eða siðareglur um almenna fjölmiðlamenn. Þeim má ekki bregðast.

Sömu rök eiga við um fréttastjóra og ritstjóra og eiga við um almenna fjölmiðlamenn. Þeir geta ekki, sem fagmenn, vísað á stjórnir fjölmiðila eða eigendur þeirra, og sagt að þær eða þeir ráði mestu um þau skilyrði sem fjölmiðlamönnum eru búin til að takast á við verkefnin. Slíkt kemur málinu í raun ekki við. Og eins og með almenna fjölmiðlamenn þá gilda almenn siðferðissjónarmið um fréttastjóra og ritstjóra eins og um aðra.

Um stjórnir fjölmiðla og eigendur gildir annað en um almenna fjölmiðlamenn, fréttastjóra eða ritstjóra. Í stjórnnum sitja alla jafna ekki fagmenn í fjölmiðlun. Þó má auðvitað velta því upp hvort svo ætti að vera. Það sama á við um eigendur fjölmiðla. Þeir þurfa heldur ekki að vera fagmenn í fjölmiðlun. Það er því ekki hægt að gera sömu kröfur til þessara aðila um fagmennsku á sviði fjölmiðlunar og til fjölmiðlamanna. Almenn siðferðissjónarmið eiga þó að sjálfsögðu við um þá sem sitja í stjórnnum fjölmiðla og eigendur þeirra eins og alla aðra. Frá siðferðilegu sjónaramiði er það þeirra að stuðla að því að treysta lýðræðislega innviði samfélagsins. Það geta stjórnir og eigendur fjölmiðla gert með því að stuðla að bættu vinnulagi á fjölmiðlunum og með því að efla fagmennsku og siðferðisvitund þar, vegna þeirrar stöðu sem þessir aðilar eru í til að ráða því hvernig aðstæður á fjölmiðlunum á hverjum tíma eru. Þar fyrir utan liggur það í eðli starfa stjórnarmanna í fyrirtækjum að hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Frá þessum sjónarhóli séð geta stjórnir og eigendur ekki varpað ábyrgð á þeirra þætti í ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 yfir á fjölmiðlamennina.

Niðurstaðan er því sú að almennir fjölmiðlamenn, fréttastjórar, ritstjórar, stjórnarmenn og eigendur bera ábyrgð á því að vinnubrögð voru ófullnægjandi á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Enginn þessara hópa getur vísað ábyrgð á aðra.

4.3 Samantekt

Hér að framan er lýst hvað viðskiptaumfjöllun fjölmiðlanna á árunum fyrir hrun bankakerfisins haustið 2008 náði yfir vítt svið. Bankakerfið var einungis hluti af því

sem féll í skaut viðskiptafjölmiðlamanna að fylgjast með og segja frá, en mikill vöxtur var á þessum tíma á flestum sviðum viðskipta- og atvinnulífsins. Viðskiptaritstjórnir fjölmiðlanna voru almennt vanbúnar til að mæta þessum mikla vexti. Þó í þessu felist hugsanlega hluti skýringarinnar á því hvers vegna vinnubrögð og starfshættir á fjölmiðlunum voru ófullnægjandi í aðdraganda bankahrunsins þá felst ekki í þessu afsökun.

Hér hefur einnig verið fjallað um hvað fjölmiðlarnir gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Það hlutverk setur skyldur á fjölmiðlana og þá sem á þeim starfa. Niðurstaðan af þeirri umfjöllun er sú, að fjölmiðlamenn, stjórnir fjölmiðla og eigendur, beri hver um sig ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Þetta á við um fjölmiðlamennina á grundvelli fagmennsku þeirra, jafnt almenna fjölmiðlamenn sem og fréttastjóra og ritstjóra. Í tilviki stjórna og eigenda á þetta hins vegar við meðal annars á grundvelli eftirlitshlutverks þeirra og þeirrar aðstöðu sem þessir aðilar eru í til að hlúa að starfsskilyrðum á fjölmiðlunum. Almennar siðareglur koma hins vegar einnig til, en slíkar reglur kveða á um hvað sé rétt eða röng ákvörðun eða breytni.

Í næsta kafla eru niðurstöður þessarar ritgerðar dregnar saman og þeirri spurningu svarað hver þáttur fjölmiðlanna var í hruni bankanna haustið 2008.

V. Þáttur fjölmiðlanna í hruni bankanna

Hlutverk fjölmiðla er í fyrsta lagi að láta borgurunum í té upplýsingar og vandaða greiningu á samfélaginu. Þeim ber einnig að veita stjórnvöldum og öðrum, þar með talið fjármálaráðgjöf, aðhald. Í þriðja lagi hafa fjölmiðlarnir því hlutverki að gegna að vera vettvangur fyrir fjölþætta þjóðfélagssumræðu.¹⁹¹

„[H]ver sá sem gengur til liðs við starfsstétt tekur að sér að þjóna tilteknu hlutverki í samfélaginu.“¹⁹² Þar að auki ber öllum að virða almenn siðferðisgildi.¹⁹³ Vegna þessa er siðferði í störfum fagstétta „svo samofið góðum starfsháttum að þar verður ekki sundur skilið.“¹⁹⁴

Hafa ber hlutverk fjölmiðla og skyldur fjölmiðlamanna í huga þegar lagt er mat á þátt fjölmiðlanna í hruni bankanna haustið 2008, en það er umfjöllunarefni þessa kafla. Í fyrsta lagi er fjallað um að hvaða leyti vinnubrögð á fjölmiðlunum voru ófullnægjandi og þar með hvers vegna þeir brugðust í aðdraganda bankahrunsins. Í annan stað er listað upp hvaða skýringar eru þar á.

5.1 Ófullnægjandi vinnubrögð

Fjölmiðlamenn sáu bankahrunið haustið 2008 ekki fyrir. Aðstæður voru reyndar sérstakar. Annað eins hafði ekki gerst áður. Ætla má að þessar sérstöku aðstæður skýri hvers vegna vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði komst ekki að þeirri niðurstöðu að fjölmiðlarnir hefðu algjörlega brugðist hlutverki sínu í aðdraganda bankahrunsins. Slík niðurstaða hefði hugsanlega komið til greina, því ætla má að fjölmiðlamenn hafi einfaldlega sofið á verðinum. Í niðurstöðum í skýrslu vinnuhópsins er þess í stað talað um að fjölmiðlarnir hafi rækt hlutverk sitt illa. Á það jafnt við um það hlutverk fjölmiðlanna að upplýsa almenning um stöðu mála sem og það hlutverk að veita stjórnvöldum og einkaaðilum gagnrýnið aðhald. Hvoru tveggja segir vinnuhópurinn að fjölmiðlarnir hafi rækt illa. Þessu til viðbótar áttu fjölmiðlarnir að mati vinnuhópsins stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálaráðgjöf.¹⁹⁵ Nokkur munur er á því annars vegar að rækja hlutverk sitt illa eða hins vegar að bregðast algjörlega. Þess vegna má halda því fram að niðurstöður

¹⁹¹ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 196.

¹⁹² Sigurður Kristinsson, „Skyldur og ábyrgð starfsstétta,“ 134.

¹⁹³ Sama rit, 136.

¹⁹⁴ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 10.

¹⁹⁵ Sama rit, 243.

vinnuhópsins séu sanngjarnar. Þá er tekið tillit til hinna sérstöku aðstæðna sem voru í íslensku þjóðfélagi í aðdraganda bankahrunsins og þar með viðurkennt að fjölmiðlarnir eigi sér málsbætur að vissu marki.

Ég er ekki jafn sannfærður og vinnuhópurinn um að þriðja hlutverk fjölmiðlanna, umræðuhlutverkið, sé að mörgu leyti einfaldast fyrir fjölmiðil að sinna, eins og vinnuhópurinn segir.¹⁹⁶ Ég tel að það sé erfiðara að sinna umræðuhlutverkinu vel, en ætla má við fyrstu sýn, og að fjölmiðlarnir hafi ekki sinnt því sem skyldi í öllum tilvikum. Það getur til að mynda verið vandasamt, þegar tveir eða fleiri aðilar deila í fjölmiðlum, að gera mismunandi sjónarmiðum jafn hátt undir höfði til að tryggja vandaða umræðu. Hætt er við að umræðan geti þá verið ófullnægjandi.

Eins og greint er frá framar í þessari ritgerð (kafli 2.2.7), þá eiga blaðamenn samkvæmt siðareglum Blaðamannafélagsins jafnan að hafa í huga rétt almennings til upplýsinga.¹⁹⁷ Í reglunum er hins vegar ekkert fjallað um sannleikann og því engin krafa í þeim um að blaðamenn hafi sannleikann ávallt að leiðarljósi. Þess í stað er áhersla lögð á að blaðamenn vandi vinnubrögð sín.¹⁹⁸ Spyrja má hvort vinnubrögðin hafi verið eins vönduð í aðdraganda bankahrunsins og ætlast er til í siðareglunum. Hugsanlegt er því að þetta ákvæði siðaregnanna hafi verið brotið í aðdraganda bankahrunsins. Þá ber að hafa í huga að samkvæmt 5. grein siðareglanna skal blaðamaður gæta þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli.¹⁹⁹ Vinnuhópur rannsóknarnefndarinnar segir að mörk milli fréttu, auglýsinga og skemmtiefnis á fjölmiðlunum hafi riðlast í aðdraganda bankahrunsins.²⁰⁰ Því er jafnframt möguleiki á því að siðareglurnar hafi verið brotnar í aðdraganda bankahrunsins hvað þetta varðar. Siðanefnd Blaðamannafélagsins hefur þó ekki kveðið upp úrskurð í þá veruna, og ekki heldur varðandi þann möguleika að vinnubrögðin á fjölmiðlunum hafi ekki verið nægjanlega vönduð.²⁰¹ Reyndar er ekki vitað hvort siðanefndinni hafi yfir höfuð borist kærur þar að lútandi. Slíkar upplýsingar eru ekki gefna upp nema með úrskurði nefndarinnar. Hvort vænta megi úrskurða í þessa veruna skal ósagt um, en eins og siðareglurnar hafa þróast á umliðnum árum, þá virðast þær nær alfarið snúast um hinn

¹⁹⁶ Sama rit, 196.

¹⁹⁷ Blaðamannafélag Íslands, „Siðareglur,“ formálsorð.

¹⁹⁸ Sama heimild, 3. gr.

¹⁹⁹ Sama heimild, 5. gr..

²⁰⁰ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 10.

²⁰¹ Blaðamannafélag Íslands, „Siðavefur,“ http://press.is/page/yfirsida_sidanefndar

særða einstakling en ekki um vandaðan frétttaflutning sem slíkan. Þetta kemur m.a. fram í úttekt Róberts H. Haraldssonar og Steinars Arnar Atlasonar á störfum siðanefndar Blaðamannafélagsins á tímabilinu 1966 til 2005.²⁰²

Með hliðsjón af framansögðu getur vafi leikið á því hvort fjölmiðlamenn hafi brotið siðareglur Blaðamannafélagsins í aðdraganda bankahrunsins. Úr því yrði hins vegar ekki skorið nema einhver kæri vinnubrögðin á fjölmiðlunum til siðanefndar félagsins. Hins vegar bendir ýmislegt til þess að fjölmiðlamenn hafi ekki virt nægjanlega vel almenn siðferðisgildi, sem öllum ber að virða óháð starfi eða stöðu, þ.e. þætti sem snúa að mannlegu siðferði.

Framar í ritgerðinni segir að mannlegt siðferði geti tekið á sig flókna mynd við ýmsar aðstæður. Í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar segir að siðferði sé í grófum dráttum ofið úr fjórum meginþáttum; verðmætum og gildismati; dygðum og löstum einstaklinga; siðareglum; og skyldum og ábyrgð sem varða siðferðið eins og það tengist stöðu manna eða hlutverkum.²⁰³ Þau verðmæti sem við eiga um fjölmiðlamenn eru til að mynda frelsi og réttlæti og varðandi dygðir má nefna hugrekki, visku, hófsemi og réttsýni. Siðareglur geta verið skráðar eða óskráðar. Hér hefur komið fram að ekki sé hægt að líta svo á að fjölmiðlamenn hafi brotið skráðar siðareglur starfsstéttar sinnar. Óskráðar siðareglur tengjast því sem að framan er nefnt, svo sem verðmætum og dygðum. Svipað má og segja um skyldur og ábyrgð fjölmiðlamanna.

Þau siðferðisgildi sem koma til skoðunar þegar lagt er mat á starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins eru því til að mynda; frelsi, hugrekki, viska, hófsemi og réttsýni. Þetta er ekki tæmandi upptalning á þáttum mannlegs siðferðis sem máli skipta fyrir vinnubrögð og starfsemi á fjölmiðlunum, en allir þessir þættir eru mikilvægir. Þeir brugðust með einum eða öðrum hætti í aðdraganda bankahrunsins. Þess vegna er hér komist að þeirri niðurstöðu að vinnubrögð á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins hafi verið ófullnægjandi, hvort sem siðareglur Blaðamannafélags Íslands hafi verið brotnar eða ekki.

Þessi niðurstaða er skýrð nánar hér að aftan.

²⁰² Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason, „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005,“ *Blaðamaðurinn* (4/2005): 12.

²⁰³ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 10.

5.2 Skýringar á ófullnægjandi vinnubrögðum

Ýmsar skýringar eru á því hvers vegna vinnubrögð og starfshættir á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins voru ófullnægjandi, eins og fjallað er um hér að framan. Sumar skýringarnar eru þess eðlis að þær veita fjölmiðlunum að vissu leyti ákveðnar málsbætur. Aðrar eru hins vegar þannig að þær skrifast alfarið á fjölmiðlana eða fjölmiðlamennina. Helstu skýringar á ófullnægjandi vinnubrögðum eru þessar:

(1) *Vanbúnir fjölmiðlar:* Umsvifin í viðskiptalífinu jukust mikið á fyrsta áratug þessarar aldar. Fjölmiðlamönnum á viðskiptaritstjórnnum fjölmiðlanna fjölgaði ekki að sama skapi, þvert á móti. Voru fjölmiðlarnir almennt vanbúnir gagnvart hinum miklu breytingum í aðdraganda bankahrunsins.

Segja má að fjölmiðlarnir hafi á vissan hátt verið í svipaðri stöðu og Rannsóknarsetur um fjölmiðla og boðskipti þegar vinnuhópur rannsóknarnefndar Alþingis fól setrinu að leggja mat á umfjöllun fjölmiðla um íslenskt viðskiptalíf og fjármálafyrirtæki á tímabilinu 2006-2008. Höfundar greinargerðar Rannsóknarsetursins segjast hafa þurft lengri tíma og meira fjármagn til að geta ráðist í ítarlega innihaldsgreiningu á umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins,²⁰⁴ eins og frá er greint hér að framan. Næsta víst er að það sama átti við um flesta ef ekki alla fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins.

Vanbúnir fjölmiðlar stuðla ekki að því að þeir geti sinnt upplýsinga- og aðhaldshlutverki sínu vel. Í þessum efnum eiga fjölmiðlarnir sér nokkrar málsbætur.

(2) *Óviljugir embættismenn og sérfræðingar:* Fjölmiðlamenn treysta í störfum sínum almennt mikið á upplýsingar frá ýmsum stofnunum samfélagsins. Í aðdraganda bankahrunsins voru embættismenn í stjórnkerfinu og margir sérfræðingar í háskólum ófúsir til að tjá sig um málefni bankanna.²⁰⁵ Þetta gerði fjölmiðlunum oft erfitt um vik við að gegna aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu. Hér eiga fjölmiðlarnir sér ákveðnar málsbætur.

(3) *Hjarðhegðun, þjóðrembingur, einsleitni og ófrjór jarðvegur:* Samkvæmt álitgerð um rannsóknarniðurstöður og kenningar úr félagslegri sálfræði og atferlishagfræði, sem fylgir skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um

²⁰⁴ Sama rit, 263.

²⁰⁵ Sama rit, 211.

starfshætti og siðferði, er hjarðhegðun mun meira áberandi hér á landi en í fjölmennari löndum.²⁰⁶ Sterk samsömun þjóðarinnar, þjóðarstolt og jafnvel þjóðrembingur leiddi af sér þá skoðun í huga þjóðarinnar í aðdraganda bankahrunsins, að hún væri frábrugðin öðrum og jafnvel þeim fremri.²⁰⁷ Einsleitni samfélagsins leiddi hugsanlega til skorts á gagnrýni og andófi gegn ríkjandi gildum.²⁰⁸ Jarðvegur fyrir gagnrýni í samfélaginu var því ekki frjór í aðdraganda bankahrunsins.

Þetta er lýsing á því samfélagi sem íslenskir fjölmiðlar störfuðu í á árunum fyrir hrun bankanna haustið 2008. Fjölmiðlamenn voru eðlilega hluti af þessu samfélagi. Þeir áttu jafnframt þátt í að skapa þetta ástand og viðhalda því, þar sem þeir ráða alla jafna miklu um umræðuna á hverjum tíma. Því var jarðvegurinn sumpart ófrjór vegna þess að fjölmiðlarnir náðu ekki að upplýsa almenning um stöðu mála.²⁰⁹ Fjölmiðlarnir bera því ábyrgð á því ástandi sem skapaðist og þess vegna má efast um að hjarðhegðun, þjóðrembingur og einsleitni samfélagsins séu málsbætur fyrir fjölmiðlana vegna ófullnægjandi vinnubrögða á þeim.

Ætla má að fjölmiðlamenn hafi almennt ekki nýtt það frelsi sem þeir hafa, ekki sýnt hugrekki til að fara á móti straumnum og ekki búið yfir visku í störfum sínum til að koma auga á slæmar afleiðingar hjarðhegðunar, þjóðrembingis, einsleitni og þess ófrjóa jarðvegs sem myndast hafði í samfélaginu. Þess vegna hafi fjölmiðlarnir átt þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni fjármálalífsins og því jafnframt sinnt aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu illa.

(4) *Rangar upplýsingar:* Fjölmiðlamenn virðast almennt hafa trúað því að ýmsar upplýsingar sem bárust frá bönkunum, svo sem uppgjör sem vottuð voru af endurskoðendum þeirra, gæfu glögga eða sanna og sanngjarna mynd af stöðu mála hjá þeim á hverjum tíma. Eftir fall bankanna, og eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var gerð opinber, er vitað að þetta reyndust, í sumum tilvikum að minnsta kosti, vera rangar upplýsingar. Það sama virðist einnig eiga við um ýmsar upplýsingar sem stjórnendur bankanna veittu fjölmiðlunum. Að vissu leyti eiga fjölmiðlarnir sér því einhverjar málsbætur vegna rangra upplýsinga sem þeim voru veittar. Þó er ekki hægt að afsaka slæleg vinnubrögð á fjölmiðlunum með því að segja að aðrir hafi ekki komið auga á hvert stefndi í málefnum bankanna. Misbrestur virðist hafa verið á því

²⁰⁶ Sama rit, 285.

²⁰⁷ Sama rit, 280.

²⁰⁸ Sama rit, 284.

²⁰⁹ Sama rit, 211.

að fjölmiðlamenn væru nægjanlega vakandi fyrir þeim möguleika að upplýsingar frá bönkunum gæfu ekki glögga, eða sanna og sanngjarna mynd af stöðu mála hjá þeim í aðdraganda bankahrunsins, sérstaklega eftir að ábendingar þar um fóru að berast erlendis frá. Fjölmiðlamenn virðast því ekki hafa sinnt störfum sínum af nægjanlegri fagmennsku í þessum efnum. Þess vegna er eðlilegt að segja að fjölmiðlarnir hafi sinnt aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu illa. Sannleikurinn var ekki leiddur í ljós í mörgum og mikilvægum málaflokkum.

(5) *Áróður ráðamanna:* Flestir af helstu ráðamönnum þjóðarinnar, með forseta lýðveldisins fremstan í flokki, tóku þátt í því með forsvarsmönnum bankanna að verja bankakerfið gagnvart erlendum fjármálasérfræðingum, sem höfðu látið í ljós efasemdir um stöðu þess og efnahagslífsins í heild í aðdraganda bankahrunsins. Fjölmiðlarnir hleyptu þessum málflutningi í flestum tilvikum gagnrýnislaust í gegn. Það aðhald sem þeir eiga að veita stjórnvöldum og einkaaðilum var því mjög takmarkað þegar ráðamenn þjóðarinnar áttu í hlut.

(6) *Jákvæð afstaða til athafnamanna:* Umfjöllun fjölmiðla um umsvifamikla athafnamenn í atvinnulífinu var mikil og almennt lofsamleg í aðdraganda bankahrunsins. Þetta átti sinn þátt í að móta umræðuna í samfélaginu, enda stýra fjölmiðlarnir sjálfir henni alla jafna að verulegu leyti. Gagnrýni á störf athafnamanna í fjölmiðlunum litaðist mjög af flokkadráttum ýmiss konar, sem stuðlaði ekki að upplýstri umræðu. Aðhalds- og upplýsingahlutverki fjölmiðlanna var því illa sinnt auk þess sem fjölmiðlarnir áttu þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni fjármáلالífsins með hinni jákvæðu afstöðu til athafnamanna.

(7) *Ósjálfstæðir fjölmiðlamenn:* Vinskapur fjölmiðlamanna við upplýsingafulltrúa eða stjórnendur fjármáfyrirtækja var, í sumum tilvikum að minnsta kosti, áberandi, eftir að bankarnir höfðu verið einkavæddir og þeir fóru að vaxa hratt. Það liðkaði ekki fyrir sjálfstæðum vinnubrögðum á fjölmiðlunum nema síður sé.

Hugsanlegt er að jafnvel öll þau siðferðisgildi sem talað hefur verið um hér að framan að komi til álita, þegar lagt er mat á starfshætti og siðferði á fjölmiðlunum, eigi við hér. Með vinskap við þá, sem fjölmiðlamenn áttu að fjalla um, var frelsi þeirra á vissan hátt skert fyrir eigin tilverknað. Þá áttu fjölmiðlamenn einnig e.t.v. erfiðara með að sinna störfum sínum af hugrekki, hófsemi og réttsýni vegna þessa

vinskapar, og því ekki búið yfir þeirri visku sem nauðsynleg er. Vegna þessa getur ósjálfstæði fjölmiðlamanna hafa stuðlað að því að fjölmiðlarnir sinntu aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu illa, jafnframt því að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs.

(8) *Sjálfssritskoðun:* Ótryggjar aðstæður á fjölmiðlunum á umliðnum árum eiga sinn þátt í að stuðla að sjálfssritskoðun fjölmiðlamanna. Afleiðingarnar voru væntanlega m.a. þær að fjölmiðlarnir sinntu að minnsta kosti upplýsingahlutverki sínu verr en ella.

(9) *Meðhöndlun sannleikans og ófullnægjandi siðareglur:* Siðareglur Blaðamannafélagsins gegna mikilvægu hlutverki í störfum fjölmiðlamanna og veita leiðsögn í daglegum störfum. Í siðareglurnar vantar hins vegar þá mikilvægu leiðsögn sem felst í því að hvetja fjölmiðlamenn til að hafa sannleikann ávallt að leiðarljósi. Í siðareglunum er ekkert ákvæði um sannleikann, hlutlægni blaðamanna eða nákvæmni í öflun og framsetningu upplýsinga. Þess í stað er áhersla lögð á að þeir vandi vinnubrögð sín. Þarna getur verið munur á, sem getur haft áhrif á starfshætti á fjölmiðlunum, til að mynda varðandi sjálfssritskoðun. Þetta afsakar þó ekki að fjölmiðlarnir hafi ekki komist að hinu sanna í aðdraganda bankahrunsins en er hugsanlega hluti skýringarinnar á því hvers vegna vinnubrögðin voru ekki sem skyldi.

(10) *Afstaðan til tungumálsins:* Orðræða sem viðskiptafjölmiðlamenn tileinkuðu sér í aðdraganda bankahrunsins var ekki hvati fyrir fólk til að fylgjast með viðskiptafréttum fjölmiðlanna. Jarðvegur fyrir hugsanlega gagnrýni á fjármálalífið eða umsvifamikla athafnamenn var því ekki frjór. Afstaðan til tungumálsins stuðlaði þess vegna að því að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs.

(11) *Skortur á umræðu um siðferði:* Þegar Alþingi samþykkti í desember 2008 að skipaður yrði sérstakur vinnuhópur til að leggja mat á hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði, var þingið í raun að segja að þörf væri á siðfræðilegri umræðu í samfélaginu, að minnsta kosti hvað þessi mál varðar. Róbert H. Haraldsson, heimspekingur og prófessor við Háskóla Íslands, segir reyndar í inngangi að fimm ára afmælisriti

Siðfræðisstofnunar árið 1993, að eitt einkenni siðfræðilegrar umræðu sé að hennar sé ávallt þörf. Síðan segir Róbert: „Sérhver kynslóð þarf á umræðu um siðferði að halda til að tryggt sé að siðareglur hennar séu í samræmi við þann veruleika sem hún býr við.“²¹⁰

Fjölmiðlarnir gegna lykilhlutverki í samfélaginu. Því hefði löngu fyrir bankahrúnið verið þörf á umræðu um siðferði á fjölmiðlunum til að tryggja að siðareglur væru í samræmi við veruleikann. Fullyrða má hins vegar að siðfræðilegar umræður hafi að minnsta kosti ekki verið miklar á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins. Þess ber þó að geta, að í félagstíðindum Blaðamannafélags Íslands, *Blaðamanninum*, hefur verið virðingarverð viðleitni í þessa veruna. Þar eru til að mynda allir úrskurðir siðanefndar félagsins birtir reglulega, eftir að þeir hafa verið kveðnir upp. Í annan stað hafa í *Blaðamanninum* verið ýmsar greinar um siðferði á fjölmiðlunum, þar sem að stærstum hluta hefur verið fjallað um siðareglur blaðamanna.

Samkvæmt minni reynslu voru almennar siðfræðilegar umræður á fjölmiðlunum ekki miklar í aðdraganda bankahrunsins. Þær umræður sem þó fóru fram snerust að öllum líkindum að mestu leyti um hinn særða einstakling, en ekki um siðfræðileg málefni í víðu samhengi. Eins og frá er greint hér að framan þá virðast siðareglur Blaðamannafélagsins einmitt hafa þróast í að snúast nær alfarið um hinn særða einstakling.²¹¹ Næsta víst er að umræður um siðferði á fjölmiðlunum hafi því verið takmarkaðar.

Það er á vissan hátt kaldhæðnislegt, að í síðasta tölublaði *Blaðamannsins* fyrir hrún bankanna, frá apríl 2008, er birt ávarp, sem flutt var fyrir hönd dómnefndar við afhendingu hinna árlegu blaðamannaverðlauna Blaðamannafélagsins. Yfirskrift ávarpsins var: „Mikið um góða blaðamennsku.“²¹²

Í framangreindri upptalningu á skýringum á ófullnægjandi vinnubrögðum á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins er ýmislegt fundið að því hvernig fjölmiðlarnir sinntu aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu. Það sama á og við um það hvað fjölmiðlarnir áttu stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengni íslensks fjármálalífs. Þetta gefur til kynna að þörf er á frekari umræðu

²¹⁰ Róbert H. Haraldsson, „Inngangur.“ *Erindi siðfræðinnar*, ritstj. Róbert H. Haraldsson (Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993), 9.

²¹¹ Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason, „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005,“ 12.

²¹² Jóhannes Tómasson, „Mikið um góða blaðamennsku,“ *Blaðamaðurinn* (1/2008): 4.

meðal fjölmiðlamanna um siðferði, til að tryggj sé að siðareglur fjölmiðlamanna séu í samræmi við veruleikann.

Hér hafa verið taldar upp skýringar í ellefu liðum á því hvers vegna vinnubrögð og starfshættir á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsins voru ófullnægjandi. Skýringarnar eru af ýmsum toga og snerta marga þætti í starfsemi og vinnubrögðum á fjölmiðlunum. Af upptalningunni má sjá að fjölmiðlarnir eiga sér ákveðnar málsbætur. Þær duga hins vegar ekki til, þegar haft er í huga hvað fjölmiðlarnir gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðisríki og að skyldur fjölmiðlamanna eru fyrst og fremst við borgarana.

Eins og frá er greint framar í þessari ritgerð þá varðar meginkrafan, sem gera verður til fjölmiðla, faglega framsetningu fréttu, hlutlægni og sanngirni.²¹³ Þetta krefst vandaðra og viðurkenndra starfshátta, sem mynda viðmið fyrir siðferðilega greiningu á fjölmiðlunum og á störfum fjölmiðlamanna. Til að krafan sem gerð er til fjölmiðlanna gangi eftir, mega hin ýmsu gildi mannlegs siðferðis því ekki bregðast. Það gerðist hins vegar í aðdraganda bankahrunsins. Misbrestur varð með einum eða öðrum hætti á siðferðisgildum eins og frelsi, hugrekki, visku, hófsemi og réttsýni. Afleiðingarnar urðu þær að fjölmiðlarnir sváfu á verðinum.

²¹³ Vinnuhópur um starfshætti og siðferði, „Bindi 8,“ 196.

Lokaorð

Flestir þeirra sem hlut eiga að máli virðast eiga erfitt með að viðurkenna þátt sinn í hruni íslensku bankanna haustið 2008. Á það jafnt við um gerendur, eftirlitsaðila, þá sem sköpuðu grundvöllinn með regluverki eða afnámi þess, og fleiri. Þetta á ekki síst við um þá sem sagðir voru eiga þátt í að skapa hið svokallaða góðæri, sem náði hámarki á árinu 2007. Ekki er ólíklegt að sú afneitun sem birtist í viðbrögðum þessara aðila eigi sinn þátt í því hvað umræðan eftir bankahrunið er enn bundin við fortíðina.

Kjórið tækifæri gafst til að snúa umræðunni í aðrar áttir þegar skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis var gerð opinber í apríl 2010. Í stað þess að taka við þeim ábendingum sem þar koma fram og læra af þeim snerust ýmsir til varnar og leituðu jafnvel í sumum tilvikum að smáatriðum, sem hefðu hugsanlega mátt vera öðruvísi í skýrslunni, til að verja sjálfa sig. Minna hefur því farið fyrir því að dregin hafi verið lærdómar af því sem fór úrskeiðis en við hefði mátt búast. Í þessum efnum eins og mörgum öðrum hafa fjölmiðlarnir mikil áhrif. Þeir ráða miklu um hvert umræðuefnið er á hverjum tíma. Fyrir bankahrunið var umræðan einhæf. Að ýmsu leyti er hún það enn, þó oftast með öðrum formerkjum en áður.

Í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis um starfshætti og siðferði eru ýmsar athugasemdir við vinnubrögðin á fjölmiðlunum í aðdraganda bankahrunsis. Þó hægt sé að finna að einstökum atriðum í skýrslunni, þá fer ekki á milli mála að sú gagnrýni sem þar er á fjölmiðlana er eðlileg og sanngjörn.

Í þessari ritgerð hefur verið leitast við að svara spurningunni hver sé siðferðileg ábyrgð fjölmiðlanna á hruni bankanna. Beinast lá við að vinna þetta verkefni út frá skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar Alþingis. Niðurstaða mín er sú, að fjölmiðlarnir hafi gegnt aðhalds- og upplýsingahlutverki sínu illa í aðdraganda bankahrunsins, og að þeir hafi einnig átt stóran þátt í að móta og viðhalda ríkjandi orðræðu um velgengi íslensks fjármálalífs. Ábyrgðin var því mikil. Vissulega eiga fjölmiðlarnir sér ákveðnar málsbætur, svo sem vegna þess að að þeim var haldið röngum upplýsingum auk þess sem sérfræðingar og embættismenn, sem þeir þurfa alla jafna á að halda til að fá álit hjá, voru ekki nægjanlega vel reiðubúnir til að tjá sig. Þá voru aðstæður í samfélaginu mjög sérstakar. Ýmislegt af því sem aflaga fór er þó hægt að rekja beint til fjölmiðlanna sjálfra eða til fjölmiðlamanna. Þess vegna er hér tekið undir með vinnuhópi rannsóknarnefndar Alþingis, að fjölmiðlarnir hafi sinnt hlutverki sínu illa.

Engin afstaða hefur verið tekin til siðferðilegrar ábyrgðar annarra en fjölmiðlanna í aðdragandanum að hruni bankanna. Með hliðsjón af þeim niðurstöðum sem hér er komist að varðandi þátt fjölmiðlanna má hins vegar ætla að ýmsir þyrftu að gera betur en þeir hafa gert til þessa, hvað varðar að horfast í augu við það sem fór úrskeiðis. Má til að mynda benda á ríkar skyldur endurskoðenda og stjórna skráðra félaga samkvæmt lögum um ársreikninga, sem fjallað er um í kafla 2.1.1 hér að framan. Þá ættu fleiri hópar fólks eða einstaklingar að hugsa sinn gang, svo sem sumir leiðtogar þjóðarinnar, eftir oft á tíðum ótrúlega framgöngu þeirra, samanber umfjöllun í kafla 2.1.2. Markmiðið með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hlýtur að vera að reyna að stuðla að því að fyrirbyggja að það sem gerðist haustið 2008 endurtaki sig. Forsenda þess er að byrja á því að viðurkenna hvað fór úrskeiðis.

Heimildaskrá

- Baggalútur. „Forystugrein,“ (26. janúar 2004). Sótt 10. mars 2011 á:
<http://baggalúti.is/skrif.php?id=431&t=1&start=306>
- Blaðamaðurinn*. Vefur félagstíðinda Blaðamannafélags Íslands. Sótt 4. maí 2011 á:
<http://press.is/page/bladamadurinn>
- Blaðamannafélag Íslands. Sótt 15. febrúar 2011 á:
<http://press.is/press.php>
- Blaðamannafélag Íslands. „Allar kannanir.“ Sótt 5. maí 2001 á:
<http://www.press.is/konnun/>
- Blaðamannafélag Íslands. „Siðareglur.“ Sótt 15. febrúar 2011 á:
<http://press.is/static/files/gamalt/sidareglur.pdf>
- Blaðamannafélag Íslands. „Siðavefur.“ Sótt 15. febrúar 2011 á:
http://press.is/page/yfirsida_sidanefndar
- Børsen*. „Heimasíða.“ Sótt 12. mars 2011 á:
http://borsen.dk/footer/kontakt_os/journalister.html
- International Federation of Journalists. Status of Journalists and journalism ethics: IFJ Principles, 2003. Sótt 9. febrúar á:
<http://www.ifj.org/en/articles/status-of-journalists-and-journalism-ethics-ifj-principles>
- Jóhannes Tómasson. „Mikið um góða blaðamennsku.“ *Blaðamaðurinn* (1/2008): 4.
- Kant, Immanuel. *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Íslensk þýðing Guðmundar Heiðars Frímanssonar. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2003.
- Lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Sótt 30. janúar 2011 á:
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html>
- Lög nr. 144/1994 um ársreikninga. Sótt 30. janúar 2011 á:
<http://www.althingi.is/altext/stjt/1994.144.html>
- Merrill, John C. „The Professionalization of Journalism.“ *Ethical Issues in Professional Life*. Ed. Joan C. Callahan. New York: Oxford University Press, 1988, 39-44.
- Mikael M. Karlsson. „Um hlutverk nytjaheimspeki í viðskiptum og öðrum atvinnugreinum,“ *Vísbending*, 37. tölublað (25. nóvember 1987): 2-3.

- Mill, John Stuart. *Frelsið*. Íslensk þýðing Jóns Hnefils Aðalsteinssonar og Þorsteins Gylfasonar. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009.
- Mill, John Stuart. *Nytjastefnan*. Íslensk þýðing Gunnars Ragnarssonar. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1998.
- Morgunblaðið*, Viðskiptablað. „Réttmæt húsleit eða mannréttindabrot.“ (28. febrúar 2002): C8-C9. Sótt 13. febrúar 2011 á:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=58&lang=is
- Morgunblaðið*, ritstjórnargrein. „Friðhelgi tölvupósts og tölvugagna.“ (1. mars 2002): 34. Sótt 13. febrúar 2011 á:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3440423
- Morgunblaðið*. „Hæstiréttur staðfestir réttmæti húsleitar Samkeppnisstofnunar.“ (4. maí 2002): 2. Sótt 13. febrúar 2011 á:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3440423
- Morgunblaðið*, Viðskiptablað. „Hundrað milljarða maður.“ (10. mars 2005): B4-B5. Sótt 7. febrúar 2011 á:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=261080&pageId=3655151&lang=is&q=viðskiptablað
- Orwell, George. „Politics and the English Language.“ *Horizon* (April 1946): 1-9. Sótt 19. apríl 2011 á:
http://mla.stanford.edu/Politics_&_English_language.pdf
- Orwell, George. „The prevention of Literature.“ *Shooting an Elephant and Other Essays*. London: Secker and Warburg, 1950. Sótt 19. apríl 2011 á:
http://orwell.ru/library/essays/prevention/english/e_plit
- Páll Skúlason, *Siðfræði*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1990.
- Rachels, James. *Stefnur og straumar í siðfræði*. Íslensk þýðing Jóns Á. Kalmanssonar. Reykjavík: Siðfræðistofnun, Háskólaútgáfan, 1997.
- Rannsóknarnefnd Alþingis. *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburður*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010.
- Róbert H. Haraldsson. „Inngangur.“ *Erindi siðfræðinnar*, ritstj. Róbert H. Haraldsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993,7-23.
- Róbert H. Haraldsson og Steinar Örn Atlason. „Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands 1966-2005.“ *Blaðamaðurinn* (4/2005): 4-12.
- Samkeppniseftirlitið. Ákvörðun nr. 21/2004. Sótt 13. febrúar 2011 á:
<http://samkeppni.is/samkeppni/upload/files/samkeppniseftirlit/akvordanir/2007/akv2104-án-trúnaðaruppl.pdf>

- Sigurður Kristinsson. „Skyldur og ábyrgð starfsstétta.“ *Erindi siðfræðinnar*, ritstj. Róbert H. Haraldsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993, 131-150.
- Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, apríl 2005. Sótt 23. mars 2011 á:
<http://bella.stjr.is/utgafur/fjolmidlanefnd.pdf>
- Stefán Svavarsson. „Enginn sá kerfishrunið fyrir.“ Háskólinn í Reykjavík, hr.is, mars 2010, 46-48. Sótt 8. febrúar 2011 á:
http://www.fle.is/file/upload/files/innri_vefur/innri_frettir/stefan_svavarsson_gre_in_hr.pdf
- Thompson, Caleb. „Philosophy and Corruption of Language.“ *The Journal of the Royal Institute of Philosophy*. Ed. Bambrough, Renford. Cambridge University Press, Vol 67 no 259 (Januay 1992).
- Valgreen, Carsten; Christensen, Lars; Andersen, Peter Possing; Kallestrup, Rene. „Iceland: Geyser crisis.“ Danske Bank (21. mars 2006). Sótt 5. mars 2011 á:
<http://www.mbl.is/media/98/398.pdf>
- Vilhjálmur Árnason. *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan, 2003.
- Vilhjálmur Árnason. *Þættir úr sögu siðfræðinnar*. Reykjavík: Háskóli Íslands, 1990.
- Vinnuhópur um starfshætti og siðferði. „Bindi 8.“ *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010.
- Þorsteinn Gylfason. „Siðferði og samvizka“ *Hvers er siðfræðin megnug?* Ritstj. Jón Á. Kalmansson. Reykjavík: Siðfræðistofnun – Háskólaútgáfan, 1999, 135-143.